

# TÍUNN

FRÉTTABLAÐ RSK • APRÍL 2014





# Svört atvinnustarfsemi

Ríkisskattstjóri hefur undanfarin ár og áratugi haldið úti virku skatteftirliti. Nokkuð misjafnt er eftir árum og aðstæðum í samfélaginu hver verða forgangsverkefni skatteftirlits hverju sinni. Hin síðustu ár hefur skatteftirlit í meginráttum verið tvískipt: Annars vegar eftirlit með aðilum sem eru umsvifamiklir og hins vegar eftirlit með smærri aðilum í því skyni að sporna við dulinni atvinnustarfsemi sem talsvert hefur borið á eftir efnahagsþrengingar sem skulu á seint á árinu 2008. Í samfélaginu hefur verið nokkur umræða um svarta atvinnustarfsemi en því miður er sú tegund undanskota ekki ný af nálinni. Orðræða síðustu ára hefur verið mikil um þetta þjóðfélagsmeið sem hefur raunar löngum þrífist í flestum samfélögum. Það er áhugavert að velta fyrir sér hvað það sé sem kallað hefur verið „svört atvinnustarfsemi“ og hvers vegna hún hefur dafnað í íslensku efnahagslífi.

Í sinni einföldustu mynd felst dulin atvinnustarfsemi í því að viðskipti milli aðila koma ekki til skattlagningar í neinu formi. Af þeim er ekki skilað virðisaukaskatti, ekki ákvörðuð staðgreiðsla af launum þeirra sem við þau starfa né greiddur tekjuskattur eða önnur opinber gjöld. Þetta er starfsemi sem haldið er fyrir utan alla formlega skráningu og ekki er færð til bókar með venjulegum hætti. Starfsemi þessi er þannig dulin fyrir ýmsum yfirvöldum, þar á meðal skattýfirvöldum, en þrífst í skjóli hagsmuna þeirra sem slík viðskipti stunda.

Svört atvinnustarfsemi leiðir til tekjutaps fyrir ríkissjóð og sveitarfélög ef ekki tekst að draga þessa starfsemi fram í dagsljósið og leiða fram þá skattstofna sem undandregnir voru. Því til viðbótar eru útgreiðslur úr bótakerfi almannatrygginga á stundum ofreiknaðar þar sem sömu aðilar taka í mörgum tilvikum við bótum frá ríki og sveitarfélögum samtímis því að vera

í svartri vinnu, þ.e. á launum hjá aðilum sem annað hvort skrá ekki starfsemi sína eða halda hluta hennar utan skattskila. Svört atvinnustarfsemi skekkir auk þess í verulegum mæli alla samkeppnisstöðu þeirra rekstraraðila sem standa skil á sköttum og skyldum gagnvart hinu opinbera og rýrir ábyrgð á þeim verkum sem unnin eru. Þetta er alvarleg meinsemd.

Það er hlutskipti skattýfirvalda og fleiri yfirvalda að berjast gegn þessari háttsemi. Grundvöllur þess er lagaramminn sem yfirvöldum hefur verið settur. Í ljósi þess að umræða um svarta atvinnustarfsemi hefur lengi átt sér stað og ljóst að hún er viðvarandi vandamál þá er eðlilegt að ýmsar spurningar vakni um úrræði og aðgerðir og hvort ástæða sé til að skerpa þar á.

Þegar virðisaukaskattur er ekki innheimtur eða starfsmenn eru ekki á launaskrá eru úrræði frekar takmörkuð. Viðkomandi rekstraraðila eru veitt leiðbeinandi til-mæli um að gerðar verði úrbætur og þess krafist að óskráðir starfsmenn séu settir á launaskrá. Við endurtekin brot á staðgreiðslulögum kann svo að fara að ríkisskattstjóri láti stöðva atvinnurekstur þar til búið er að koma skikki á lögbundnar skyldur rekstraraðilans og skattgreiðslum hefur verið skilað vegna starfsmanna. Þessi heimild var lögfest fyrri hluta ársins 2013 með breytingum á staðgreiðslulögum og hefur sýnt sig að vera árangursrík. Í samtímaeftirliti með virðisaukaskatti skortir á hinn bóginn sambærileg úrræði þegar upp koma annmarkar á tekjuskráningu rekstraraðila. Oft er um minni rekstraraðila að ræða og ekki endilega mjög háar fjárhæðir hjá hverjum og einum. Safnast þó þegar saman kemur. Samstíga eftirlitsúrræði þarf þannig til. Við vissar aðstæður þarf síðan að vísa máli áfram til meðferðar annarra aðila sem getur þá endað með dómsmáli.

## TÍUND

APRÍL 2014 - BLAÐ NR. 65

Útgefandi: Ríkisskattstjóri.

Ábyrgðarmaður: Skúli Eggert Þórðarson.

Framleiðslustjórn og hönnun: Logi Halldórsson.

Umsjón efnis: Inga Hanna Guðmundsdóttir.

Prófarkalestur: Halldór Halldórsson og Halldóra Viðarsdóttir.

© Ríkisskattstjóri

Fjölmiðlum er heimil notkun efnis.

Öll önnur notkun á efni er óheimil nema með leyfi útgefanda.

Forsíðumynd: Frá Ingólfsstræti í Reykjavík, séð til norðurs á árunum 1942 - 1945.

Fyrir miðju er Arnarhóll, Lindargata 1, sitt hvorum megin við húsið sjást hermannaþraggar.

Til vinstri er Sænska frystihúsið.

Ljósmyndari: Sigurhans E. Vignir.



Mikilvægast af öllu er þó að leita leiða til að ná fram viðhorfsbreytingu í samfélaginu, bæði hjá þeim sem selja þjónustu og kannski ekki síður þeim sem kaupa hana. Stöðug fræðsla og leiðbeiningastarf er líklegt til að breyta viðhorfum en það þarf einnig annan hvata til að laga ástandið. Endurgreiðsla á virðisaukaskatti til aðila sem stóðu í endurbótum á eigin húsnæði er gott dæmi um löggjöf sem lagaði ástandið verulega, og að öllum líkindum bættu betri skattskil upp kostnaðinn við endurgreiðslupáttinn.

Þá er ástæða til að huga að ábyrgð forsvarsmanna rekstraraðila og meta hvort ástæða sé til að tengja ábyrgð þeirra sem rekstrinum stjórna við það fyrirkomulag sem þeir kjósa að hafa rekstur sinn í og þeir taki þá afleiðingum af slíku. Lögaðilar í atvinnurekstri bera þá skyldu að halda eftir staðgreiðslu opinberra gjalda af launamönnum og innheimta virðisaukaskatt. Því fylgir ábyrgð sem e.t.v. er ekki nægjanlega rík í gildandi lögum. Staðreyndin er sú að kröfur til þeirra sem stofna fyrirtæki eru ekki sérstaklega miklar. Ugglaustr er einhver hópur sem þannig er trúað fyrir því að innheimta virðisaukaskatt og staðgreiðslu en myndi ekki njóta venjulegrar lánaþyrngreiðslu hjá fjármálafyrirtæki. Það hlýtur að vera athugunarefni hvort þar þurfi ekki að staldra við ef tryggja á betri innheimtu vörsluskatta og sporna við svartri atvinnustarfsemi.

Á síðustu árum hefur eðli viðskipta á Íslandi og greiðslumiðlun gjörbreyst. Atvinnuumhverfið er annað enda einstakar atvinnugreinar vaxið mikið á meðan umfang í öðrum hefur dregist saman. Fjöldi smærri rekstraraðila er nú meiri og viðskipti í gegnum internetið hafa vaxið mikið. Þetta kallar á nýja hugsun í skattframkvæmd, ný vinnubrögð í



**Skúli Eggert Þórðarson**  
ríkisskattstjóri



**Sigurður Jensson**  
sviðsstjóri eftirlitssviðs

skatteftirliti og að öllum líkindum ný úrræði sem myndu veita sterkari viðspyrnu gegn þeirri miklu meinsemd sem svört atvinnustarfsemi er íslensku samfélagi.

Betri úrræði og aukin vitund almennings eru lykillinn að því að ná yfirhöndinni í baráttunni við svarta atvinnustarfsemi. Af hálfu ríkisskattstjóra er sótt til orrustu á hverjum degi í þessu stríði, þar sem reynslan sýnir að ef ólöglegt ástand er látið líðast þá mun það eðli máls samkvæmt versna enn frekar.

Afskiptaleyzi gagnvart skattundanskotum er því ekki valkostur.

## EFNI BLAÐSINS

<b>Breytt skipulag fjármála- og efnahagsráðuneytis .....</b>	<b>4</b>	<b>Skráning félaga 2013 .....</b>	<b>38</b>
<b>Breytingar hjá RSK .....</b>	<b>10</b>	<b>41 fræðslufundur á árinu 2013 .....</b>	<b>40</b>
<b>Álagning virðisaukaskatts 2006 - 2012 .....</b>	<b>16</b>	<b>UTmessen 2014 .....</b>	<b>42</b>
<b>Nýlegar lagabreytingar .....</b>	<b>18</b>	<b>Afkoma atvinnurekstrar á Íslandi 2012 .....</b>	<b>44</b>
<b>Rafræn samskipti .....</b>	<b>21</b>	<b>Fjármálaráðherra Grænlands í heimsókn hjá RSK .....</b>	<b>59</b>
<b>Þróunarverkefni RSK .....</b>	<b>24</b>	<b>Birting úrskurða yfirsattanefndar í Tíund .....</b>	<b>60</b>
<b>Firmaskrá færð til RSK .....</b>	<b>26</b>	<b>Úrskurðir yfirsattanefndar .....</b>	<b>61</b>
<b>Baráttan við svarta atvinnustarfsemi .....</b>	<b>28</b>	<b>Dómareifanir .....</b>	<b>64</b>
<b>Líftími hlutafelaga og annarra lögaðila .....</b>	<b>32</b>	<b>Lokaorðið .....</b>	<b>70</b>
<b>Nýtt þjónustuver RSK tekið til starfa á Akureyri .....</b>	<b>36</b>	<b>Upplýsingatafla .....</b>	<b>72</b>



*Sverrir Jónsson settur skrifstofustjóri rekstrarsviðs og Guðmundur Árnason ráðuneytistjóri.*

# Fjármála- og efnahagsráðuneytið - breytt skipulag -

Þann 1. júní 2013 tók gildi endurbætt skipulag fjármála- og efnahagsráðuneytis þegar Bjarni Benediktsson staðfesti lítillega breytta ákvörðun forvera síns, Katrínar Júlíusdóttur, um nýtt skipulag ráðuneytisins. Með ákvörðunum þeirra lauk rúmlega tveggja ára breytingaferli innan ráðuneytisins.





## Aðdragandi

Aðdraganda breytinganna má rekja til breyttra aðstæðna í efnahags- og ríkisfjármálum frá bankahruni. Auk þess skapaði tilflutningur stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráðinu, sem hófust í tíð fyrri ríkisstjórnar, þörf á endurskoðun innan þess.

Fram að bankahruni hafði skipulag fjármálaráðuneytisins hentað starfsemi þess ágætlega, en skipulagið hafði ekki breyst að ráði frá árinu 1998 ef frá er talin stofnun sérstaks lagasviðs haustið 2009. Eldra skipulag byggði á grunnhlutverki ráðuneytisins, jafnvægi var milli skipulagseininga með tilliti til styrkleika og umfangs verkefna og ábyrgðarsvið voru skýr. Þá tryggði flatt skipurit og stuttar boðleiðir sjálfstæði starfsfólks og skipulagseininga sem og skilvirkni þeirra. Helstu veikleikar eldra skipulags voru að sveigjanleika og samhæfingu skorti og

múrar voru milli skipulagseininga. Breytti staða efnahags- og ríkisfjármála í kjölfar hruns verkefnum ráðuneytisins töluvert. Í kjölfar þess var lagður aukinn þungi á ráðstafanir í ríkisfjármálum, lána- og

”

Allir starfsmenn voru virkjaðir með þátttöku í sjö vinnuhópum sem skipaðir voru til að greina viðfangsefni ráðuneytisins

skuldastýringu ríkissjóðs, fjármálastöðugleika, bankamál og eigendaforsvar sem kallaði allt á breytt vinnulag innan ráðuneytisins. Undirbúningur að breytingum hófst snemma árið 2011 þegar ráðgjafa-


fyrirtækið Stjórnhættir ehf. var fengið til þess að leggja sjálfstætt mat á styrkleika og veikleika í starfsemi og skipulagi fjármálaráðuneytisins. Þegar ljóst var að ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur hygðist breyta verkaskiptingu ráðuneyta var gert hlé á skipulagsbreytingum innan fjármálaráðuneytisins þar til breytingum innan Stjórnarráðsins lyki.

Tillögur þáverandi forsætisráðherra um breytt skipulag Stjórnarráðs Íslands tóku gildi 1. september 2012. Breytingarnar höfðu talsverð áhrif innan fjármálaráðuneytisins. Auk fyrri verkefna var ábyrgð á efnahagsmálum og málefnum Seðlabanka Íslands færð undir stjórn þess. Þá var ráðuneytinu falin umsjón með eignaumsýslu jarðeigna ríkisins og Jarðasjóði. Til að undirstrika mikilvægi breytinganna var frá sama tíma ákveðið að ráðuneytið fengi tvínefnið fjármála- og efnahagsráðuneyti. Vorið 2013 ákvað núverandi ríkisstjórn að málefni fjármálamarkaðarins yrðu jafnframt flutt undir ábyrgðarsvið ráðuneytisins. Þessar breytingar innan Stjórnarráðsins kölluðu einnig á aðrar áherslur í starfsemi fjármála- og efnahagsráðuneytisins, bætt skipulag þess og endurröðun verkefna.

## Þátttaka starfsfólks

Haustið 2012 var þráðurinn tekinn upp að nýju í endurskipulagningu innan fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Allir starfsmenn voru virkjaðir með þátttöku í sjö vinnuhópum sem skipaðir voru til að greina viðfangsefni ráðuneytisins. Í þeim var fjallað um ríkisrekstur, stefnumótun og umbætur, opinber fjármál, tekjur og skatta, fjárlagagerð og framkvæmd fjárlaga, efnahagsmál og hagsýsla auk innri starfshátta ráðuneytisins, rekstrar þess og starfsmannamála. Ákveðið var að ráðuneytisstjóri og skrifstofustjórar tækju ekki

þátt í störfum vinnuhópanna til þess að tryggja óhefta hugmyndavinnu og hlutlausar niðurstöður starfsfólks. Aftur á móti áttu ráðuneytisstjóri og skrifstofustjórar sérstakan samstarfsvettvang sín á



Nýtt skipurit fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

milli. Vinnuhóparnir skiluðu greiningu á verkefnum ráðuneytisins og tillögum um hvað mætti betur fara. Á grundvelli tillagna starfsfólks og skrifstofustjóra og áherslna ráðgjafa, byggði ráðuneytisstjóri fjármála- og efnahagsráðuneytisins tillögur til ráðherra um endanlega útfærslu á skipulagi ráðuneytisins sem ráðherra staðfesti og tók gildi 3. apríl 2013.

”

Lægri fjárveitingar til einstakra stofnana og verkefna hafa kallað á rekstrarhagræðingu og breytt skipulag ríkisrekstursins. Forysta fjármála- og efnahagsráðuneytisins þarf að koma til svo aðgerðir á þessu sviði verði samræmdar og þeim stjórnað með skipulögðum hætti

### Helstu breytingar

Meðal helstu breytinga sem gerðar voru á skipulagi ráðuneytisins má nefna eftirfarandi:

1. Sett var á laggirnar sérstök skrifstofa yfirstjórnar sem annast samræmingu og stefnumótun ráðuneytisins.

2. Skrifstofa stjórnunar og umbóta tók til starfa, sem sinnir rekstrarmálefnum ríkisins, umbótastarfi, eigna- og framkvæmdamálum og stefnumörkun í mannauðs- og kjaramálum ríkisins.

3. Kjara- og mannauðssýsla ríkisins var stofnuð, sem er sérstök eining sem starfar í umboði ráðuneytisins.

4. Skrifstofa efnahagsmála og fjármálamarkaðar varð til við tilflutning umræddra verkefna, fyrst úr efnahags- og viðskiptaráðuneyti og síðar úr atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.

5. Verkefnahópar geta verið starfræktir til lengri og skemmri tíma til að vinna að málefnum sem varða verk- svið fleiri en einnar skipulagseiningar ráðuneytisins.

### Skrifstofa yfirstjórnar

Til þess að efla stefnumótun ráðuneytisins, samræmingu milli skipulagseininga og verkefna og faglegan stuðning við ráðherra og yfirstjórn var ákveðið að koma á fót sérstakri skrifstofu yfirstjórnar. Auk þeirra verkefna annast skrifstofan sértækar og almennar greiningar sem varða málefni ráðuneytisins og fylgist með starfi verkefnahópa sem skipaðir eru þvert á ráðuneytið. Skrifstofan mótar jafnframt stefnu í eignamálum ríkisins, fer með sam- hæfingu á innleiðingu laga um opinber fjármál, annast stefnumótun, áætlana- gerð, samninga og framkvæmd lána- og skuldamála ríkisins. Þá fer skrifstofan með mál er varða ráðherra, undirbúning funda og mál sem varða þingstörf ráðherra.

### Skrifstofa stjórnunar og umbóta

Allt frá hruni hefur fjármála- og efnahagsráðuneytið leitað leiða til að bæta rekstrarumhverfi ríkisstofnana og ríkis- starfsemina alla. Lægri fjárveitingar til einstakra stofnana og verkefna hafa kallað á rekstrarhagræðingu og breytt skipulag ríkisrekstursins. Forysta fjármála- og efnahagsráðuneytisins þarf að koma til svo aðgerðir á þessu sviði verði samræmdar



og þeim stjórnað með skipulögðum hætti. Ákveðið var að gefa stefnumótun, stjórnun og umbótum í ríkisrekstri aukið vægi í skipulagi ráðuneytisins og fella þessi verkefni ráðuneytisins undir eina skrifstofu. Meginverkefni skrifstofunnar urðu til með samlegð fjárreiðu- og eignaskrifstofu og starfsmannaskrifstofu, utan þeirra sem fluttust til skrifstofu yfirstjórnar og Kjara- og mannauðssýslu ríkisins. Fyrir vikið er fjölbreytileiki verkefna skrifstofunnar töluverður. Skrifstofan sinnir rekstrarmálefnum ríkisins, umbótastarfi, eigna- og framkvæmdamálum og stefnumörkun í mannauðs- og kjaramálum. Það felur m.a. í sér fjármálastjórnun og fjárumsýslu, nýsköpun í ríkisrekstri, framkvæmd eigendastefnu hluta- og sameignarfélaganna í ríkiseigu og fyrirsvar þeirra, eignarráð ríkisins í fasteignum og jarðeignum ríkisins, stefnumörkun varðandi mannauðsmál ríkisins og málefni er varða réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna, kjarasamninga og launa- og lífeyrisréttindi ríkisstarfsmanna. Mannauðs- og launa-

mál eru unnin í nánun samstarfi við nýja einingu Kjara- og mannauðssýslu ríkisins.

### **Kjara- og mannauðssýsla ríkisins**

Í Stjórnarráðinu hefur lengi vel verið unnið að því að aðgreina stefnumótandi hlutverk ráðuneyta (stefnumótun, áætlanagerð, lagasetningu, samræmingu o.s.frv.) og rekstur einstakra verkefna á þeirra vegum (innleiðingu, framkvæmd lagaákvæða, rekstur, fræðslustarfsemi, ráðgjöf, þjónustu og eftirlit) með það fyrir sjónum að efla stefnumótun en fela stofnunum rekstrarverkefni. Starfsmannaskrifstofa fjármálaráðuneytisins hafði um árabíl ákveðnu rekstrarlegu hlutverki að gegna sem var breytt við síðustu skipulagsbreytingar. Ákveðið var að koma á fót sérstakri einingu í umboði ráðherra sem sinnir verkefnum á sviði mannauðs- og kjaramála, þ. á m. ráðgjöf og stuðningi við ráðuneyti og ríkisstofnanir vegna mannauðsmála, leiðbeiningum um ákvæði starfsmannalaga og framkvæmd kjarasamninga, fræðslumálum,

málefnum forstöðumanna, starfsþróun og samstarfi við samtök launþega og samtök sveitarfélaga um launa- og kjaramál. Með þessu er kjara- og mannauðssýslu fengið ákveðið þjónustuhlutverk en með stjórnsýslulega stöðu ráðuneytis, þar sem sumar ákvarðanir einingarinnar þarfnast umboðs ráðherra. Kjara- og mannauðssýsla starfar náið með skrifstofu stjórnunar og umbóta um mannauðsmál ríkisins og samninganefnd ríkisins að gerð kjarasamninga.

### **Skrifstofa efnahagsmála og fjármálamarkaðar**

Með tilfærslu efnahagsmála frá efnahags- og viðskiptaráðuneytinu til fjármálaráðuneytisins haustið 2012 og málefnum banka, fjármálamarkaðar og viðskipta til nýs ráðuneytis atvinnuvega, var ráðuneytum í Stjórnarráði Íslands fækkað og efnahags- og viðskiptaráðuneytið heyrði sögunni til. Ákveðið var að setja á fót nýja skrifstofu efnahagsmála í fjármálaráðuneytinu. Þegar núverandi ríkisstjórn tók við vorið



Marianna Jónasdóttir skrifstofustjóri skrifstofu skattamála.



Þórhallur Arason hefur verið skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu frá 1987.

2013 voru gerðar frekari breytingar á skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta og málefni fjármálamarkaðarins flutt frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti til fjármála- og efnahagsráðuneytis. Með staðfestingu Bjarna Benediktssonar um skipulag ráðuneytisins var þessum málum

ráðuneytisins. Þrátt fyrir það hefur reynsla fjármála- og efnahagsráðuneytisins af þátttöku í samstarfi við Seðlabanka Íslands, um lánamál ríkisins, af yfirtöku ríkisins á stærstu viðskiptabönkunum við hrúnið, í samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og helstu aðila um fjármálastöðugleika, svo

á laggirnar eru verkefnahópur um mat á kostnaðaráhrifum stjórnarfrumvarpa, verkefnahópur um langtímaáætlun í ríkisfjármálum og verkefnahópur um lífeyrismál. Verkefnahóparnir munu fá ákveðið sjálfstæði í vinnu sinni og niðurstöðum.

”

## Liður í áherslum yfirstjórnar að auknu samstarfi milli skrifstofa er að koma á fót verkefnahópum um sérstök málefni sem ganga þvert á skrifstofur ráðuneyta og þarfnast náinnar samvinnu

komið fyrir með efnahagsmálum og fékk skrifstofan þá heitið skrifstofa efnahagsmála og fjármálamarkaðar. Efnahagsmál hafa alltaf verið nátengd verkefnum fjármálaráðuneytisins, þar sem ríkisfjármál spila stóran þátt í efnahagsmálum þjóðarinnar og fjármálaráðuneytið hefur um árabíl lagt sjálfstætt mat á þróun efnahagsmála samfara áætlunum í ríkisfjármálum. Málefni fjármálamarkaðarins hafa hins vegar ekki verið eins nátengd starfsemi

dæmi séu nefnd, nýst við móttöku málefna fjármálamarkaðarins frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

### Verkefnahópar um einstök mál

Liður í áherslum yfirstjórnar um aukið samstarf milli skrifstofa er að koma á fót verkefnahópum um sérstök málefni sem ganga þvert á skrifstofur ráðuneyta og þarfnast náinnar samvinnu. Meðal verkefnahópa sem stendur til að koma

### Aðrar skrifstofur ráðuneytisins

Ekki voru gerðar eins miklar breytingar á öðrum skrifstofum ráðuneytisins líkt og þeim sem nefndar eru að framan. Verkefni skrifstofu opinberra fjármála hafa tekið einhverjum breytingum en svipar mjög til gömlu fjárlagaskrifstofunnar. Verkefnum skrifstofu skattamála svipar einnig til verkefna gömlu tekju- og lagaskrifstofunnar og veigaminni breytingar voru gerðar á verkefnum lagasviðs og rekstrarsviðs. Þó eru einhver dæmi um tilflutning verkefna á þessum skrifstofum með tilheyrandi flutningi á starfsfólki.

### Skipurit

Samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðherra um skipulag ráðuneytisins skiptist starfsemi þess nú í fimm skrifstofur og tvö svið: Skrifstofu yfirstjórnar, skrifstofu efnahagsmála og fjármálamarkaðar, skrifstofu opinberra fjármála, skrifstofu skattamála, skrifstofu stjórnunar og umbóta, lögfræðisvið og rekstrarsvið. Eins og fram hefur komið verður Kjara-



og mannauðssýsla starfrækt sérstaklega og mun hún annast ýmis mannauðs- og launamál í umboði ráðherra.

Ráðuneytisstjóri annast samræmingu á starfsemi skrifstofa og sviða og stýrir ráðuneytinu undir yfirstjórn ráðherra.

### Tilflutningur starfsfólks og breytingar á húsnæði

Samhliða breyttri verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins haustið 2012 fluttist starfsemi sem áður tilheyrði iðnaðarráðuneyti af 3. hæð Arnarhvolts og fjármála- og efnahagsráðuneytið fékk allt húsnæðið. Það var í fyrsta sinn í rúmlega 80 ára sögu Arnarhvolts að ein og sama starfsemi var í húsinu öllu. Tækifærið var nýtt og til að undirstrika breytt skipurit fjármála- og efnahagsráðuneytisins vorið 2013 var ákveðið að allir myndu flytjast til innan Arnarhvolts, ráðherra og aðstoðarmenn þar meðtaldir. Til að tryggja nálægð starfsfólks hverrar skrifstofu við hvert annað og tryggja eðlilegt flæði í starfseminni fékk hver skrifstofa úthlutað tilteknu svæði innanhúss. Með þessu móti var tryggt að allt starfsfólk upplifði einhvers konar breytingar með nýju skipulagi.

### Reynslan

Almennt hefur reynslan af nýju skipulagi verið góð. Svo virðist sem þær skrifstofur sem fengu ný verkefni séu farnar að virka í samræmi við þær væntingar sem gerðar voru, þó svo að eðlilegt sé að gefa þeim góðan tíma til að laga starfsemina að settum markmiðum. Aðrar einingar búa að fyrri reynslu og þekkja þær væntingar sem gerðar eru til þeirra. Það er skoðun yfirstjórnar ráðuneytisins að nýtt skipulag endurspegli þau megin viðfangsefni sem ráðuneytinu eru falin samkvæmt forsetaúrskurði um skiptingu stjórnarmálafna og áherslur ráðherra og yfirstjórnar í starfsemi ráðuneytisins.

### Angantýr Einarsson og Sverrir Jónsson

*Efsta mynd:  
Elva Björk Sverrisdóttir upplýsingafulltrúi,  
Björney Inga Björnsdóttir, Valdemar  
Ásbjörnsson og Ása Ögmundsdóttir.*

*Miðjumynd:  
Angantýr Einarsson skrifstofustjóri  
rekstrarsviðs en nú fulltrúi ráðuneytisins í  
sendiráði Íslands í Brussel.*

*Neðsta mynd:  
Svanhildur Hólm Valsdóttir er  
aðstoðarmaður fjármála- og  
efnahagsráðherra.*



# Breytingar hjá RSK

Bjarni Benediktsson fjármála- og efnahagsráðherra og samstarfsmenn hans í ráðuneytinu kynntu starfsmönnum RSK ný verkefni á starfsmannafundi hinn 27. febrúar sl.



*Hugrún Ösp Reynisdóttir er sérfræðingur í fjármála- og efnahagsráðuneytinu á sviði upplýsingatæknimála.*

Bjarni Benediktsson fjármála- og efnahagsráðherra kynnti fyrirhugaðar breytingar á verkefnum ríkisskattstjóra. Þær felast í því að ákveðið hefur verið að embættið verði skráningarstöð rafrænna skilríkja í farsíma nú þegar þeirri nýjung verður gert hærra undir höfði og sífellt ríkari áhersla er lögð á rafræna undirskrift, enda hefur sýnt sig að leyniorð af gamla skólanum veita ekki mikið öryggi. Stærsta viðbótin er þó án efa sú að ríkisskattstjóra verður

falin framkvæmd á og umsjón með höfuðstólsleiðréttingum fasteignaveðlána sem ríkisstjórnin hefur boðað og unnið er að útfærslu á.

Ráðherra taldi góðan sið hjá starfsmönnum RSK að hittast reglulega á starfsmannafundum sem þessum því með því móti kynnast þeir betur og sameiginlegar ráðagerðir um verkefni og vinnubrögð verða skýrari og betri. Hann sagði margar aðrar opinberar stofnanir mega taka RSK sér til fyrir-

myndar hvað þetta varðar og ugglaust á einhverjum fleiri sviðum. Það að mæta á slíka fundi sé upplýsandi og fræðandi fyrir hann og veiti honum skýrari sýn á stöðu mála hjá embættinu. Hann hefur áður ávarpað starfsmannafundi, en til þessa hefur það verið meira í formi kurteisisheimsóknar. Svo var ekki nú því hann færði fréttir um áform sem stjórnvöld hafa í hyggju að hrinda í framkvæmd og munu snerta störf margra.





Bjarni Benediktsson hefur verið fjármála- og efnahagsráðherra frá 23. maí 2013.

Bjarni sagði frá því að í nóvemberlok 2013 hafi hann og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra kynnt áform um skuldaleiðréttingu hjá landsmönnum, þ.e. höfuðstólsbreytingar lána sem tekin voru vegna íbúðakaupa sem er í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um niðurfærslu skulda þegar forsendubrestur hefur orðið. Skuldaleiðréttingin er stórt og umfangsmikið verkefni sem ekki er auðleyst og fyrir stuttu skipaði hann starfshópa sem eiga að annast það. Tryggvi Þór Herbertsson hagfræðingur var fenginn til að vera verkefnastjóri þessa mikilvæga verkefnis, koma því í nauðsynlegan lagabúning og undirbúa framkvæmd þess. Tryggvi Þór og nokkrir starfsmenn fjármála- og efnahagsráðuneytis hafa á undanförunum vikum unnið að þessu viðamikla verkefni með liðsstyrk frá RSK. Verkefnastjórnin hefur einnig verið í viðræðum við fulltrúa fjármála- stofnana og fleiri aðila til að skipuleggja hvernig best verði að hrinda áformunum í framkvæmd.

Fljótlega eftir að undirbúningur hófst þótti ljóst að nauðsynlegt væri að umsóknarferli þeirra sem fara fram á leiðréttingu væri miðlægt og að upplýsingagjöf væri vel fyrir komið ásamt því að persónuvernd væri tryggð og

Málið var rætt við helstu stjórnendur þess og er nú fastmælum bundið að lagt verði til að umsjón höfuðstólsleiðréttingarinnar verði í höndum ríkisskattstjóra í frumvarpi sem lagt verður fram á Alþingi innan fárra vikna.

”

## Fjármála- og efnahagsráðherra færði fréttir um áform sem stjórnvöld hafa í hyggju að hrinda í framkvæmd og munu snerta störf margra

framkvæmdin skilvirk. Þótti þá ráðlegt að fela tilteknum aðila eða stofnun að halda utanum umsóknarferlið. Nokkrar stofnanir komu til greina en að endingu sagði ráðherra að ljóst hefði orðið að heppilegast væri að fela embætti ríkisskattstjóra að annast þetta verkefni.

Ráðherra fór yfir ástæður þess að RSK varð fyrir valinu. Hann sagði fimm ástæður þar helstar og nefndi mannafla embættisins og öfluga faglega þekkingu fyrst til. Tæknileg geta og þekking er til staðar til að leysa verkefnið, en það þarf að vera eins rafrænt og sjálfvirk og frek-



ast er unnt og RSK hefur lengi verið í fararbroddi í rafrænni stjórnýsly. Hjá RSK eru allar framtalsupplýsingar geymdar og því auðveldara en fyrir flesta aðra að sannreyna umsóknir út frá skattframtölum og ganga úr skugga um áreiðanleika umsóknar. Hann sagði RSK hafa á sér gott orð og njóta virðingar og velvilja allrar þjóðarinnar og að lokum hafi RSK náð miklum árangri í störfum sínum enda ljóst að mikill kraftur býr í mannauði stofnunarinnar. Að öllu þessu samanlögðu hafi niðurstaða hans og helstu samstarfsmanna í fjármála- og efnahagsráðuneytinu verið að best væri að fara þess á leit við ríkisskattstjóra að embættið tæki við þessu tímabundna en mikilvæga verkefni.

Höfuðstólsleiðréttingin er gríðarlega mikilvægt mál sem skipta mun sköpum hjá stórum hópi fólks á komandi árum. Ekki er verið að tala um neinar smáfjárhæðir því heildarkostnaður við leiðréttinguna er áætlaður 80 milljarðar króna. Ráðherra sagði eindregna von sína að þessu brýna verkefni væri komið í höfn með farsælum hætti, landsmönnum til heilla.

Þetta var ekki eina nýja verkefnið sem ráðherra kynnti starfsmönnum því ráðuneytið hefur rætt við ríkisskattstjóra um að taka að sér annað brýnt verkefni, þó af öðrum toga. Netöryggi er að verða sífellt ríkari þáttur í daglegri notkun almennings á vefsíðum. Innskráningar á þær þurfa að verða öruggar

og á þann veg að engu sé hætt. Rafræn skilríki eru talin öruggasta leiðin til að efla netöryggið frá því sem verið hefur en þau sækja traust sitt til svokallaðrar Íslandsrótar sem er í eigu fjármála- og efnahagsráðuneytisins sem hefur samið við Auðkenni um sjálfan reksturinn. Útbreiðsla rafrænna skilríkja hefur ekki verið nægjanleg og því þarf að breyta. Fjármálaráðuneytið hefur leitað leiða til að auka útbreiðsluna og telur nauðsynlegt að útgáfa rafrænna skilríkja sé ekki eingöngu í höndum fjármála- fyrirtækja heldur eigi almenningur þess einnig kost að fá slík skilríki hjá opinberum stofnunum og var ákveðið að vandlega íhuguðu máli að fela embætti ríkisskattstjóra aukinn hlut í þessu





Stór mynd:  
Starfsmenn fylgdust með af áhuga. Fremst á myndinni eru Matthildur Magnúsdóttir, Árný S. Jakobsdóttir og Hulda Pálsdóttir en í bakgrunni má m.a. sjá Robert Biglio, Loga Halldórsson, Jóhönnu Þorvaldsdóttur, Ævar Ísberg, Margræti Ríkarðsdóttur, Önnu Maríu Baldvinsdóttur, Friðjón Bjarnason og Sigurð Jóhannesson.

Efsta mynd:  
Kristín Guðjónsdóttir, Sigríður Jónsdóttir og Stefán Skjaldarson frá starfsstöðinni á Akranesi.

Miðjumynd:  
Karólína S. Ingvarsdóttir, Gísli Agnar Bjarnason og Hrefna Björnsdóttir frá starfsstöðinni á Egilsstöðum.

Næsta mynd:  
Júlíus R. Hafsteinsson og Trausti Hermannsson ræða málin í fundarhléi.





Tryggvi Þór Herbertsson og Guðrún Ögmundsdóttir leiða leiðréttingu höfuðstóls lána og ráðstöfun séreignarsparnaðar af hálfu fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

verkefni. Með því móti telur ráðuneytið að útbreiðsla rafrænna skilríkja muni aukast og ríkisskattstjóri verði svokölluð „skráningarstöð“ rafrænna skilríkja. Málið hefur verið í undirbúningi með RSK um nokkurt skeið og nú er farið

Bjarni Benediktsson lauk máli sínu með því að hnykkja á að til embættisins og starfsmanna þess sé nú horft til að leysa mikilvæg aðkallandi mál. Hann sagðist sannfærður um að staðið yrði undir því trausti og byggði þá skoðun sína á þeim

verkefnið fyrir starfsmönnum. Hún lagði áherslu á að mikið traust er lagt á ríkisskattstjóra með því að fela embættinu að vera skráningarstöð, en það verkefni verður á öllum starfsstöðvum þess. Um nákvæmnisverk er að ræða þar sem persónuvernd er gríðarleg og því verða starfsmenn sem að verkefninu koma þjálfaðir sérstaklega til að takast á við það, að lágmarki tveir á hverri starfsstöð. Enn er eitthvað í land með að öll símafyrtæki sem bjóða GSM kort bjóði viðskiptavinum sínum upp á að geta haft auðkenni sitt í kortunum, en slíkt er í vinnslu og stærri fyrirtækin ýmist hafa nú þegar eða vinna að því að taka það upp fyrir sína viðskiptavini.

Um nokkurt skeið hefur legið fyrir að leysa þurfi veflykil RSK af hólmi enda tækniuhverfi breytt og hann barn síns tíma. Með aukinni útbreiðslu rafrænna skilríkja, almennari og auðveldari notkun verður auðkenning einstaklinga öruggari því engin lykilorð verða vistuð í kerfum RSK og rafrænar undirritanir verða mögulegar. Verkefni starfsmanna ríkisskattstjóra verður að

”

## Rafræn skilríki eru talin öruggasta leiðin til að efla netöryggið frá því sem verið hefur en þau sækja traust sitt til svokallaðrar Íslandsrótar

að sjá til lands í þeim efnum, en eingöngu er horft til þess að setja rafræn skilríki í GSM síma. Fjármálaráðuneytið fagnar því sérstaklega að RSK ætli sér að nota þessa lausn í auknum mæli í framtíðinni í samskiptum við viðskiptavinum sína og treysta þar með betri virkni rafrænna skilríkja.

verkum sem embættið hefði þegar tekist á hendur og leyst farsællega.

### Rafræn skilríki í GSM

Hugrún Ösp Reynisdóttir frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu hefur haft yfirumsjón með útgáfu rafrænna skilríkja í GSM síma og kynnti hún



taka á móti fólki, votta gegn framvísun persónuskilríkja hver viðskiptavinurinn er, aðstoða við að skipta um kort í síma ef þörf er á því, undirrita samning um skilríkin og virkja þau.

### Höfuðstólsleiðréttingar

Eins og áður kom fram er Tryggvi Þór Herbertsson verkefnastjóri höfuðstólsleiðréttinga og ráðherra kynnti að ríkisskattstjóra verði falið að sjá um framkvæmdina. Tryggvi Þór fór nánar yfir fyrirliggjandi verkefni því tengd á fundinum en um tímabundið verkefni er að ræða frá 1. maí 2014 til 31. október 2015.

Mikilvægt verður að umsóknir um leiðréttingu höfuðstóls verði einfaldar en uppfylli þó öll þau skilyrði sem þarf. Fyrst og fremst verður þörf á að umsækjandi auðkenni sig með kennitölu, nafni og heimilisfangi auk þess sem hann þarf að samþykka að gagna sé aflað vegna umsóknarinnar frá þriðja aðila. Að sjálfsögðu þarf líka upplýsingar um tölvupóstfang og síma svo umsóknarferlið og úrvinnsla þess gangi sem best og hraðast fyrir sig. Haldið verður utanum verkefnið á sérstakri þjónustusíðu, [leidretting.is](http://leidretting.is), þar sem umsækjendur geta fylgst með stöðu umsóknarinnar og kynnt sér niðurstöðuna þegar hún liggur fyrir.

Þrátt fyrir að ríkisskattstjóri verði framkvæmdaaðili leiðréttinganna er verkefnið á forræði fjármála- og efnahagsráðuneytis sem fer með stjórnskipulega yfirstjórn. Verkefnið fer ekki undir hefðbundið skipulag ríkisskattstjóra heldur verður sérstök eining sem heyrir beint undir ríkisskattstjóra undir stjórn Jarþrúðar Hönnu Jóhannsdóttur lögfræðings. Úrskurðarnefnd vegna kærumála verður ekki á vegum ríkisskattstjóra.

Um viðamiknið verkefni er að ræða og er áformað að manna hana með 12 háskólamenntuðum starfsmönnum í 18 mánuði. Þrátt fyrir að vera ekki undir hefðbundnu skipulagi ríkisskattstjóra munu öll stoðsvið RSK vinna með einingunni auk þess sem stofnaðir verða sérstakir stuðningshópar um lagamál og tæknimál. Einnig er fyrirhugað að þegar minna álag er í einstökum einingum embættisins verði unnt að nýta þann mannafla til aðstoðar auk þess sem aðrir

sérfræðingar innan embættisins verða eftir fongum tiltækir á álagstímum.

### Enginn afsláttur

Í upphafi fundar var tveggja samstarfsmanna minnst sérstaklega sem höfðu látist frá síðasta starfsmannafundi sem haldinn var í desember. Þuríður J. Antonsdóttir og Guðmundur Rúnar

Skúli Eggert Þórðarson fór í lok sameiginlega hluta starfsmannafundarins yfir það sem fram hafði komið. Hann sagði ljóst að þarna væri verið að fela embættinu gríðarlega krefjandi og ágeng verkefni sem kölluðu á mikla vinnu núverandi starfsmanna auk þess sem fleiri yrðu kallaðir til verka. Í því fælist þó gríðarlegt traust og mikil

”

## Haldið verður utanum verkefnið á sérstakri þjónustusíðu, [leidretting.is](http://leidretting.is), þar sem umsækjendur geta fylgst með stöðu umsóknarinnar

Guðmundsson höfðu bæði starfað innan skattkerfisins um árabíl og minnst samstarfsmenn þeirra af hlýhug.

Þessi starfsmannafundur var með eilítið öðru sniði en áður hefur verið. Aðkallandi þótti að starfsmenn stóru framleiðslusviðanna, atvinnurekstrarsviðs og einstaklingssviðs, hittust á sérfundum með fagsviði auk þess sem

tækifæri fyrir embættið. Þau verkefni sem áður voru til staðar eru þar enn og er enginn afsláttur gefinn af þeim þrátt fyrir að þau nýju krefjist mikillar athygli og umönnunar í byrjun. „Nú þurfum við að standa okkur betur en nokkru sinni fyrr“ sagði Skúli Eggert.

IHG



starfsmenn skráasviðs stilltu strengi sína saman á sérfundum. Þessir fundir voru haldnir að sameiginlegum fundum loknum og verða þeim ekki gerð sérstök skil hér.

Guðlaug Guðjónsdóttir, Ásdís Petra Oddsdóttir og Ágústa Ólafsdóttir.

# Álagning virðisaukaskatts

## 2006-2012

Samkvæmt ríkisreikningi fyrir árið 2012 nam hlutfall virðisaukaskatts af heildartekjum ríkissjóðs 27,1% og er hann jafnframt stærsti einstaki tekjustofn ríkisins. Hér á eftir verður í stuttu máli gerð grein fyrir því með hvaða hætti virðisaukaskatti er skilað í ríkissjóð og jafnframt fjallað um það hvernig álagning hans hefur þróast á umliðnum árum.



**Óskar Helgi Albertsson**  
er skrifstofustjóri á  
atvinnurekstrarsviði. Hann hefur  
starfað við skattframkvæmd  
frá árinu 1988.

Virðisaukaskattur er annars vegar innheimtur af viðskiptum innanlands á öllum stigum og skilað í ríkissjóð samkvæmt virðisaukaskattsskýrslum fyrirtækja og hins vegar við greiðslu aðflutningsgjalda til tollyfirvalda af innflutningi á vörum og þjónustu. Samanlagt er um að ræða brúttótekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti en nettó þegar tekið hefur verið tillit til endurgreiðslna af ýmsum toga, einkum til íbúðareigenda og til ríkis, sveitarfélaga og stofnana þeirra.

Skil á virðisaukaskatti af viðskiptum innanlands byggja á því að fyrirtæki innheimta skatt af skattskyldri sölu á vörum og þjónustu, útskatt, og skila í ríkissjóð á gjalddaga hvers tímabils en að frádregnum þeim virðisaukaskatti sem greiddur er af aðföngum til hinnar skattskyldu starfsemi, innskatti, svo sem af ýmsum fjárfestingarvörum. Því er einungis skilað skatti af þeirri verðmætaaukningu sem verður til hjá fyrirtækjum á hverju tímabili og er þaðan komið nafnið á þessari tegund skattheimtu - virðisaukaskattur.

Virðisaukaskattur sem greiddur er við innflutning er að stærstum hluta færður sem innskattur til frádráttar útskatti á virðisaukaskattsskýrslum vegna viðskipta innanlands þar sem um er að ræða greiddan skatt vegna innfluttra aðfanga fyrirtækja, svo sem vörum til endursölu, hráefni til stóriðju og annars iðnaðar og fjárfestingarvörum. Hið sama gildir um útflutningsfyrirtæki sem eru undanþegin skyldu til innheimtu virðisaukaskatts vegna sölu úr landi. Þess vegna eru útflutningsfyrirtæki, svo sem stóriðjufyrirtæki og fiskvinnslufyrirtæki, iðulega með hærri

innskatt en útskatt og fá því umtalsverðar upphæðir endurgreiddar úr ríkissjóði á hverju uppgjörstímabili.


Hafa verður ofangreint í huga þegar skoðuð er álagning virðisaukaskatts síðastliðinna ára og enn fremur er rétt að hafa í huga að álagning virðisaukaskatts af viðskiptum innanlands tekur sífelldum breytingum vegna leiðréttinga á virðisaukaskattsskýrslum svo sem þegar áætlanir eru felldar niður og lagt er á að nýju samkvæmt innsendum skýrslum.

Á mynd 1 er sýnd samanlögð álagning virðisaukaskatts við innflutning og af viðskiptum innanlands fyrir árin 2006-2012 eins og hún var í nóvember sl., þ.e. eftir að fyrir lágu endurákvæðanir samkvæmt skýrslum sem borist höfðu í stað áætlana og vegna leiðréttingarskýrslna sem fylgja skattframtölum frá ári til árs. Endurgreiðslur eru ekki meðtaldar hér og þá hafa fjárhæðir ekki verið framreiknaðar til núvirðis.

Eins og myndin sýnir ber álagning virðisaukaskatts fyrir árið 2009 og síðar glögg merki þess almenna samdráttar sem varð í þjóðfélaginu í kjölfar efnahagserfiðleikanna sem hófust hér síðla árs 2008. Þar af leiðir að lækkun útskatts umfram innskatt frá sama tíma skýrist m.a. að hluta til af afskriftum tapaðra krafna vegna virðisaukaskattsskyldrar sölu sem eru færðar sem neikvæð velta og neikvæður útskattur á virðisaukaskattsskýrslum þess tímabils þegar krafan telst sannanlega töpuð. Einnig er hugsanlegt að fyrirtæki hafi haldið að sér höndum varðandi álagningu með hliðsjón af minni kaupmætti frá hausti 2008. Þá má geta þess að áætlaður



Mynd 1  
**Álagning virðisaukaskatts af innlendum viðskiptum  
 og við innflutning**



virðisaukaskattur á hverju uppgjörstímabili hefur dregist verulega saman í kjölfar aðgerða sem hófust árið 2011 til þess að stemma stigu við áætlunum.


Nánari greining á álagningu virðisaukaskatts umliðinna ára bíður þó betri tíma og getur e.t.v. orðið efni í aðra grein síðar. En hvað sem því líður er þó ljóst að álagning virðisaukaskatts hefur heldur hækkað frá árinu 2009 svo sem sjá má á mynd 1. Samkvæmt ríkisreikningi ársins 2012 og í skýringum með honum hækkuðu nettótekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti, þ.e. að teknu tilliti til endurgreiðslna, um 11 milljarða frá árinu 2011, sem er um 3% að raungildi og skýrist einkum af aukinni eftirspurn innanlands sem er í takt við aukin þjóðarútgjöld á árinu 2012 um 1,9%.

Álagning virðisaukaskatts fyrir það sem af er árinu 2013 gefur vísbendingar um að þessi jákvæða þróun haldi áfram. Mynd 2 sýnir samanlagða álagningu virðisaukaskatts af viðskiptum innanlands og við innflutning fyrir regluleg tveggja mánaða uppgjörstímabil árána 2011-2013 en álagning fyrir ársins 2013 er ekki að fullu lokið þegar þetta er ritað og því eru þessi

tímabil tekin til samanburðar. Að því er varðar álagningu af viðskiptum innanlands er miðað við álagningu eins og hún var á álagningardegi hvers tímabils, þ.e.

að meðtöldum áætlunum og álagi. Þrátt fyrir að verulega hafi dregið úr áætlunum undanfarin ár sýnir myndin glögg hvern stefnir og er óskandi að það gangi eftir.

Mynd 2  
**Heildarálagning virðisaukaskatts  
 janúar - desember 2011-2013**



# Nýlegar lagabreytingar

Í árslok 2013 voru gerðar á Alþingi ýmsar breytingar á skattalögum og öðrum lögum sem þeim tengjast, beint eða óbeint. Verða hér raktar nokkrar þeirra.

## Lög nr. 136/2013, um Orkuveitu Reykjavíkur

Með þessum lögum voru sett ný heildstæð lög um Orkuveitu Reykjavíkur (OR), sem hafði á árinu 2001 orðið að sameignarfélagi þegar Orkuveita Reykjavíkur, Akranesveita, Andakílsárvirkjun og Hitaveita Borgarness voru sameinaðar. Um síðustu áramót voru gerðar breytingar á rekstri OR á þann hátt að rekstri fyrirtækisins var skipt upp í aðskilda þætti og sérleyfisrekstur og samkeppnisrekstur þannig aðskilinn.

Stofnuð voru hliðsett dótturfélög í eigu hlutfélags undir OR sf. Með því móti kemur eftir atvikum til þess að samsköttun þessara félaga verði heimil, en samsköttun hlutfélags og sameignarfélags er óheimil samkvæmt tekjuskattslögum.

Í lögnum er kveðið á um að uppskipting þessi hafi ekki í för með sér skattskyldar tekjur hjá OR og að eignir og skuldir færast á milli á skattalega bókfærðu verði. Skattaleg réttindi og skyldur skiptast milli nýju félaganna í sama hlutfalli og bókfært verð eigna að frádregnum skuldum. Jafnframt verður hlutfélögum sem verða til við uppskiptinguna, og uppfylla skilyrði til samsköttunar, heimilt að nýta rekstrartap fyrri ára ef það stafar frá sömu rekstrarþáttum OR frá því fyrir samsköttun, svo fremi að önnur skilyrði tekjuskattslaga séu uppfyllt.

## Lög nr. 137/2013, um breytingu á lögum um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð ... og lögum um fyrirtækjaskrá

Með þessum lögum var fyrirtækjaskrá RSK fengið það hlutverk frá 1. janúar 2014 að halda skrá yfir sameignarfélög, skrá og afskrá þau í firmaskrá og halda verslanaskrá. Áður höfðu verkefni þessi verið í höndum sýslumannsembættta. Breytingarnar voru unnar í samstarfi atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, innanríkisráðuneytis, fyrirtækjaskrár ríkisskattstjóra og sýslumannsins í Reykjavík fyrir hönd Sýslumannafélags Íslands, og er ætlað að einfalda framkvæmd og samræma reglur um skráningu tiltekinna félaga, sem og að bæta þjónustu opinberra aðila við atvinnulífið.



## Lög nr. 139/2013, um tekjuaðgerðir frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2014 (tekjuskattur einstaklinga, virðisaukaskattur, launatengd gjöld og skattar á fjármálafyrirtæki)

Um er að ræða s.k. bandorm þar sem gerðar voru breytingar á ýmsum skattalögum. Má þar t.d. nefna þær breytingar á tekjuskattslögnum, nr. 90/2003, að frítekjumark barna var hækkað úr 100.745 kr. í 180.000 kr. og frítekjumark vaxtatekna var hækkað úr 100.000 kr. í 125.000 kr., þ.m.t. hjá þeim sem bera hér á landi takmarkaða skattskyldu. Bráðabirgðaákvæði XXXVI og XXXVII um meðferð á tekjufærslu vegna eftirgjafar á skuldum voru framlengd og gilda nú t.o.m. tekjuárinu 2014. Bann við skuldajöfnun barnabóta á móti opinberum gjöldum og meðlögum var einnig framlengt um eitt ár og gildir því einnig á árinu 2014.

Viðmið og fjárhæðir í útreikningi á vaxtabótum verða óbreytt á árinu 2014 nema skerðing vegna tekna sem fer úr 8% í 8,5% af tekjum. Tímabil skerðingar á frádrætti vegna séreignarsparnaðar (2% í stað 4%) var styt og gildir nú til 1. júlí 2014. Jafnframt voru gerðar breytingar á skatthlutföllum sem vikið verður sérstaklega að síðar.

Barnableiur og laust bleiufóður bera nú 7% virðisaukaskatt í stað 25,5% áður. Reglur um endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna leigu/kaupa á hópferðabifreiðum og reglur um 100%





endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna vinnu manna á byggingarstað voru framlengdar til 1. janúar 2015. Þá voru reglur um niðurfellingu virðisaukaskatts (að ákveðnu hámarki) af rafmagns-, vetnis- eða tengiltvinnbifreiðum framlengdar til 31. desember 2014.

Breytingar voru einnig gerðar á lögum um tryggingagjald. Snerust þær að mestu um breytingar á skatthlutföllum og skiptingu gjaldsins. Þannig fór atvinnutryggingagjald úr 2,05% í 1,35%, almennt tryggingagjald úr 5,29% í 5,90% og fæðingarorlofssjóður fær nú 0,65% af gjaldstofni í stað 1,28%. Atvinnutryggingagjald verður 1,45% í staðgreiðslu 2014 og almennt tryggingagjald verður 6,04%. Ábyrgðargjald til Ábyrgðarsjóðs launa verður 0,05% í staðgreiðslu 2014 í stað 0,25%.

Lögum um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki var breytt á þann veg að skattskyldan var útvíkkuð og á nú líka við um fjármálafyrirtæki í slitameðferð, þ.m.t. lögaðila sem héraðsdómur hefur úrskurðað að skuli taka til gjaldþrotaskipta. Skattstofn í þessu tilviki eru heildarskuldir skattskylds aðila umfram 50 milljarða kr. í lok tekjuárs, eins og þær eru tilgreindar í skattframtali fjármálafyrirtækja samkvæmt þeim lögum, eða viðurkenndar kröfur umfram sömu fjárhæð í lok ársins á undan álagningarári. Óheimilt er að fella saman eignir og skuldir innan einstakra liða eða flokka við útreikning á skattstofni. Gjaldhlutfall var einnig hækkað úr 0,041% í 0,376%.

Stofn til fjársýsluskatts er allar tegundir launa hjá fjármálafyrirtækjum, váttryggingafélögum o.fl. og var skatthlutfalli breytt úr 6,75% í 5,5%.

Heimild til að taka út séreignarsparnað var framlengd til 1. janúar 2015 og hámarksfjárhæðinni breytt í 9.000.000 kr. á árinu 2014 (var áður 6.250.000 kr.).

### **Lög nr. 140/2013, um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2014 (verðlagsbreytingar o.fl.)**

Hér er um bandorm að ræða þar sem gerðar voru breytingar á ýmsum lögum.

Kílómetragjald og sérstakt kílómetragjald var hækkað. Sama á við um vörugjald af bensíni og bensíngjald. Þá var kolefnisgjald hækkað sem og sérstakur skattur á selda raforku og heitt vatn, bifreiðagjald, áfengisgjald, tóbaksgjald og gjald á tóbak sem flutt er inn án atvinnuskyns (ferðamenn/farmenn o.fl.).

Eftirlitsgjald vegna opinbers eftirlits með fjármálastarfsemi var lækkað en gjaldskyld eru fjármálafyrirtæki, kauphallir, váttryggingafélög, lífeyrissjóðir o.fl. Gjald sem fjármálafyrirtæki, Íbúðalánasjóður, lífeyrissjóðir og váttryggingafélög greiða til að reka embætti Umboðsmanns skuldara var lækkað. Jafnframt var heimilað að verja hluta af tekjum til að aðstoða við greiðslu á kostnaði einstaklinga v/gjaldþrotaskipta.



Gjald í framkvæmdasjóð aldraðra var hækkað úr 9.604 kr. í 9.911 kr. og ákvæði um það hvernig heimilt er að verja fé úr sjóðnum voru framlengd.

Útvarpsgjald við álagningu 2014 verður 19.400 kr. í stað 18.800 kr. á síðasta ári. Einnig var lögfest að það skyldi nema 17.800 kr. í álagningu 2015 og 16.400 kr. í álagningu 2017.

**Lög nr. 141/2013, um breytingu á tollalögum, nr. 88/2005, lögum um vörugjald, nr. 97/1987, lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, lögum um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, nr. 52/1989, og lögum um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. nr. 29/1993, með síðari breytingum (sektir, greiðslufrestur í tolli, sykurskattur og skilagjald vegna einnota drykkjarumbúða, vörugjald af bílum til útleigu o.fl.)**

Auk breytinga á tollalögum sem varða gjalddaga og greiðslufresti í tolli voru gerðar breytingar á lögum um vörugjöld um endurgreiðslur og gjalddaga. Þá voru gerðar breytingar á virðisaukaskattslögum er varða færslu innskatts á árinu 2014, þótt einungis hluta af gjaldföllum virðisaukaskatti hafi verið skilað.

**Lög nr. 142/2013, um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (afleiðuviðskipti, vatnsveitur og fráveitur, arðsúthlutun til eigenda félaga, millilandasamruni, milliverðlagning, sérstakur fjársýsluskattur, eindagi)**

Gerðar voru grundvallarbreytingar á skattalegri meðferð á hagnaði af afleiðusamningum. Breytingin á við bæði um einstaklinga og lögaðila en hefur mest áhrif á skattskil einstaklinga. Nú er kveðið skýrt á um að allur hagnaður af slíkum viðskiptum teljist vera söluhagnaður óháð undirliggjandi eignum, í stað þess að áður var ávinningurinn talinn til vaxtatekna. Þá er kveðið skýrt á um að erlendir aðilar sem hafa tekjur vegna hagnaðar af afleiðusamningum hér á landi óháð undirliggjandi eignum eru skattskyldir af þeim. Um útreikninga á söluverði og stofnverði afleiðusamninga gilda nú almenn ákvæði um söluhagnað eigna óháð því hver eru undirliggjandi verðmæti.

Felld voru niður öll lagaákvæði sem vörðuðu s.k. arðs/launareglu sem lögfest var í árslok 2009. Fram kom að með þeim breytingum yrði horfið til sama fyrirkomulags og gildi fyrir gildistöku sérreglunnar. Arður sem greiddur yrði út til einstaklinga væri skattskyldur í þeirra hendi sem fjármagnstekjur og einstaklingum sem vinna við eigin atvinnurekstur bæri að reikna sér laun samkvæmt gildandi reglum um reiknað endurgjald. Í almennum athugasemdum með frumvarpi því sem varð að greindum lögum kom fram að „samhliða þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu verður farið í endurskoðun á reglum um reiknað endurgjald“. Einnig var reglum um það hverjum beri að reikna sér endurgjald breytt lítillega. Undir regluna falla allir menn sem starfa við eigin rekstur en jafnframt þeir sem starfa í þágu lögaðila þar sem þeir eru ráðandi aðilar. Ráðandi aðili er sá sem á einn, eða ásamt maka, börnum, systkinum eða öðrum nákomnum ættingjum eða starfandi hluthöfum samtals 50% hlut eða meira í félagi, og hver um sig a.m.k. 5% hlut.

Við 51. gr. tekjuskattslaganna var bætt átta nýjum málsgreinum sem varða reglur sem nú gilda um samruna félaga yfir landamæri. Gilda reglurnar um slit á hlutafélagi með sameiningu við annað hlutafélag á EES svæðinu, aðildarríki stofnsamnings

Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum, ef eigendur fá eingöngu hlutabréf í síðarnefnda félaginu sem gagngjald fyrir bréfin í því félagi sem slitið er. Í frumvarpi að þessu kom fram að greindar breytingar væru lagðar til í því skyni að koma til móts við það álit ESA, dags. 28. nóvember 2012, að íslenskar reglur um skattlagningu við samruna félaga brytu í bága við EES-samninginn. Samhliða þessum breytingum var lögfest að 54. gr. tekjuskattslaganna um takmarkanir á yfirfærslu á rekstrartapi við sameiningu og skiptingu félaga gildi einnig við samruna félaga yfir landamæri ef yfirtökufélag er heimilisfast hér á landi og raunveruleg atvinnustarfsemi hefur verið í yfirtekna félaginu. Tap flyst ekki á milli félaga nema að sannað sé að það hafi verið ónýtanlegt/ekki nýtt áður.

Þá voru lögfestar sérstakar reglur um milliverðlagningu og/eða skilmála í viðskiptum tengdra aðila (Transfer Pricing) með viðbót við 57. gr. tekjuskattslaganna. Í ákvæðinu er skilgreint hvað eru tengdir aðilar og þar eru settar reglur um „skjölnun“. Við mat á verðlagningu og/eða skilmálum í viðskiptum tengdra lögaðila skal leggja til grundvallar armslengdarreglu OECD.

Sú skilgreining er sett fram að þeir lögaðilar teljist tengdir aðilar ef beint eða óbeint eignarhald eins lögaðila yfir öðrum fer yfir 50% og/eða stjórnunarleg yfirráð eru fyrir hendi með öðrum hætti. Þá teljist lögaðilar einnig tengdir þegar meirihluta- eignarhald eins lögaðila yfir öðrum er til staðar samanlagt með beinum og óbeinum hætti.

Með skjölunarskyldu er átt við að skráðar séu og varðveittar upplýsingar um eðli og umfang viðskipta við tengda lögaðila, eðli tengsla og grundvöll ákvörðunar milliverðs, upplýsingar um viðskiptaskilmála, veltu, eignir og annað sem þýðingu kann að hafa við milliverðlagninguna, og sýna fram á verð og skilmála í sambærilegum viðskiptum milli ótengdra aðila eða hvernig verðlagningu er háttáð með tilliti til leiðbeiningarreglna OECD um milliverðlagningu. Skjölunarskyldan er lögð á tengda lögaðila og á hún einnig við um viðskipti sem fara fram milli lögaðila sem eru skráðir hér á landi og fastra starfsstöðva þeirra erlendis og öfugt, og vaknar ef rekstrartekjur lögaðila á einu reikningsári eða heildareignir í upphafi eða við lok reikningsárs nema meira en einum milljarði króna. Lögaðili skal staðfesta skjölunarskyldu við framtalsskil og að fullnægjandi skjölun hafi átt sér stað.

Lögfest var að ekki skuli tekið tillit til samsköttunar og yfirfæranlegs taps við álagningu sérstaks fjársýsluskatts. Þá voru gerðar breytingar á eindaga á greiðslu tekjuskatts eftir álagningu. Hann er nú 30 dögum eftir gjalddaga í stað 15 daga áður.

**Lög nr. 146/2013, um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (skatthlutfall og fjárhæðamörk tekjuskattsstofns)**

Með þessum lögum var tekjuskattshlutfalli einstaklinga í milliþrepi breytt úr 25% í 25,3% frá og með 1. janúar 2014, jafnframt því að efri mörk lægsta tekjuskattsþrepsins voru hækkuð úr 2.760.000 kr. í 3.480.000 kr. Áður höfðu verið gerðar breytingar á skatthlutfalli í milliþrepi með lögum nr. 139/2013 í þá veru að það var lækkað úr 25,8% í 25%. Raunveruleg lækkun varð því aðeins lægri en upphaflega var ákveðið. Kom fram í frumvarpinu sem varð að seinni lögnum að útfærslunni hefði verið breytt í ljósi stöðu í kjaraviðræðum. Jafnframt lýsti ríkisstjórnin því yfir að hún hygðist beita sér fyrir heildarendurskoðun á tekjuskattsferfinu í áföngum með einföldun að markmiði.

EAA



# Rafræn samskipti



**Jóhannes Jónsson**  
er sviðsstjóri skipulagssviðs  
ríkisskattstjóra, en sviðið sér  
um þróunar- og skipulagsmál  
embættisins.

Til að átta sig á þeim miklu breytingum sem átt hafa sér stað er einfaldast að rifja upp framtalsgerð einstaklinga fyrir tíð rafrænna skila. Sjá fyrir sér eldhúsbörðið undirlagt af alls konar pappírnum eins og launamiðum, bankayfirlitum, kaupsamningum, greiðsluyfirlitum lána og álíka augnakonfektí. Reyna að koma öllum þessum upplýsingum í rétta reiti, í réttum köflum framtalsins svo hægt sé að keyra niður á skattstofu til að koma framtalinu inn um bréfálúguna fyrir miðnætti þann 10. febrúar. Berum þessa mynd saman við rafræna framtalið þar sem flest allar upplýsingar eru áritaðar og stór hluti framteljenda þarf ekkert að gera annað en að styðja á „senda“ hnappinn úr iPadinum uppi í rúmi.

Það er út af fyrir sig gaman að rifja upp gamla tíma, bera þá saman við nútímann og berja sér á brjóst hvað allt er

Allt frá lokum síðustu aldar, eða í lok árs 1998 þegar ríkisskattstjóri setti upp upplýsingavefinn rsk.is, hefur embættið unnið mikið í rafrænum lausnum, þ.m.t. í rafrænum samskiptum. Árið 1999 var í fyrsta skipti boðið upp á rafrænt framtal einstaklinga á internetinu. Notkun þess var ekki mikil fyrsta árið en þá var ríflega 19 þúsund framtölum skilað með þeirri aðferð. Til samanburðar voru rafræn framtalsskil á síðasta ári tæplega 265 þúsund eða rétt rúmlega 98% allra einstaklingsframtala.

nú orðið æðislegt. Og það er meira að segja freistandi að halla sér makindalega aftur og segja: „Þetta er nú orðið harla gott hjá okkur“. En um leið og það er gert þá hættir öll framþróun og stöðnun blasir við. Slíkt er ekki á teikniborðinu hjá ríkisskattstjóra. Við getum alltaf gert betur og við eigum að gera betur. Við eigum að nálgast viðskiptavinini okkar þannig að þeir geti ekki aðeins skilað framtali rafrænt heldur þannig að þeir eiga að hlakka til að skila framtalinu sínu. Að samskiptin við ríkisskattstjóra séu eitthvað sem sé einfalt, þægilegt og öruggt.

Við skulum skoða nokkur þróunarverkefni sem unnið er að hjá ríkisskattstjóra sem eiga öll það sammerkt að fela í sér þróun í átt til aukinna rafrænna samskipta.

## Rafræn skilríki í GSM

Þar sem mikið af þeirri þróunarvinnu sem á sér stað þessi misserin hjá ríkisskattstjóra byggir á rafrænum skilríkjum er vert að fjalla um þau í örstuttu máli. Undanfarin ár hefur almenningi verið boðið upp á rafræn skilríki á debetkortum og hefur verið hægt að auðkenna sig t.d. inn á þjónustuvefinn skattur.is sem og inn á netbanka hjá bönkum og sparisjóðum. Með tilkomu snjallsíma og spjaldtölva hefur þetta hins vegar verið nær ófær leið, einfaldlega vegna þess að það er erfitt að tengja kortalesara við slík tæki, svo ekki sé nú talað um að reyna að koma debetkortinu þar inn.

Með rafrænum skilríkjum í GSM síma þarf hins vegar engan aukabúnað. Það þarf ekki einu sinni að hafa sérstakt kort

í veskinu fyrir rafrænu skilríkin þar sem rafrænu skilríkin eru á simkortinu sem er inni í GSM símanum eða spjaldtölvunni. Fyrirhöfnin er því í algjöru lágmarki. En hvernig virka rafræn skilríki í GSM? Það er alveg lygilega einfalt að nota rafrænu skilríkin en sjá má hvernig skal skrá sig inn á þjónustuvefinn skattur.is með rafrænum skilríkjum á GSM á skýringarmynd á næstu síðu.

Í janúarmánuði sl. varð ríkisskattstjóri fyrstur opinberra stofnana til að bjóða upp á auðkenningu með rafrænum skilríkjum í GSM. Slík þjónusta stendur þeim til boða sem eru komnir með rafræn skilríki í GSM símann sinn og vilja skrá sig inn á þjónustuvefinn skattur.is. Vert er að taka fram að enn sem komið er geta einungis viðskiptavinir Símans fengið rafræn skilríki í GSM síma, en þess verður væntanlega ekki langt að biða að önnur símafyrirtæki fylgi í kjölfarið.

## Rafræn fyrirtækjaskrá

Undanfarna mánuði hefur verið unnið að því hjá ríkisskattstjóra að hanna og smíða vefkerfi þar sem hægt er að stofna félag með rafrænum hætti af þjónustusíðunni skattur.is. Kerfið byggir á því að notast sé við rafræn skilríki, bæði til auðkenningar inn á þjónustusíðuna en ekki síður til að undirrita öll skjöl vegna stofnunar á félagi og, eftir atvikum, til að gera breytingar á félaginu.

Í dag þarf að skila miklu magni af alls konar skjölum á pappír til fyrirtækjaskrár ríkisskattstjóra. Skjöl sem jafnvel margir aðilar þurfa að undirrita. Með til-

## Innskráning á þjónustusíðu með rafrænum skilríkjum í GSM



1. Þú slærð inn GSM númerið þitt.



2. Þú færð skilaboð í símann um að þú sért að skrá þig inn. Þú velur Já, innskrá.



3. Þú slærð inn 4-8 stafa pin-númer.

komu nýja kerfisins geta viðskiptavinir ríkisskattstjóra stofnað félag þótt þeir séu staddir á mismunandi stöðum á landinu, jafnvel í mismunandi heimsálfum.

Öll samskipti viðskiptavina við ríkisskattstjóra verða rafræn, hvort heldur er við stofnun eða breytingar á félagi. Og öll samskipti ríkisskattstjóra við viðskiptavini embættisins verða jafnframt rafræn. Af þessu mun verða mikill sparnaður, ekki endilega reiknaður í tíma eða pappír, heldur sparnaður sem snýr að gæðum þeirra upplýsinga sem streyma inn í kerfið, en það mun gera ákveðnar kröfur til þess sem skráð er. Upplýsingarnar verða því bæði réttari og nákvæmari og fyrir vikið þarf ríkisskattstjóri í mun minna mæli að hafa samband við viðskiptavini vegna ónógra gagna eða ónákvæmra upplýsinga.

### Nýtt framtal einstaklinga

Í gegnum skattframtalið eiga sér líklega stað ein mestu samskipti sem ríkisskattstjóri og einstaklingar eiga sín í milli á hverju ári. Ríkisskattstjóri birtir einstaklingum áritaðar upplýsingar um tekjur, eignir og skuldir og einstaklingarnir ýmist bæta við upplýsingum, gera breytingar eða gera engar breytingar og láta síðan ríkisskattstjóra vita að framtalið sé rétt með því að staðfesta það.

Líkt og kom fram eru rafræn framtals-skil einstaklinga utan rekstrar ríflega 98%.

Það vantar því ekki mikið uppá að ná 100% í þessum rafrænu samskiptum. En rafræn samskipti ganga ekki einungis út á að ná öllum þar inn heldur líka að gera þau samskipti einfaldari og markvissari.

”

Í janúarmánuði sl. varð ríkisskattstjóri fyrstur opinberra stofnana til að bjóða upp á auðkenningu með rafrænum skilríkjum í GSM

Í dag er boðið upp á tvenns konar rafræn framtöl. Annars vegar stóra hefðbundna framtalið með sínum gamalkunnu fylgiskjölum. Það framtal, þótt rafrænt sé, byggir á pappírframtalinu og öllum fylgiskjölum þess sem eru einnig á pappír. Hins vegar er boðið upp á svokallað einfaldað framtal fyrir þá sem uppfylla ákveðin skilyrði (eru t.a.m. ekki að kaupa og selja hlutabréf og fasteignir) og hefur það verið í notkun undanfarnir fjögur ár. Það framtal var hannað til að auðvelda þeim fjölmörgu skilin sem þurfa engu að breyta eða bæta við framtal sitt.

Boði fyrir einstaklinga þá er það líka flókið og ruglandi fyrir viðskiptavini ríkisskattstjóra. Einstaklingur sem hefur t.d. sent inn einfaldað skattframtal í nokkur ár og fær síðan stóra framtalið þar sem hann keypti sér íbúð á síðasta ári skilur líklega lítið í því af hverju framtalið er orðið svona stórt og flókið.

Í gangi er þróunarvinna við gerð á nýju rafrænu skattframtali einstaklinga, þ.e. þeirra sem ekki stunda atvinnurekstur. Því framtali er ætlað að þjóna öllum einstaklingum utan rekstrar óháð því hvort þeir þurfa að bæta einhverjum upplýs-




*Snjallvefurinn rsk.is hentar vel til notkunar í farsínum og spjaldtölvum.*

ingum við framtalið eða gera einhverjar breytingar á því. Hér er í raun verið að þróa rafræn samskipti við einstaklinga þannig að þau verði einfaldari en verið hefur. Án þess að gefa of mikið upp má þó segja að í hinu nýja skattframtali er gengið út frá því að engin fylgiskjöl séu með framtalinu, skyldar upplýsingar séu flokkaðar saman á rökréttari hátt en er í dag, aðgengi að hjálp verði með beinum rafrænum hætti, framsetningin öll þannig að auðvelt verði að telja fram með spjaldtölvu og samanburður framtals við fyrri ár verði með einföldu og aðgengilegu sniði. Miðað er við að nýtt rafrænt framtal verði tekið í notkun árið 2016. Stærsta breytingin er þó líklega sú að frá og með því ári verður framtalið ekki til á pappír. Það verður hvorki hægt að nálgast það á pappír né skila því inn á því formi.

### Rafrænar leiðréttingar á framtali

Nátengt nýju skattframtali einstaklinga eru leiðréttingar á því, en árlega eru sendar inn til ríkisskattstjóra fleiri þúsundir leiðréttingarbeiðna, bæði fyrir og eftir álagningu. Í dag geta viðskiptavinir sent inn beiðni um leiðréttingu á framtali með rafrænum hætti. Það fer þannig fram að einstaklingur skráir inn texta í tiltekinn glugga á þjónustusiðunni og tilgreinir þar hverju hann vilji breyta. Jafnframt velur hann tilefni breytingarinnar úr fellilista. Þetta fyrirkomulag felur í sér að einstaklingurinn skrifar frjálsan texta sem stundum getur verið óljós eða ónákvæmur og kallar það þá á samskipti ríkisskattstjóra við viðkomandi til að fá nánari skýringar á leiðréttingarbeiðninni.

Í nýju skattframtali er gert ráð fyrir því að einstaklingur sem vill gera breytingu á framtali sínu geti einfaldlega opnað framtalið sitt, hvort heldur er fyrir eða eftir álagningu, og framkvæmt breytingarnar sjálfur. Með því móti fer ekki á milli mála, í flestum tilvikum í það minnsta, hvað verið er að biðja um. Með þessu er einstaklingum einfaldað til muna að koma beiðni um breytingar á framtali til skila. Hér skiptir höfuðmáli að rafræn samskipti einstaklinga og ríkisskattstjóra séu einföld og auðskiljanleg.



### Skattkortíð

Skattkortíð var fundið upp fyrir hátt í 30 árum síðan og var góð lausn á þeim tíma. Í stuttu máli veitir skattkortíð rétt til persónuafsláttar sem draga má frá staðgreiðslu skatta við launaútreikning. Þeir sem eru 16 ára eða eldri og eru með lögheimili á Íslandi fá skattkort. Skattkortíð afhendir einstaklingurinn launagreiðanda sínum sem geymir kortið þann tíma sem einstaklingurinn vinnur hjá honum.

Staðan í dag er sú að gefin eru út um 30-40 þúsund skattkort á hverju ári og ríflega 22% þeirra sem koma í afgreiðslur ríkisskattstjóra koma til að fá nýtt skattkort eða fá því breytt (hlutfallað). Þetta eru töluvert mikil samskipti og þau eru nær aldrei rafræn. Þessu vill ríkisskattstjórn breyta, enda er óhagræði af þessu fyrirkomulagi bæði fyrir embættið og ekki síður fyrir þá fjölmörgu einstaklinga sem þurfa að koma til ríkisskattstjóra vegna skattkortanna.

Ríkisskattstjórn hefur í hyggju að hætta með skattkortin í núverandi mynd á

næstu árum. Í staðinn geti einstaklingar nálgast upplýsingar um persónuafslátt sinn á þjónustusiðunni skattur.is og sent þær til launagreiðanda síns ef þörf er á. Ríkisskattstjórn myndi fylgjast með of- eða vannýtingu á persónuafslætti og láta viðkomandi einstakling eða, eftir atvikum, launagreiðanda vita með rafrænum hætti. Með því móti yrðu samskipti milli ríkisskattstjóra og einstaklinga vegna skattkorta aldrei vegna útgáfu skattkorta og hlutfallsskiptingar þeirra, heldur einungis ef stefnir í of- eða vannýtingu á persónuafslætti. Einstaklingar hefðu aðgang að upplýsingum um stöðu persónuafsláttar frá mánuði til mánaðar en ríkisskattstjórn myndi birta gögnin á þjónustuvef viðkomandi einstaklings.

Af framangreindri umfjöllun má sjá að ýmislegt er í þágu þess ríkisskattstjóra þegar kemur að rafrænum samskiptum við viðskiptavini og ljóst að miklar breytingar munu eiga sér stað á næstu árum.



Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir kynnr niðurstöður vinnuhóps um nýtt virðisaukaskattskerfi.

# Þróunarverkefni RSK

**Fyrir liggur að á næstu misserum munu miklar nýjungar verða kynntar á sviði rafræna samskipta ríkisskattstjóra við viðskiptavinum sína sem og tækniframfarir fyrir innviði embættisins.**

Í lok janúar sl. lögðust sviðsstjórar og skrifstofustjórar ríkisskattstjóra í sameiginlega hugmyndavinnu og skipulagningu þróunarverkefna sem ljóst er að fara þarf í í bráð og lengd. Byrjað var á hefðbundnum fundi framkvæmdastjórnar en að honum loknum fjölgaði fundarmönnum og var þar um að ræða starfsmenn sem vinna að tæknilegum lausnum þeirra verkefna sem um ræðir og munu bera hitann og þungann af innleiðingu tæknilegra nýjunga.

Fundarmönnum var skipt í smærri hópa sem unnu að hugmyndum og útfærslu afmarkaðra verkefna. Má þar sem dæmi nefna rafræna fyrirtækjaskrá, rafrænar kærur og erindi, framtíðarframtalið og skattkort. Verkefnin eru misjafnlega langt komin í útfærslu og þróun en þessi vinna var veigamikil skref í því ferli. Sú nýbreytni að hafa tæknimenn með í hópavinnu mæltist mjög vel fyrir og munu þeir búa að því að þekkja grunn hugmyndanna þegar kemur að endanlegri útfærslu þeirra.



Allir starfshóparnir gerðu grein fyrir þeirri vinnu sem þeir höfðu innt af hendi í lok fundarins og kynntu hugmyndir og útfærslur fyrir öðrum þeim sem hann sátu. Þær niðurstöður voru svo grunnurinn að kynningu þróunarverkefnanna sem helst eru á döfinni fyrir öllum

starfsmönnum ríkisskattstjóra á stórum starfsmannafundi sem haldinn var 27. febrúar sl.

Það er ljóst að mikil vinna er framundan við að fullvinna og koma áformum sem að undanfögnu hafa verið til at-  
hugunar frá hugmyndastigi að raunverulegri framkvæmd.



*Ingvar J. Rögnvaldsson og Guðrún Jenný Jónsdóttir.*



*Friðjón Bjarnason og Einar Valur Kristinsson voru í hópi þeirra tæknimanna sem tók þátt í stórum hluta fundarins.*



*Rósa Helga Ingólfssdóttir, Hanna Björnsdóttir, Jónína B. Jónsdóttir og Jens Þór Svansson.*



# Firmaskrá færð til RSK



**Skúli Jónsson**  
er sviðsstjóri skráasviðs  
ríkisskattstjóra.

**Skömmu fyrir síðustu jóla samþykkti Alþingi lög sem fólu í sér flutning firmaskrár frá sýslumannsembættum landsins til fyrirtækjaskrár ríkisskattstjóra. Tóku lögin gildi 1. janúar 2014. Með því var meira en aldagamalli skipan þessara mála breytt en með lögum frá árinu 1903 var sýslumönnum falið að halda firmaskrár hver í sínu umdæmi og hefur svo verið síðustu 110 árin.**

Í firmaskrá eru skráð sameignarfélög, samlagsfélög og einstaklingar í atvinnurekstri. Fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra skráir hins vegar öll önnur félagaform þeirra sem stunda atvinnurekstur, svo sem einkahlutafélög, hlutafélög og samvinnufélög. Með hinni nýju tilhögun verður því allur atvinnurekstur skráður á einum stað í heildarskrá fyrir allt landið.

## **Eldra fyrirkomulag**

Fram að þessari breytingu var það svo að þegar ný félög voru skráð í firmaskrá snéru menn sér til viðkomandi sýslumanns með stofngögn félagsins og fengu félögin skráð þar. Eftir að skráning hafði gengið í gegn þurfti að fá staðfestingu á skráningunni og snúa sér þá til fyrirtækjaskrár RSK og leita eftir skráningu þar til að fá kennitölu fyrir félagið, en


fyrirtækjaskrá er sá opinberi aðili sem gefur út kennitölur til lögaðila. Þá þurfti að snúa sér til hins lögformlega skráningaraðila, þ.e. viðkomandi sýslumannsembættis með tilkynningar á áður skráðum atriðum. Þær upplýsingar sem fyrirtækjaskrá þurfti að uppfæra, t.d. nafn eða heimilisfang, voru yfirleitt teknar upp úr Lögbirtingablaðinu en þó sendu sum embættin afrit af tilkynningum til fyrirtækjaskrár. Fyrirtækjaskrá gaf út staðfestingu á skráningu kennitölu en ef þurfti að fá vottorð með staðfestingu á skráningu félagsins þurfti að snúa sér til þess sýslumannsembættis þar sem félagið var skráð. Eftir að fyrirtækjaskrá tók við firmaskrá er hægt að fá gefið út eitt vottorð um skráningu og er einnig hægt að fá vottorð á ensku sem var ekki hægt hjá sýslumönnum.



Eva Gunnarsdóttir og Svala Stefánsdóttir starfa í afgreiðslu ríkisskattstjóra, meðal annars við verkefni tengd firmaskrá.

Gerður Þóra Björnsdóttir vinnur í skráningardeild skráasviðs.

Þar sem firmaskráin var haldin hjá hverjum sýslumanni í sínu umdæmi voru til margar skrár sem ekki voru á neinn hátt samtengdar. Þetta gat verið mjög bagalegt og leitt til ýmissa óþæginda fyrir viðskiptalífið. Skýrt dæmi um þetta er að fyrir hefur komið að sama nafnið hafi verið skráð á félag í fleiri en einni firmaskrá. Það þýddi að í fyrirtækjaskrá, sem er heildarskrá fyrir allt landið, gat sama nafnið verið á fleiri en einu félagi. Tilvik af þessu tagi ættu að heyra sögunni til með þeirri breytingu sem hér er um fjallað.



## Forsendur breytinga

Aðaltilgangur þess að færa firmaskrá til fyrirtækjaskrár var að einfalda framkvæmd við skráningu atvinnurekstrar og veita viðskiptalífinu betri þjónustu. Unnt er að nýta þá þekkingu og reynslu sem fyrir hendi er í fyrirtækjaskrá sem og tölvukerfi sem þar er notað til að halda utan um skráningu félaga og breytingar á þeim, ásamt því að einfalda almennt

skráningu mismunandi félagaforma. Fyrirtækjaskrá er í dag með mun fullkomnara tölvukerfi en sýslumannsembættin hafa þar sem á einfaldan og öruggan hátt er hægt að kalla fram allar upplýsingar um félög á skrá, útbúa vottorð og veita aðgang að skráðum gögnum. Breytingin felur því í sér hvort tveggja samræmingu á landsvísu og betri þjónustu við atvinnulífið.

## Verkefni framundan

Hjá fyrirtækjaskrá er nú fyrir höndum það verkefni að safna saman öllum gögnum í firmaskrá frá sýslumannsembættunum og koma þeim inn í gagnagrunninn jafnframt því að uppfæra skráningar þar sem þess er þörf. Ljóst er að talsverðan tíma tekur að vinna úr gögnunum þó svo að sérstakt teymi reyndra starfsmanna hafi verið sett í verkefnið. Bæði þarfnast gögnin sjálf yfirlestrar þar sem ekki er alltaf fullt samræmi innbyrðis í tilkynningum og samningum en einnig eru öll gögnin á pappír og því er vinnan við uppfærslu firmaskrár í fyrirtækjaskrá meiri og tafsamari en ætla mátti.

Þrátt fyrir þessi vandkvæði verður þó að telja að löngu tímabært skref hafi verið stigið með sameiningu skráanna til einföldunar og skilvirkni á skráningum félaga í atvinnurekstri. Undir forystu iðnaðar- og viðskiptaráðherra var unnið að þessu máli með samstarfi ráðuneytisins, fyrirtækjaskrár ríkisskattstjóra, sýslumannsins í Reykjavík fyrir hönd Sýslumannafélags Íslands sem og innanríkisráðuneytis. Gjarnan er erfitt að breyta áratuga hefðum en í þessu máli hefur framsýni og yfirvegað mat á því hvernig best væri að skipa málum til hagsbóta fyrir atvinnulífið ráðið för.



Helga Finnbogadóttir og Gerður Ólafsdóttir vinna að því að koma gögnum firmaskrár í rafrænt umhverfi.

# Baráttan við svarta atvinnustarfsemi

## - Sýnilegt eftirlit -



### Ragnhildur D. Þórhallsdóttir

er hópstjóri á eftirlitsviði. Hún hefur unnið við skattframkvæmd í 16 ár, lengst af á virðisaukaskattskrifstofu skattstjórans í Reykjavík en við skatteftirlit frá árinu 2011.

*Sæl(l), við erum fulltrúar ríkisskattstjóra og erum að framkvæma reglulegt eftirlit með rekstri á starfsstöð. Í því felst m.a. að við tökum niður kennitölur allra starfsmanna á starfsstöð, könnum hvort tekjuskráning uppfylli skilyrði laga og reglugerða, könnum skráningu og skil rekstaraðila á staðgreiðslu- og virðisaukaskattsskrá og annað sem kann að koma til skoðunar á vettvangi.*

Einhvern veginn svona er upphaf samskipta sem eiga sér stað þegar samtímaeftirlit er framkvæmt á starfsstöð. Vettvangseftirlit er í vaxandi mæli mikilvægur hluti af því skatteftirliti sem fer fram á vegum RSK. Skatteftirliti er skipt í þrjá meginflokkka, þ.e. eftirlit fyrir álagningu, skatteftirlit eftir álagningu og samtímaeftirlit. Vettvangseftirlit fellur undir hið síðastnefnda, samtímaeftirlit, sem lýtur annarsvegar að stofnskráreftirliti og hins vegar að eftirliti með þeim gjöldum sem falla til innan ársins eða þess árs sem ekki er komið til álagningar, s.s. virðisaukaskatti, staðgreiðslu, tryggingagjaldi og vörugjaldi. Gerð er áætlun um hvaða atvinnugreinum og hvaða atriðum eftirlitsstarfinu skuli beint að á hverju ári.

Samtímaeftirlit er framkvæmt með ýmsum hætti og má nefna að sérstakt eftirlit er með innsendum skilagreinum í virðisaukaskatti og staðgreiðslu allt árið um kring hjá RSK. Eftirlitsheimsóknir beinast sérstaklega að því að finna frávik í rekstri sem ekki koma fram við hefðbundið skatteftirlit. Sem dæmi um frávik má nefna rekstur sem ekki hefur verið tilkynntur inn á virðisaukaskatts- eða launagreiðendaskrá, skilagreinum ekki skilað vegna staðgreiðslu starfsmanna og þegar ekki er stuðst við löglegt tekjuskráningarkerfi. Þótt vissulega sé oft um að ræða sértækt eftirlit sem felst í skoðun á ákveðnum afmörkuðum þáttum skattskila rekstaraðila beinist reglulegt vettvangseftirlit sérstaklega að eftirfarandi þáttum:

- Skilum á staðgreiðslu og launatengdum gjöldum
- Tekjuskráningu
- Virðisaukaskattsskilum

Eftirlitsfulltrúar eru a.m.k. tveir saman og eru með eftirlitsskírteini sem vísa í heimildir ríkisskattstjóra til eftirlits á grundvelli 102. gr., samanber og 94. gr. tekjuskattslaga, 26. gr. staðgreiðslulaga og 38. gr. virðisaukaskattslaga. Þeir eru jafnframt útbúnir fartölvum sem tengja þá beint við kerfi RSK svo hægt er að sannreyna upplýsingar og í auknu mæli bregðast við frávikum og brotum á réttri skattframkvæmd jafnóðum.

Lögð er áhersla á að hlutverk vettvangseftirlits sé jöfnum höndum að kanna réttmæti skattaðila og gegna forvarnar- og leiðbeiningarhlutverki þegar því verður við komið. Það viðhorf eftir-

litsfulltrúa skilar sér í því að almennt er tekið mjög vel á móti þeim og yfirleitt er ánægja með það leiðbeinandi eftirlit sem á sér stað. Sem dæmi má nefna að á síðustu mánuðum hefur verið sérstakt átak í gangi að heimsækja og hafa samband við aðila sem eru nýlega skráðir á virðisaukaskattsskrá og hafa u.þ.b. 40% aðila af þeim lista fengið leiðbeinandi tilmæli sem lúta að einhverjum eða öllum af framangreindum atriðum.

Taka ber eftirlitið alvarlega því málum er fylgt eftir og t.d. eru þeir starfsmenn sem kerfin sýna að séu að þiggja bætur frá Vinnuálastofnun eða Tryggingastofnun ríkisins tilkynntir til viðeigandi aðila.

### Skráning upplýsinga

Niðurstöður vettvangseftirlits eru skráðar með kerfisbundnum hætti og frávíkamælingar gerðar. Upplýsingarnar eru síðan notaðar markvisst til að ná fram tölfræðilegri yfirsýn yfir réttmæti skattskila. Þeim málum þar sem frávikin eru slík að leiðbeinandi tilmæli eða þau úrræði sem unnt er að beita á vettvangi duga ekki til er vísað í viðeigandi farveg hjá öðrum hópum eða sviðum RSK.

Skráð eru frávik vegna staðgreiðslu, tekjuskráningar og virðisaukaskatts. Á tímabilinu júní - desember 2013 var 1.091 fyrirtæki heimsótt og skráðar voru 2.710 kennitölur. Hlutfall mála sem var lokið án athugasemda var 60,4% og hlutfall kennitalna á staðgreiðsluskrá á tímabilinu var 86,6%.

Frávíkamælingar benda sterklega til þess að samræmt vettvangseftirlit á landsvísi muni leiða til bættra skattskila rekstaraðila og eftir atvikum einstaklinga.





Á myndinni má sjá hluta af starfsmönnum eftirlitsviðs RSK. Þorsteinn S. Fransson, Guðrún Osvaldsdóttir, Soffía S. Valgarðsdóttir, Lilja Rún Ágústsdóttir og Ragnhildur D. Þórhallsdóttir.

Það má sjá t.d. af viðbrögðum við leiðbeinandi tilmælum vegna staðgreiðslu á tímabilinu júní - september 2013 en eftir heimsókn RSK í fyrirtæki lækkaði hlutfall einstaklinga sem voru ekki á staðgreiðsluskrá úr 25,5% í 14,3% og skráningar frá september 2013 sýna að hlutfall einstaklinga að störfum sem ekki eru á staðgreiðsluskrá fer smám saman lækkandi.

3. mgr. 29. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, sem fékkst með lagabreytingum sem samþykktar voru á Alþingi þann 28. mars 2013:

*„Jafnframt er ríkisskattstjóra heimilt að láta lögreglu stöðva atvinnurekstur launagreiðanda sem hefur ekki sinnt skyldum sínum skv. 2. mgr. 15. gr. eða 1. mgr. 19. gr. Ekki skal beita þessu úrræði nema eftir ítrekuð tilmæli um úrbætur.“*

greinum er ekki skilað vegna einstakra starfsmanna. Tilmælum er komið skriflega á framfæri og þau ítrekuð áður en til lokunar kemur. Fjöldi fyrirtækja hefur gert úrbætur á grundvelli tilmællanna en tvisvar hefur þurft að stöðva atvinnurekstur til að knýja fram úrbætur.

Öflug úrræði til að þrýsta á úrbætur á vettvangi eru forsenda fyrir virku og árangursríku vettvangseftirliti. Leiðbeinandi tilmæli ásamt skynsamlegri beitingu viðurlaga þarf til að farið sé eftir einföldum og nauðsynlegum leikreglum. Því er ástæða til að ítreka það að lagabreytinga er þörf til að fá aukin úrræði hvað varðar tekjuskráningu og skil á öðrum sköttum og gjöldum en staðgreiðslu í formi sekta og/eða lokunarheimilda.

”

## Eftirlitsheimsóknir beinast sérstaklega að því að finna frávik í rekstri sem ekki koma fram við hefðbundið skatteftirlit

### Lokun starfsstöðva

Sérstök áhersla er lögð á eftirlit með skilum á staðgreiðslu og launatengdum gjöldum. Ný úrræði til að knýja fram úrbætur á því sviði hafa verið notuð með góðum árangri af hálfu RSK. Um er að ræða tilmæli um úrbætur á grundvelli lokunarheimildar

Þessum nýju úrræðum hefur margsinnis verið beitt með góðum árangri. Meginreglan er sú að tilmæli um úrbætur eru lögð fram á vettvangi þegar skilgreinum vegna staðgreiðslu hefur ekki verið skilað í tvö tímabil eða fleiri, fyrirtæki eru ekki skráð á launagreiðendaskrá og ef skila-

### Samstarf við hagsmunaaðila, fagaðila, samtök og skattborgara

Kostirnir við tímabundið sameiginlegt átak hagsmunaaðila sem vinna að sameiginlegu markmiði eru margir og samvinna er kjörinn grundvöllur til að mynda sambönd sem nýtast til að afgreiða málin hratt og örugglega. Má þar sem dæmi nefna samnýtingu kerfa sem hönnuð hafa verið sérstaklega til eftir-



Af fréttamannafundi 14. júní 2011 er Alþýðusamband Íslands, Samtök atvinnulífsins og ríkisskattstjóri kynntu að ákveðið hefði verið að taka höndum saman og ráðast í sérstakt átak til þess að hvetja bæði atvinnurekendur og launafólk til að standa rétt að samningum síni í milli undir yfirskriftinni „Leggur þú þitt af mörkum“. Frá vinstri: Ingvar J. Rögnvaldsson vararíkisskattstjóri, Gylfi Arnbjörnsson forseti ASÍ, Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri og Vilhjálmur Egilsson framkvæmdastjóri SA.

### **Samstarfs við eftirlitsdeildir TR, VMST og velferðarsvið sveitafélaga**

Vettvangshópur RSK vinnur í góðu samstarfi við tengiliði innan þessara stofnana og sendir þeim upplýsingar um aðila sem eru að störfum og þiggja jafnframt bætur skv. fyrirbyggjandi upplýsingum úr staðgreiðsluskrá. Samstarf við þessar stofnanir er sannarlega til hagsbóta fyrir RSK því beiðnir frá þeim um að staðfesta ábendingar um bótaþega í vinnu geta um leið verið ábending um svarta atvinnustarfsemi sem RSK tekur á með viðeigandi hætti, t.d. með því að beita lokunarheimild vegna vanskila á staðgreiðslu.

### **Samvinna við lögregluna**

Unnið er markvisst að því að hafa gott og aukið samstarf við lögregluna. Má þá fyrst nefna lögbundið samstarf þegar RSK fer fram á að lögregla í viðkomandi umdæmi framkvæmi stöðvun atvinnurekstrar á grundvelli staðgreiðslulaga. Einnig er samvinna nauðsynleg varðandi ábendingar og eftirlit með leyfisskyldri starfsemi eins og t.d. innan ferðaþjónustunnar. Óskað er eftir aðstoð og fylgd lögreglu þar sem talið er að æskilegt sé að hafa vernd af lögreglunni og/eða þörf á að hafa hana til að framfylgja því að aðilar veiti RSK þær upplýsingar sem óskað er eftir. Þetta er sérstaklega gott þegar eftirlitið tekur til margra aðila á afmörkuðu svæði eins og t.d. í tengslum við fólksflutninga á ferðmannastöðum eða þegar farið er í kvöldheimsóknir á skemmtistaði eða aðra slíka staði. Þegar RSK er boðið með í vettvangsferðir sem skipulagðar eru af lögreglunni er öruggt að kennitölur sem þar eru teknar niður verði skoðaðar út frá skattalegu sjónamiði.

### **Samstarf við skattborgara**

Eftirlitssvið RSK tekur við fjölda ábendinga á hverju ári um meint röng skattskil. Reynslan sýnir að þær varða oftast en ekki atriði sem best er að sannreyna með vettvangseftirliti eins og t.d. ábendingar um reikningalaus sölu og meinta bótaþega að störfum. Þessar ábendingar og samskipti

lits sbr. skráningarkerfi eftirlitsfulltrúa ASÍ og SA; FINNUR, en RSK, VMST og TR hafa beinan aðgang að kennitölum sem skráðar eru þar niður. Eftirlitsferðir, sem annars kölluðu á margar ferðir, sbr. eftirlit með vinnustaðaskírteinum hjá ASÍ og SA

árið í röð á tímabilinu 4. júní til 31. ágúst 2013. Um var að ræða samstarfsverkefni Alþýðusambands Íslands, Samtaka atvinnulífsins og ríkisskattstjóra um tímabundið átak þessara aðila með heim söknum á vinnustaði til eflingar á góðum

”

**Kostirnir við tímabundið sameiginlegt átak hagsmunaaðila sem vinna að sameiginlegu markmiði eru margir og samvinna er kjörinn grundvöllur til að mynda sambönd sem nýtast til að afgreiða málin hratt og örugglega**

og eftirlit með hinum ýmsu leyfum sem lögreglan veitir eru samnýttar af eftirlitsaðilum. Jafnframt gefur það eftirlitinu sérstakt vægi ef átaki er komið af stað á formlegan hátt t.d. með blaðamannafundi eða fréttatilkynningu. Stefnt er almennt að því að koma í auknum mæli á framfæri upplýsingum um fyrirhugaðar vettvangsferðir RSK og niðurstöður þeirra á heimasíðu embættisins.

### **Leggur þú þitt af mörkum? Samstarf um eflingu góðra atvinnuhátta**

Átaksverkefnið „Leggur þú þitt af mörkum?“ var framkvæmt þriðja sum-

atvinnuháttum. Markmið verkefnisins var sem fyrr að hafa leiðbeinandi eftirlit með skilum á staðgreiðslu, tekjuskráningu, vinnustaðaskírteinum, virðisaukaskattskilum og upplýsa um skyldur smærri og meðalstórra rekstaradila.

Í verkefnavali þetta árið var sérstök áhersla lögð á ferðaþjónustu og aðila tengda henni, en einnig var sjónum beint að bygginga- og verktakastarfsemi sem og starfsstöðvum sem valdar voru af handahófi. Átakið var á landsvísu og voru alls 748 lögaðilar heimsóttir og 1.896 kennitölur skráðar. Skýrsla um átakið og helstu niðurstöður er fyrirbyggjandi hjá aðilum þess.



*Sigurður Jenson fer yfir málin með samstarfsmönnum á eftirlitssviði.*

sýna að skattborgarar og samkeppnisaðilar vilja að allir lúti sömu leikreglunum og leggi sitt af mörkum til samfélagsins. Kaupendur geta með einföldum hætti lagt sitt lóð á vogarskálarnar með því að ganga ávallt eftir þeirri lögbundnu skyldu seljandans að afhenda strimil úr sjóðvél eða frumrit reiknings við sölu á vöru eða þjónustu. Í þessu samhengi er vert að minnast á að afrit úr posa vegna greiðslu með greiðslukorti er ekki sönnun á löglegri tekjuskráningu nema að henni fylgi reikningur eða strimill úr sjóðvél. Þannig getum við aukið líkurnar á því að viðskiptin skili sér til sameiginlegs reksturs í þágu samfélagsins.




### Lokaorð

Samtímaeftirlit í formi vettvangsheimsóknar er mikilvægur þáttur í skatteftirliti RSK hvort sem það starfar sem sjálfstæð eining innan eftirlitssviðs eða sem hluti af sértæku eftirliti annarra hópa innan eftirlitsins. Eftirlitið beinist sérstaklega

að því að finna frávik í rekstri sem ekki koma fram við hefðbundið skatteftirlit, er sýnilegt og gegnir mikilvægu forvarnar- og leiðbeiningarhlutverki. Góð samskipti við fyrirtækin í landinu eru forsenda þess að stöðva undanskot og tryggja rétt skatt-

skil. Kerfisbundin skráning upplýsinga sem teknar eru niður á vettvangi gefur góða mynd af stöðu skattskila t.d. innan atvinnugreina og nýtist til samanburðar og ályktana í skatteftirliti eftir því sem árunum fjölga.



## Kristján Össur Jónasson 1934 - 2014

Kristján Össur Jónasson kom til starfa hjá ríkisskattstjóra á fyrstu árum embættisins. Hann hafði lokið viðskiptafræðinni á árinu 1967 og kom beint frá prófborðinu. Það munaði um hans liðveislur og hann tók strax til hendinni. Starfsárin hans hjá RSK urðu næstum fjörutíu alls og hann lét af störfum sjötugur, þegar hann náði hámarksaldri embættismanna.

Eftir nokkurra ára starf var hann skipaður skrifstofustjóri ríkisskattstjóra og sá þá um fjárhagsmálefni embættisins, gerð fjárhagsáætlana og annaðist allan almennan rekstur embættisins. Þau verkefni sem voru þó lengst á hans könnu voru lögbundið skattmat og hlunnindaákvörðun auk afgreiðslu erinda og að annast ýmis konar annan erindrektur.

Kristján Össur þótti nákvæmur í embættisfærslu sinni, grandvar og íhugull. Hann var húnaristi í sér og hafði gott vald á notkun móðurmálsins, kvæðamaður mikill og hagarðingur. Við sem vorum samstarfsmenn hans fengum ósjaldan sendar stökur eða vísuþrot, þar sem oftast var brosað í kampinn við móttöku slíkra gullkorna. Hann var strangheiðarlegur og hygginn maður sem fór varlega með vald embættismannsins, sanngjarn og leitaðist eftir að greiða götu þeirra sem til hans leituðu. Á stundum gat hann hleypt í brýrnar þegar slíkar aðstæður sköpuðust enda bjó í honum mikið skap, þótt vel væri farið með.

Um skeið á árinu 1982 var Kristján Össur settur ríkisskattstjóri og nokkrum árum síðar var hann einnig settur skattstjóri í Austurlandsumdæmi um hálfis árs skeið. Jafnframt var Kristján Össur setuskattstjóri áratugum saman eða allt til þess tíma er hann lauk starfsævinni.

Samstarfsmenn til margra ára minnast Kristján sem öðlings sem hugsaði um sitt fólk, fjölskyldumannsins með börnin mörgu og spilamannsins sem mundi einstök spil áratugum saman. Honum er þakkað fyrir árin hans hjá RSK.

SEP



# Líftími íslenskra fyrirtækja

Hlutafélög gera fólki kleift að fjárfesta í atvinnulífinu án þess að þurfa að leggja allar eigur sínar að veði því ábyrgðin er takmörkuð við hlutaféð í félaginu. Hlutafélög og markaðir með hlutabréf stuðla þannig að almennri þátttöku í atvinnulífinu.

Sennilega hafa hlutafélög og skipulagðir verðbréfamarkaðir, ekki síður en þróuð fjármálastarfsemi, stuðlað að þeim gríðarlegu þjóðfélagsbreytingum sem hófust á 19. öld og hafa staðið óslitið fram til dagsins í dag. Á þessum tíma hefur fyrirtækið, sem pólitísk og efnahagsleg eining, haslað

sér völl og vaxið innan hvers ríkis en ekki síst á alþjóðlegum vettvangi. Þessi vöxtur hefur oft verið á kostnað hefðbundinna valdastofnana. Efnahagslegur vöxtur og vöxtur fyrirtækja hefur að mestu haldist í hendur, sem og bætt lífskjör almennings. Það er hins vegar ekki á vísan að róa því

fjöldi fyrirtækja er stofnaður á hverju ári og mörg hver ná árangri en tap og taprekstur er hins vegar, ekki síður en hagnaður, þáttur í rekstri fyrirtækja og viðfangsefni fyrir forsvarsmenn þeirra. Fjöldi fyrirtækja er stofnaður á hverju ári og fjöldi fer í þrot.

## Félögum fjölgar

Ýmislegt er áhugavert við félög í landinu síðustu tvo áratugi. Fyrst ber að nefna að skráðum félögum hefur fjölgað mjög mikið. Árið 1992 voru 9.568 tekjuskattskyld félög á skattgrunnskrá en árið 2012 voru þau orðin nær þrefalt fleiri eða 38.190, hafði fjölgað um 28.622 á tímabilinu. Hér er um að ræða öll fjárhagsleg félög: einkahlutafélög, hlutafélög, sameignar-, samlags- og samvinnufélög sem og önnur tekjuskattskyld félög sem skráð eru hjá fyrirtækjaskrá. Á sama tíma fjölgaði einstaklingum á skattgrunnskrá um 65.582 og má því segja að eitt nýtt félag bættist á skrá fyrir hverja tvo einstaklinga, en hér er bara um að ræða hreina aukningu, skráð félög umfram brottfelld.


Margar ástæður eru fyrir mikilli fjölgun félaga á þessum tíma. Einkahlutafélög komu til sögunnar en ekki voru gerðar jafnstrangar kröfur um fjölda hluthafa og hlutafé í þeim eins og í hefðbundnum hlutafélögum. Fjármagnstekjuskattur var tekinn upp og skattur á félög lækkaður

*Höfundur greinarinnar er Páll Kolbeins.*






## Nýskráð og brottfeld hluta-, sameignar- og samlagsfélög




Frá árinu 1992 hafa 47.172 félög verið skráð en á sama tíma hafa 20.833 verið felld af skrá og því er nettó fjölgun um 26.339 á tímabilinu. Tæpur fjórðungur þeirra félaga sem voru skráð á þessu tímabili kom á skrá árið 2009 eða síðar. Hins vegar er um 36,5% þeirra félaga sem felld voru af skrá afskráð árið 2009 eða síðar. Félögum hefur fjölgað um tæp fjögur þúsund á þessum tíma sem eru um 14,9% fjölgunar frá árinu 1992.

## Fjöldi gjaldþrota



Gjaldþrotum hefur fjölgað mikið á síðustu árum en á sama tíma hafa færri ný félög verið skráð. Frá árinu 2007 hafa 6.799 félög verið lýst gjaldþrota og 18.066 ný verið stofnuð. Frá aldamótum og fram til ársins 2006 voru 3.578 félög verið lýst gjaldþrota en 18.971 félag var stofnað. Árið 2011 sker sig nokkuð úr en þá var 1.551 skattskyldt félag lýst gjaldþrota en aðeins 2.067 ný voru stofnuð.

## Skráð félög á hverju ári flokkuð út frá því hvort þau hafa verið lýst gjaldþrota eða slitið



Á hverju ári fækkar í hverjum árgangi fyrirtækja og nú er aðeins um helmingur þeirra 1.568 félaga sem voru skráð árið 1998 enn á skrá. Af þeim hafa 554 verið lýst gjaldþrota og 241 félag afskráð af öðrum ástæðum. Rétt tæplega fjórða hvert félag sem var skráð árið 2008 hefur verið afskráð eða lýst sig gjaldþrota. Rúmlega eitt af hverjum sex félögum sem voru skráð árið 2008 hefur verið lýst gjaldþrota.

og því sáu margir skattalegt hagræði í því að flytja einstaklingsrekstur yfir í hluta-félagaform. Þá var einstaklingum gert kleift að umbreyta einstaklingsrekstri yfir

skattlagður og hins vegar varð auðveldara að fá lánsfé um miðjan fyrsta áratuginn til fjárfestingastarfsemi en eignarhaldsfélög léku, og leika enn, stóran þátt í fjármála-

og önnur felld brott af fyrirtækjaskrá. Á árunum 1992 til ársins 2013 voru 71.545 aðilar skráðir í fyrirtækjaskrá en þar af voru 47.586 einkahlutafélög, hlutafélög, sameignar-, samlags- og samvinnufélög. Á sama árabili voru 20.833 skattskyld félög felld af skrá en 12.079 félög höfðu verið lýst gjaldþrota. Því hafa 8.754 félög verið felld af skrá vegna þess að þeim hefur verið slitið, starfsemi hætt, þau verið tekin yfir eða sameinuð öðrum félögum. Rúmur helmingur þeirra félaga sem hafa verið lýst gjaldþrota á síðustu árum eða 6.169 voru lýst gjaldþrota á árunum 2008 til 2013. Þar af voru 2.642 lýst gjaldþrota árin 2011 og 2012, 1.551 árið 2011 og 1.091 árið 2012.

Þegar félög sem skráð voru árið 1992 og seinna eru skoðuð sést að fremur fátítt er að félög séu lýst gjaldþrota árið sem þau eru skráð, en það hefur þó komið fyrir. Yfirleitt fer u.þ.b. eitt af hverjum hundrað félögum í gjaldþrot strax árið eftir að það var stofnað. Þá fara yfirleitt um 3 – 5% félaga í gjaldþrot á öðru ári og um 6 – 7% félaga fara í gjaldþrot á þriðja ári. Árið

”

Um 70% þeirra félaga sem voru skráð fyrir árið 1995 hafa verið felld brott af fyrirtækjaskrá og um 30% þeirra félaga sem voru skráð árið 2005

í einkahlutafélög án þess að greiða þyrfti söluhagnað við flutning eigna yfir í félagið. Loks má nefna eignarhaldsfélög sem hafa verið sett á laggirnar en fjölgun þeirra var mikil upp úr aldamótunum. Annars vegar var lögum breytt snemma á tíunda áratugnum þannig að unnt var að flytja arð á milli félaga án þess að hann væri

og fjárfestingastarfsemi. Árið 1998 voru 240 eignarhaldsfélög á skrá en árið 2012 voru þau orðin rétt um 3.100 og þá var nær tíunda hvert félag eignarhaldsfélag.

### Lífslíkur nýstofnaðra fyrirtækja

Fjölgun félaga segir ekki ein og sér alla söguna. Á hverju ári eru ný félög skráð



2011 sker sig þó nokkuð úr en um 10,4% félaga sem stofnuð voru árið 2008 fóru í þrot það árið. Á fimmta ári eru 13 – 18% félaga yfirleitt farin í þrot og á tíunda ári hefur um fjórðungur stofnaðra félaga lýst yfir gjaldþroti. Með einföldun má segja að um eitt prósent félaga fari í þrot á fyrsta ári. Á öðru og fram á sjöunda ár fara um 3% félaga í þrot en eftir það dregur nokkuð úr tíðni gjaldþrota. Á 12. og fram á 20. ár fer um 1% í þrot á hverju ári.

Þegar þau 818 félög sem skráð voru árið 1992 eru skoðuð nánar sést að 496 þessara félaga hafa verið brottfeld, eða 60,6%. Af þeim höfðu 326 félög verið lýst gjaldþrota, eða rétt tæplega 40%, en tæplega 40% þeirra félaga sem skráð voru fyrir 22 árum eru enn á skrá.


Afföllin eru mest á fyrstu árunum því flest þeirra fyrirtækja sem lýsa yfir gjaldþroti ná ekki sex ára aldri. Árið 2013 höfðu 13.953 skattskyld félög lýst yfir gjaldþroti einhvern tímann á því tímabili sem skrá hefur verið haldin um þessi mál. Um 3% félaganna lýsti yfir gjaldþroti strax á fyrsta ári og hátt í þriðjungur eða 28,1% hafði lýst yfir gjaldþroti á þriðja ári. Rúmur helmingur þeirra fyrirtækja sem fóru í þrot hafði lýst yfir gjaldþroti fyrir fimmta starfsár og um fimmtungur gjaldþrota félaga hafði náð tíu ára aldri þegar þau fóru í þrot.

## Niðurstöður

Félög eru stofnuð í margvíslegum tilgangi, þó flest til að afla eigendum sínum tekna. Það er ekki nema hluti félaga sem kemst á legg og í stöðugan rekstur og sum hefja jafnvel aldrei starfsemi. Um 70% þeirra félaga sem voru skráð fyrir árið 1995 hafa verið felld brott af fyrirtækjaskrá og um 30% þeirra félaga sem voru skráð árið 2005.


Á hverju ári lýsir fjöldi félaga sig gjaldþrota og mikill kostnaður hlýst af félögum sem eru rekin í þrot: hlutafé og kröfur tapast og skuldir afskrifaðar. Það er viðbúið að þessum félögum haldi áfram að fækka þegar fram líða stundir. Þrátt fyrir að nær fimmta hvert félag sem skráð er fari í þrot á fyrstu sex árunum er engu að síður fjöldi fyrirtækja sem nær árangri og skapar störf og verðmæti fyrir þjóðfélagið. Gengi þeirra félaga sem ná fótfestu byggir ekki á gengi þeirra sem falla. Líkurnar á velgengni byggja á innri jafnt sem ytri þáttum í starfsemi félaganna. Hluti þessara þátta er á valdi aðstandenda þeirra og má ætla að í mörgum tilfellum hefði betur verið heima setið en af stað farið.

## Gjaldþrota félög flokkuð eftir aldri þegar gjaldþroti er lýst yfir



Fátítt er að félög séu lýst gjaldþrota árið sem þau eru stofnuð en það er þó ekki með öllu óþekkt. Í gegnum tíðina hafa um 3,9% félaga verið lýst gjaldþrota á öðru ári, minnst 1,3%, mest 7,3%. Þegar lengra liður frá skráningu hækkar hlutfall gjaldþrota félaga í árganginum. Að jafnaði hefur um fjórðungur félaga verið lýstur gjaldþrota áður en þau ná tíu ára aldri. Þá dregur nokkuð úr gjaldþrotum, enda fækkar í hópi félaganna ár frá ári. Ekki er óalgenget að á 35 – 40% félaga í hverjum árgangi hafi verið lýst gjaldþrota áður en þau ná 20. aldursári.

## Félögum raðað eftir aldri



Tæpur þriðjungur þeirra 13.932 félaga sem hafa lýst sig gjaldþrota gerðu það á fyrstu þremur árum frá skráningu. Um helmingur félaganna var orðinn gjaldþrota á fyrstu fimm árunum og ríflega tveir þriðju höfðu orðið gjaldþrota á fyrstu átta árunum. Algengast er að félög lýsi yfir gjaldþroti á þriðja og fjórða starfsári en það á við hjá um þriðjungu félaga. Um 18% þeirra félaga sem hafa lýst yfir gjaldþroti í gegnum tíðina voru meira en tíu ára gömul.



## Nýtt þjónustuver RSK tekið til starfa á Akureyri

Á haustdögum 2013 var tilkynnt að öll starfsemi þjónustuvers ríkisskattstjóra yrði flutt frá aðalstöðvum embættisins til Norðurlands. Með því móti var starfsmönnum þar fjölgað um fimm, en starfsmenn sem höfðu sinnt verkefninu áður í Reykjavík fluttust yfir í önnur störf. Fram að þessari breytingu höfðu sömu starfsmenn unnið við afgreiðslu í nærþjónustu á Laugavegi 166 og í þjónustuveri til skiptis, en því fyrirkomulagi var breytt og á sama tíma voru tvær ólíkar afgreiðslur sameinaðar í eina. Þjónusta viðskiptavina sem koma í afgreiðsluna á Laugaveginum heyrir nú undir skráasvið, en eftir sem áður aðstoða sérfræðingar úr öðrum einingum við að leysa úr viðameiri eða tímafrekari málum með viðskiptavinum.

Árið 2010 var starfsemi starfsstöðvarinnar á Siglufirði breytt á þann veg að starfsmenn þar störfuðu í þjónustuveri og sinntu því með samstarfsmönnum á höfuðborgarsvæðinu. Ekki var gerð breyting á fyrirkomulaginu á Siglufirði nú nema að því leyti að þeim bættist liðsauki.

Mikil breyting varð á starfsstöðinni á Akureyri þegar stór hluti af símaþjónustu embættisins fluttist þangað. Ráðnir voru fjórir háskólamenntaðir starfsmenn í þjónustuverið til viðbótar við þrjá sem fyrir voru í slíkum störfum en fluttust nú alfarið í þjónustuverið. Þar var því sett á stofn öflug eining sem, ásamt starfsmönnum á Siglufirði, leysir megnið af þeim málum sem borin eru upp símleiðis og ekki er þörf á að vísa áfram til annarra starfsmanna.





*Hluti starfsmanna þjónustuværs á Akureyri: Kristín Hanna Bjarnadóttir, Bylgja Jóhannesdóttir, Sandra Einarsdóttir, Sara Halldórsdóttir og Valdimar Þengilsson.*

Þjálfun nýrra starfsmanna fór fram fyrir lok árs 2013 og fluttist þjónustuverið alfarið norður um áramót. Húsnæði það sem starfsstöðin hafði til afnota á 5. hæð Hafnarstrætis 95 rúmaði ekki þá starfsemi sem bættist við auk þess sem þröngt var um þá sem fyrir voru. Af þeirri ástæðu var ákveðið að taka 6. hæðina einnig á leigu, en hún var nýlega orðin laus og hentaði vel fyrir þjónustuver og aðrar skrifstofur.

Fimmtudaginn 30. janúar sl. var nýtt þjónustuver formlega tekið í notkun. Við það tækifæri var ráðamönnum bæjarins, bæjarbúum og starfsmönnum boðið í kaffi og gert kleift að skoða hina nýju aðstöðu sem er til mikils sóma og hefur Norðlendingum farist verkefnið vel úr hendi.

**IHG**



*Efsta mynd: Gunnlaug Steinunn Árnadóttir við símaþjónustu.*

*Miðjumynd: Ingibjörg Jónsdóttir og Hanna Björnsdóttir sem stýrir starfsstöðinni á Siglufirði.*

*Neðsta mynd: Eiríkur Björn Björgvinsson bæjarstjóri á Akureyri.*

# Skráning félaga 2013


Hjá fyrirtækjaskrá RSK eru skráðir allir þeir aðilar sem þörf er á að hafi kennitölu, aðrir en einstaklingar. Er þar um að ræða bæði félög í atvinnurekstri sem og félagasamtök og lögbundin félög. Skráning í fyrirtækjaskrá er því hin eina lögformlega skráning félaga á landinu.

Á árinu 2013 voru skráð samtals 3.256 ný félög og þar af voru einkahlutafélög langflest, samtals 1.932 eða um 60%. Af öðrum félögum í atvinnurekstri voru samlagsfélög 274 eða 8% af nýskráningum en mun færri félög voru skráð í öðrum rekstrarformum. Af þeim félögum sem ekki stunda atvinnurekstur eru almenn félagasamtök langflest eða 437 og næst koma húsfélög sem voru 176.

Í svokallaða utangarðsskrá sem er utan við hina eiginlegu fyrirtækjaskrá eru skráðir erlendingar aðilar sem þurfa kennitölu vegna bankaviðskipta o.fl. Á árinu 2013 voru 273 slíkir aðilar skráðir sem var ríflega 8% af heildarfjöldanum. Í meðfylgjandi mynd má sjá skiptingu nýskráninga eftir félagaformi.


Af einstökum undirskráum fyrirtækjaskrár er hlutafélagaskráin mikilvægasta skráin sem viðskiptalífið og opinberir aðilar nota. Allmiklar sveiflur hafa verið í skráningu einkahlutafélaga eins og fram kemur á meðfylgjandi súluriti. Stöðug aukning var á skráningu nýrra félaga fram til ársins 2007 þegar skráningar náðu hámarki. Þá dró mjög úr

## Skipting nýskráninga eftir félagaformi





## Fjöldi nýskráðra einkahlutafélaga og samlagsfélaga 2005 - 2013



skráningu nýrra félaga fram til 2010 en síðan hefur verið hægt fjölgun ár frá ári þó enn sé fjöldinn langt frá því sem mest var á árunum fyrir fall bankanna. Þá vekur athygli að fjöldi nýrra samlagsfélaga tók stökk á árinu 2010 þegar 428 slík félög voru skráð en síðan hafa verið skráð í kringum 300 samlagsfélög á hverju ári.

Þó skráð hafi verið tæplega tvö þúsund ný einkahlutafélög á árinu 2013, fjölgaði skráðum félögum einungis um 630 þar sem 1.305 einkafélög voru afskráð. Margvíslegar ástæður geta legið að baki afskráningum. Þar getur m.a.

verið um að ræða gjaldþrot, samruna við önnur félög eða hluthafar ákveða að slíta félaginu.

Auk nýskráninga berast fyrirtækjaskrá árlega um og yfir 7.000 tilkynningar um breytingar á skráningu þeirra félaga sem í skránni eru. Á árinu 2013 voru þessar tilkynningar 6.986 sem var um 4% aukning frá fyrra ári en flestar voru þær 7.773 á árinu 2009.

Nú eru alls um 66.000 félög skráð í fyrirtækjaskrá og þar af eru um 32.000 einkahlutafélög.

SJ



Frá sviðsfundi skráasviðs: Ingunn Ásgeirsdóttir, Gerður Ólafsdóttir, Ólafur Magni Sverrisson, Trausti Bergur Traustason, Skúli Jónsson, Hulda Pálsdóttir og Svala Hilmarsdóttir.

# 41 fræðslufundur á árinu 2013

*Breytt fyrirkomulag fræðslumála*



*Elín Alma Arthursdóttir er sviðsstjóri fagsviðs sem heldur utan um fræðslumál embættisins.*

Eftir sameiningu níu skattstjóraembættis og ríkisskattstjóra í eitt embætti í ársbyrjun 2010 hafa verið haldnir margir starfsmannafundir þar sem allir starfsmenn nýja RSK hafa komið fram með tillögur er lúta að starfinu. Meðal þess sem oft hefur borið á góma í þessari vinnu er að haldnir væru stuttir fræðslufundir frekar en löng námskeið. Við þessum óskum starfsmanna hefur verið brugðist og áhersla í fræðslumálum innanhúss því verið á að halda marga stutta fræðslufundi. Ein megin forsendan fyrir því að þetta hefur verið unnt er að strax á árinu 2010 var fjárfest í öflugum fjarfundarbúnaði. Starfsmenn á öllum starfsstöðvum hafa því getað tekið þátt í fræðslufundum án þess að þurfa að leggja land undir fót með tilheyrandi kostnaði og ferðatíma. Hefur þessi búnaður verið mjög mikið nýttur og gagnast vel.

Á árinu 2013 var haldinn 41 fræðslufundur fyrir starfsmenn sem almennt stóð í 30-70 mínútur. Oftast voru fundirnir opnir öllum starfsmönnum sem áhuga höfðu á viðfangsefninu en stundum var þeim beint að tilteknum hópum starfsmanna. Um kennslu á þessum fræðslufundum sáu starfsmenn á fagsviði auk annarra starfsmanna, t.d. á atvinnurekstrarsviði, einstaklingssviði, skráasviði, tæknisviði, skipulagssviði og sviði alþjóðasamskipta. Flestir fundirnir voru haldnir á Laugavegi 166 og í fjarfundi, en auk þess voru haldnir fræðslufundir á starfsstöðvunum í Hafnarfirði, á Akranesi, Ísafirði, Akureyri og Hellu.

Sem dæmi um efni sem fjallað var um á fræðslufundum má nefna umfjöllun um málsmeðferðarreglur bæði í virðisaukaskatti og tekjuskatti, lagabreytingar sem gerðar voru



2012, reiknað endurgjald og skattmat á tekjuárinu 2013, breytingar á skattframtali 2013, tvísköttunarsamninga, skuldsettar yfirtökur, eftirgjöf skulda í rekstri, regluþrófun og yfirferð skattframtala, barnabætur, vaxtabætur, verkefni fyrirtækjaskrár, alþjóðlega reikningskilastaðla, skattskyldar tekjur auk atriða sem tengjast virðisaukaskattsfrankvæmd og yfirferð á rafrænum skilum á virðisaukaskatti og staðgreiðslu opinberra gjalda.

Til viðbótar við þessa stuttu fræðslufundi var lokið við námskeið í ritun á íslensku sem ætlað var öllum starfsmönnum og hófst á árinu 2012. Haldið var námskeið um kennslutækni í umsjón utanaðkomandi kennara og annað um glærugerð. Voru þessi námskeið ætluð þeim starfsmönnum sem sinna kennslu á fræðslufundum og námskeiðum.

Þá voru í vetur haldnir sérstakir fræðslufundir á Akureyri fyrir nýja starfsmenn í þjónustuveri sem nú er staðsett þar í bæ. Auk fræðslufunda hafa verið haldnar s.k. málstofur/samráðsfundir um tiltekin verkefni í skattfrankvæmdinni, t.d. um handreikning, ívilnanir, staðgreiðslu og rafrænt bókhald. Þá koma saman allir starfsmenn sem fást við þennan hluta skattfrankvæmdarinnar og samræmdu sína

vinnu. Í flestum tilvikum hafa þessir fundir verið haldnir á starfsstöðinni í Reykjavík en þó einnig utan höfuðborgarinnar, t.d. á Egilsstöðum.

RSK er eftir sameininguna stór vinnustaður á íslenskan mælikvarða og starfsstöðvarnar dreifðar. Af þeim sökum þótti rétt að hvert svið í skipulagi embættisins kynnti sín verkefni og störf fyrir öðrum starfsmönnum. Var hafist handa við þessar kynningar síðla árs 2012 og þeim haldið áfram á árinu 2013. Verður þessum kynningum lokið snemma á árinu 2014 og hafa þær því spannað um eitt og hálf ár. Hefur verið gerður góður rómur að þessu starfi og starfsmönnum þótt gott að fá nasasjón af þeim verkefnum sem unnin eru vítt og breitt innan embættisins.

Fulltrúar RSK mæta á hverju ári á ýmis konar fræðslu- og kynningarfundum um skattamál fyrir hópa utan skattkerfisins. Þar á meðal hafa t.d. verið Félag löggiltra endurskoðenda, Félag viðurkenndra bókara, starfsmenn Tollstjóra, starfsmenn Umboðsmanns skuldara, ökuleyfshafar og leigubifreiðastjórar og hluti af starfsmönnum Reykjavíkurborgar. Árlega eru einnig haldin námskeið á vegum RSK fyrir þá sem eru að hefja atvinnurekstur.

**EAA**



Frá fjölmennum fræðslufundi í kennslusal RSK á Laugavegi 166. Fremst má sjá þau Ingibjörgu Þóru Arnarsdóttur, Karl Óskar Magnússon, Jón Á. Tryggvason og Sæmund Guðmundsson.



*Birgitta Arngrímsdóttir og Tina Paic kynntu rafræna þjónustu ríkisskattstjóra á UTmessunni.*

# UTmessan 2014

## - Ríkisskattstjóri kynnti áherslur sínar -

UTmessan, einn stærsti viðburður ársins í tölvugeiranum, var haldin í Hörpu föstudaginn 7. og laugardaginn 8. febrúar sl. Öll helstu tölvu- og tæknifyrirtæki landsins tóku þátt og er tilgangur messunnar ekki síst að kynna upplýsingatæknigeirann fyrir almenningi.



Auðkenni til framtíðar



Rafræn skilríki fást bæði fyrir debeatkort og farsíma og eru auðveld í notkun. Fólk er hvatt til að auðkenna sig inn á vefsíður með rafrænum skilríkjum.

Á föstudeginum var ráðstefna og sýning fyrir tölvufólk. Þá voru haldnar mismunandi „messur“, s.s. stjórnarmessa, forritunarmessa, rekstrarmessa og fjarskiptamessa.

Á laugardeginum var svo sýning og fræðsla fyrir almenning. Þá var boðið upp á fjölbreytta og skemmtilega dagskrá og var aðgangur ókeypis.

Ríkisskattstjóri tók þátt í UTmessunni og var með sérhannaðan bás á besta stað í Hörpu þar sem lögð var áhersla á að kynna rafræna þjónustu embættisins með yfirskriftinni „Nýttu þér netið“. Einnig voru kynnt áform um ýmis þróunarverkefni,

s.s. rafræna fyrirtækjaskrá þar sem hægt verður að stofna fyrirtæki alfarið með rafrænum hætti.

Birgitta Arngrímsdóttir, Kristjana Ingimarsdóttir, Tina Paic og Trausti Bergur Traustason voru fulltrúar ríkisskattstjóra á UTmessunni og svöruðu spurningum áhugasamra gesta um ýmsa kosti rafrænnar þjónustu ríkisskattstjóra. Mikil og góð aðsókn var að bási RSK báða dagana. Kynning á auðkenningu inn á þjónustusiðu RSK með rafrænum skilríkjum í farsíma vakti sérstaka athygli sýningargesta.

JPS



**Rafræn skilríki**  
Auðkenni til framtíðar

# Nýttu þér netið



Rafræn skilríki fást bæði fyrir debeatkort og eru auðveld í notkun. Fólk er hvatt til að auðkenna sig inn á vefsíður með rafrænum skilríkjum.

**RSK** RÍKISSKATTSTJÓRI  
Fagmennska – Samvinna – J

**skattur.is**

## Svo miklu meira en að skila framtali

### Þú getur skilað

- Skattframtali
- Staðgreiðsukatt
- Virðisaukaskatt
- Gislíntaskatt
- Fjármagnstekjuskatt

### Þú getur sótt um

- Skattkort
- Nýjan veflykil
- Framtalsfrest
- Bráðabirgðaréikning
- Endurgreiðslu á virðisaukaskatti

### Þú getur fengið tilkynningu um

- Áætlun á staðgreiðslu og/eða tryggingagjaldi
- Endurgreiðslu á virðisaukaskatti
- Inneign eða skuld í virðisaukaskatti
- Áætlun á virðisaukaskatti
- Skráningu á stofnskrá gislíntaskatts

- Úskurði um skattbreytingu
- Móttökuvittun fyrir skráningu á stofnskrá gislíntaskatts
- Móttökuvittunir fyrir skilum á skattframtali
- Fyrirframgreiðslu barnabóta
- Fyrirframgreiðslu þinggjalda

### Þú getur skoðað

- Skattframtöl fyrri ára
- Álagningaræðlenn
- Staðgreiðsukrána
- Úskutækjaskrá
- Stöðuna hjá innheimtumanni
- Stöðuna hjá Tryggingastofnun
- Fyrirtækjaskrá RSK
- Stöðuna í stjónum félaga

### Þú getur sent inn

- Ársreikning til Ársreikningaskrár
- Viðbótargögn með skattframtali
- Leiðréttingu á skattframtali

**Framtíðin...**

## Rafræn fyrirtækjaskrá

- Rafræn stofnun félags
- RSK býr til stofngögnin
- Rafrænar undirritanir
- Rafræn yfirferð
- Rafrænar breytingar



# Afkoma atvinnurekstrar á Íslandi 2012



**Páll Kolbeins**  
rekstrarhagfræðingur sér um birtingu og vinnslu skattatölfræði á vef ríkisskattstjóra og úrvinnslu tölfræðilegra upplýsinga til birtingar í Tíund.

Frestur lögaðila til að skila skattframtali vegna rekstrarársins 2012 rann út í september sl. Á skattgrunnskrá var 47.281 lögaðili en það er fjölgun um 1.357 á milli ára. Alls voru 38.190 skattskyld félög á skattgrunnskrá og voru einkahlutafélög algengasta félagaformið, 33.188 í álagningu 2013. Hlutafélög voru 744, sameignarfélög sem skráð eru í firmaskrá voru 2.979 og 44 samvinnufélög. Þá var lagt á 68 erlend fyrirtæki með útibú hér á landi.

Skattframtöl rekstraraðila gefa einstaka mynd af rekstri fyrirtækja í landinu. Þó að nokkuð sé liðið frá því að framtalsfrestur rann út eru framtöl enn að berast. Undir lok febrúar sl. höfðu rúmlega 30 þúsund framtöl borist og ættu þau að gefa nokkuð góða mynd af rekstri fyrirtækja árið 2012.

Ýmsar ástæður kunna að vera fyrir því að menn ákveða að stofna fyrirtæki og má ætla að hagnaðarvonin sé aðeins ein af mörgum ástæðum þess að félag er stofnað um rekstur eða fyrirtæki. Í landinu eru fjölmörg óskattskyld félög um ýmis konar áhuga- eða hagsmunamál félagsmanna: líknar- og menningarmál, íþróttir, stjórnmála- og tómstundastarf, atvinnu- og kjaramál. Mörg þessara félaga reka

fyrir augum að skapa atvinnu eða hagnað, þ.e. að tekjur af starfsemi séu hærrí en gjöldin sem féllu til við að afla teknanna og halda þeim við.

Hægt er að leggja peningalega mælikvarða á framleiðslu og sölu fyrirtækja. Slíkur mælikvarði er þó ávallt ófullkominn. Staðtölur veita mönnum takmarkaða sýn á ákveðna hlið veruleikans því að baki talna um tekjur og eignir fyrirtækja í landinu standa tugir þúsunda fyrirtækja og einstaklinga. Markaðsvæðing leiðir til þess að framleiðsla sem var áður til heimabruks er seld og tekjufærð. Ýmis kostnaður og óþægindi sem menn verða fyrir vegna starfsemi fyrirtækja er hins vegar ekki gjaldfærður. Það er ekki alltaf

”

Sala í starfsemi undanþeginni virðisaukaskatti hefur dregist mikið saman á undanföllum árum en á sama tíma hefur velta undanþegin virðisaukaskatti, eða útflutningur, aukist

umfangsmikla starfsemi. Þau eru þó ekki tekjuskattsskyld en þurfa þó að greiða tryggingagjald og skila staðgreiðslu af launum starfsmanna og hverskyns sölu, sem er að sjálfsögðu virðisaukaskattsskyld. Sama gildir um lífeyrissjóði sem eru undanþegnir tekjuskatti. Flest félög eru þó engu að síður stofnuð og rekin með það

sama fólkið sem nýtur ágóðans og ber kostnaðinn. Menn geta því ekki í blindni dregið þá ályktun að með aukinni framleiðslu og aukinni sölu sé þörfum manna betur fullnægt og í kjölfarið hafi almenn velsæld aukist því hafa þarf í huga hverju var til kostnað. Enn er ýmislegt ekki selt á markaði sem fólk nýtur dags daglega



en er því þó mikils virði. Í fullkomnum heimi þar sem menn hefðu fullkomnar upplýsingar væri eflaust hægt að leggja peningalegan mælikvarða á margt sem fólk nýtur og veitir því ánægju en er ekki fært í bókhaldi fyrirtækja. Tekjur og hagnaður í reikningum fyrirtækja eru því ekki einhlítur mælikvarði á lífsgæði.


## Rekstur

Tekjur fyrirtækja byggjast að mestu á sölu á vöru og þjónustu sem er ýmist framleidd í fyrirtækinu eða þá að fyrirtækið miðlar vöru og þjónustu frá framleiðanda til endanlegra neytanda eins og títt er um umboðsmenn eða smásöluverslun. Þá geta fyrirtæki hagnast á sölu eigna. Sem fyrr segir eru fyrirtæki ýmist tekjuskattskyld eða undanþegin tekjuskatti. Þá er starfsemi tekjuskattskyldra félaga ýmist virðisaukaskattskyld eða undanþegin virðisaukaskatti. Almenn falla mennta- og menningarmál sem og ýmis starfsemi sem er iðulega veitt af opinberum aðilum, s.s. heilbrigðis- og félagsþjónusta, pósthjónusta og fólksflutningar, sem og fjármálastarfsemi og váttryggingar, undir síðarnefnda flokkinn. Þeir sem eru í undanþeginni starfsemi geta hins vegar ekki fengið endurgreiddan virðisaukaskatt sem þeir hafa greitt eins og er um fyrirtæki í virðisaukaskattskyldri starfsemi. Veltu fyrirtækja í virðisaukaskattskyldri starfsemi má aftur skipta í virðisaukaskattskylda veltu og veltu sem er undanþegin virðisaukaskatti, en hér er aðallega um útflutning að ræða. Ekki er lagður virðisaukaskattur á útflutning en innflutningur er tollaður og skattlagður.

## Rekstrartekjur


Þróun rekstrartekna fyrirtækja frá því um aldamótin síðustu er um margt athyglisverð. Tekjur jukust mikið að raungildi fram til ársins 2007, eða um 150,4%. Þær lækkuðu svo aftur fram til ársins 2009, um 20,8%, en hafa frá þeim tíma hækkað aftur um 15,7%. Þá vekur athygli að tekjur af undanþeginni starfsemi jukust umtalsvert meira en aðrar tekjur fyrirtækja. Þær voru u.þ.b. 12,8% af rekstrartekjum fyrirtækja árið 2000 en voru 33,7% tekna fyrirtækja árið 2008. Breytinguna má rekja til alþjóðlegrar fjármála- og fjárfestingastarfsemi sem var í örum vexti á þessum tíma. Undanþegin starfsemi hefur dregist saman um 759 milljarða, eða 57,5%, frá árinu 2008.

## Rekstrartekjur



Frá aldamótum og fram til ársins 2007 jókst raunvirði rekstrartekna fyrirtækja um 150,4%. Þær lækkuðu aftur um 20,8% fram til ársins 2009 en hækkuðu síðan um 15,7% fram til ársins 2012 og voru þá um 8,4% lægri en þær höfðu verið árið 2007. Sala í starfsemi undanþeginni virðisaukaskatti hefur dregist mikið saman á undanföllum árum en á sama tíma hefur velta undanþegin virðisaukaskatti, eða útflutningur, aukist. Rekstrartekjur jukust um 480 milljarða á milli áruna 2011 og 2012 en þar af var söluhagnaður og aðrar leiðréttingar um 329 milljarðar, eða 68,4% hækunarinnar.

## Hagnaður og tap af rekstri



Hagnaður fyrirtækja af rekstri jókst umtalsvert frá árinu 2000 fram til ársins 2007, eða um 458,4%. Á sama tíma jókst tap fyrirtækja sem voru rekin með tapi um 195,1%. Þegar bankarnir féllu 2008 var rekstrartap ársins 7.983 milljarðar. Hagnaður dróst saman á sama tíma en síðan þá hefur hagnaður fyrirtækja af rekstri aukist og taprekstur minnkað. Hagnaður hefur aldrei verið meiri en árið 2012 er hann var 90,7% hærri en árið áður og tapið dróst saman um 37%. Hér skiptir endurmat á verðbréfum vafalaust miklu.

Undanþegin velta jókst hins vegar minna en aðrar rekstrartekjur á tímabilinu frá aldamótum fram til ársins 2007, eða um 80,3%, á sama tíma og tekjur af undanþeginni starfsemi jukust um 431,1%. Um þriðjungur aukningar sölu á þessum tíma var vegna undanþeginnar starfsemi en um einn sjötti var vegna undanþeginnar veltu. Það er hins vegar athyglisvert að sjá að tekjur af undanþeginni veltu stórkjóst á milli áráanna 2007 og 2008, um 26,9%, á sama tíma og virðisaukaskattsskyld velta dróst saman um 13%. Tekjur af undanþeginni starfsemi jukust á þessum tíma um 9,9%. Undanþegin velta fyrirtækja sem selja staðlaða vöru á alþjóðlegum markaði



## Nú eru ákveðin teikn um að eftirspurn sé farin að glæðast. Virðisaukaskattsskyld sala var 9,1% meiri árið 2012 en árið áður og er þetta þriðja árið í röð sem virðisaukaskattsskyld sala eykst á milli ára

er, eins og gefur að skilja, mjög viðkvæm fyrir gengisbreytingum.

Velta af undanþeginni starfsemi hefur aukist um 45% frá árinu 2007 en á sama tíma hafa tekjur af virðisaukaskattsskyldri starfsemi dregist saman að raungildi um 16,4% og tekjur af undanþeginni starfsemi um 53,3%. Tekjur af virðisaukaskattsskyldri starfsemi drógust saman um 26% á milli áráanna 2007 og 2009 en hafa síðan hækkað um 13%. Hrun gjaldmiðilsins leiddi til þess að dregið hefur úr eftirspurn innanlands á sama tíma og íslenskar vörur hafa lækkað í verði, sé verðmæti þeirra mælt í erlendum gjaldmiðli. Einstaklingar, fyrirtæki og opinberir aðilar keyptu virðisaukaskattsskylda vöru og þjónustu fyrir 365 milljörðum minna árið 2012 en árið 2007 en seldu hins vegar út vörur og þjónustu fyrir 378 milljörðum meira. Nú eru ákveðin teikn á lofti um að eftirspurn sé farin að glæðast. Virðisaukaskattsskyld sala var 9,1% meiri árið 2012 en árið áður og er þetta þriðja árið í röð sem virðisaukaskattsskyld sala eykst á milli ára. Rekstrartekjur skv. ársreikningi félaga voru 480 milljörðum hærri árið 2012 en árið 2011, sem er hækkan um 13,4% á milli ára. Enn eru framtöl að berast og því gætu þær hækkað enn meira.

Það er rétt að geta þess að endurmat eigna á gangvirðisreikningi, sem var fært niður á sínum tíma, hefur talsverð áhrif á tekjur fyrirtækja þrátt fyrir að ekki sé um innleystar tekjur að ræða. Þegar verðbréf í eigu félaga lækkuðu í verði voru færð niður í reikningum félaganna og sköpuðu þannig tap hjá þeim. Nú hafa þessi bréf hækkað aftur í verði og er hækkanin því tekjufærð hjá þeim félögum sem enn eru starfandi. Leiðréttingar með tilliti til ársreiknings hækkuðu um 445 milljarða á milli áráanna 2011 og 2012 og því ljóst að ekki eru allar tekjur félaga í hendi þótt þær hafi verið skráðar í reikningum þeirra.

Launakostnaður sem hlutfall af rekstrargjöldum hefur farið hækkan á undanförunum árum. Hann var um 20,8% árið 2012, 19% árið 2011 og 17% árið 2010 en meðaltal áráanna 1997 til 2004 var 22,5%. Launakostnaður féll niður í 5,9% árið 2008 og hækkaði síðan í 11,8% árið 2009. Þetta var á þeim tíma sem fjármálakerfið hrundi og miklar fjárhæðir töpuðust. Kaupmáttur þeirra launa sem greidd voru í fyrirtækjum árið 2012, þ.e. launakostnaður að frádregnu mótframlagi í lífeyrissjóð og tryggingagjaldi, var svipaður því sem var árið 2005. Það má reikna með að hann verði hátt í 11,9% hærri en árið 2009 en þá höfðu launagreiðslur lækkað um 185 milljarða, eða 28,1%, frá árinu 2007 þegar launagreiðslur fyrirtækja voru hæstar eða 658 milljarðar. Raunvirði launa landsmanna var um 22 milljörðum meira árið 2012 en árið 2011. Það er því nokkuð ljóst að virðisaukaskattsskyld sala árið 2012 upp á 155 milljarða er ekki öll til komin vegna hærri launagreiðslna.

Þegar rætt er um launakostnað sem hlutfall af rekstrarkostnaði ber að hafa í huga að tap fjármálastofnana og eignarhaldsfélaga var gjaldfært í reikningum slíkra félaga sem sum hver höndluðu með fjármuni sem skiptu hundruðum og þúsundum milljarða. Meðalhlutfall launakostnaðar þarf því ekki að vera dæmigert fyrir einstök fyrirtæki, ekki frekar en hrun fjármálakerfisins var dæmigert fyrir íslenskt efnahagslíf. Rekstrargjöld fyrirtækja lækkuðu um 4,1% á milli ára, eða 131 milljarð, og munar þar mest um ýmis rekstrargjöld og leiðréttingar með tilliti til ársreiknings upp á 169 milljarða.

Ekki er óalgengt að starfsmenn taki til sín um 70 - 80% af arðsköpun félaganna, þ.e. rekstrartekjum að frádregnum rekstrargjöldum að undanskildum launa- og leigukostnaði. Þegar fjármálastarfsemin ruddi sér til rúms lækkaði þetta hlutfall niður undir 50%. Árið 2008 greiddu launagreiðendur vinnandi fólki 677 milljarða í laun og launatengd gjöld til að tapa 6.800 milljörðum. Árið 2010 virtist sem hlutirnir væru komnir í nokkuð eðlilegt horf. Þá fóru um 82,2% af rekstrarhagnaði til launamanna. Á síðustu tveimur árum hefur þetta hlutfall hins vegar lækkað aftur í 63,8% árið 2011 og 40,2% árið 2012. Laun hafa hækkað en rekstrartekjur hafa aukist meira en launin. Stóran hluta hækkanar rekstrartekna má rekja til leiðréttinga en ekki framleiðsluaukningar. Sem fyrr segir fengu starfsmenn um 531 milljarð í sinn hlut af þeim tekjum sem urðu til í íslenskum fyrirtækjum og

### Rekstrargjöld

Það fellur til kostnaður við að afla tekna og halda þeim við. Það þarf að kaupa hráefni til framleiðslunnar, greiða starfsmönnum laun, endurnýja vélar og tæki, greiða leigu fyrir land og húsnæði og vexti af lánum sem hafa verið tekin til kaupa á framleiðslutækjum sem eiga aftur að skapa tekjur til að greiða starfsmönnum laun, lánardrottnum vexti og eigendum arð af fjárfestingu sinni.

Rekstrargjöld hækkuðu mun minna en rekstrartekjur á milli áráanna 2011 og 2012. Ýmis kostnaður eins og virðisaukaskattsskyld hráefniskaup, húsaleiga, viðhald fasteigna, sölu og ferðakostnaður var 2.426 milljarðar, 17 milljörðum hærri en árið 2011. Þetta er hækkan um 0,7% á milli ára. Hér er um að ræða stærstu kostnaðarliðina í rekstri fyrirtækja.

Launakostnaður, laun, dagpeningar, eftirlaun, lífeyrir og lífeyrisgjöld, og launatengd gjöld, voru u.þ.b. 645 milljarðar, eða 5,3% hærri að raunvirði, en árið 2011. Mótframlag í lífeyrissjóð var tveimur milljörðum herra og önnur launatengd gjöld um átta milljörðum hærri. Samanlagt greiddu fyrirtæki 114 milljarða í lífeyrissjóði og tryggingagjald. Mótframlag í lífeyrissjóð var rúmur 51 milljarður og önnur launatengd gjöld um 64 milljarðar.



greiddar voru í formi launa og hlunninda. Þetta er ekki nema rúmlega helmingur þeirra tekna sem einstaklingar telja fram til skatts. Mótframlag í lífeyrissjóð var um 51 milljarður og skylduiðgjald launþegans hefur verið um 4%. Um 96% af þessari fjárhæð hefur því ratað inn í skattstofn einstaklinga og má reikna með að um 20 - 25% skattur hafi að jafnaði verið tekinn af þessum launum, eða um 140 milljarðar. Tekjur einstaklinga voru rúmir 900 milljarðar árið 2012 en tekjuskattur og útvar voru samanlagt um 240 milljarðar.


Allar tegundir launa eða þóknana fyrir starf, hverju nafni sem þær nefnast, mynda stofn til tryggingagjalds. Mótframlag vinnuveitanda í lífeyrissjóð telst einnig til tryggingagjaldsstofns og hann gefur því að mörgu leyti mjög góða mynd af raunverulegum launakostnaði í þjóðfélaginu. Menn geta svo velt því fyrir sér að hve miklu leyti gjaldið, eða skatturinn, er borið af launþeganum eða launagreiðandanum. Tryggingagjaldið er eins og hver annar kostnaður fyrir vinnu og út af fyrir sig ætti ekki að skipta máli fyrir launagreiðandann hvernig sá kostnaður skiptist á milli launþegans og ríkis.

Það lítur út fyrir að fyrirtæki hafi greitt starfsmönnum á almennum markaði um 18 milljörðum meira í hvers konar laun og þóknunir, hlunnindi og mótframlag í lífeyrissjóð árið 2012 en árið 2011. Tryggingagjaldsstofn félaga var um 564 milljarðar árið 2012, eða 3,3% hærri að raungildi en árið áður. Tryggingagjaldsstofn lögaðila var um 857 milljarðar samanlagt, en launagreiðslur lítilla fyrirtækja, einstaklinga með rekstur, sem ekki skiluðu rafrænu skattframtali rekstraraðila, opinberra starfsmanna og starfsmanna áhugamannafélaga og annarra ófjárhagslegra félaga sem ekki koma fram í skattframtölum rekstraraðila voru samanlagt 293 milljarðar. Þetta er um 34,1% af greiddum launum í þjóðfélaginu. Það er út af fyrir sig áhugavert að aðeins um helmingur útsvarsskyldra tekna einstaklinga eru laun á almennum markaði. Afgangurinn er lífeyrir, tryggingagreiðslur og laun starfsmanna hins opinbera.

## Hagnaður af rekstri


Eftir að gjöld hafa verið dregin frá tekjum stendur eftir sá hagnaður sem reksturinn skilar af sér og er um lykilstærð að ræða fyrir fyrirtækið. Hagnaður af rekstri segir til um það hversu mikil verðmæti starfsmenn sköpuðu í fyrirtækinu úr þeim hráefnum, tækjum, tólum og húsakosti

## Laun, vaxtatekjur, leiga, arður og tekjuskattur



Arður jókst mikið á árunum 2000 til 2006. Eftir að bankarnir féllu hefur bróðurpartur framleiðslunnar hins vegar farið í laun og vexti. Árið 2012 var stór hluti rekstrartekna vegna endurmatís eigna. Arður af hagnaði ársins 2012 var greiddur út árið 2013 og kemur því fram á framtölum 2014. Á síðustu árum hefur ríkið tekið á bilinu 2 – 4,6% af framleiðslunni í skatt af fyrirtækjum.

## Rekstrarhagnaður fyrir laun og leigu sem hlutfall af rekstrartekjum



Um aldamótin var afraksturinn af starfsemi fyrirtækja um 27,9% af tekjum. Samanlagt gátu fyrirtæki því notað tæpar 28 kr. af hverjum 100 sem þau töldu sér til tekna til að greiða laun, leigu, vexti og arð. Þetta hlutfall fór hækkandi með árunum og var orðið 35,1% árið 2006. Árið 2007 töpuðu fyrirtæki tæpri 171 kr. fyrir hverjar 100 sem þau færðu til tekna í reikningum sínum. Afraksturinn af starfsemi var því fremur rýr. Á síðustu árum hefur horft til betri vegar og árið 2012 var afraksturinn af starfsemi fyrirtækja um 41,7%.

og öðrum rekstraráðföngum sem lögð voru til framleiðslunnar. Eigendur og lánardrottinn leggja fyrirtækinu til rekstrarfé, leigusalar leggja til jarðnáði, húsnáði og annað gegn leigugjaldi, starfsmenn bjóða fram starfskrafta sína og er umbunað fyrir erfið. Hagnaður af rekstri er það sem er til skiptanna á milli þeirra sem eiga hagsmunum að gæta í fyrirtækinu, annarra en starfsmanna sem hafa þegar fengið greidd laun fyrir vinnu sína. Stjórnendum fyrirtækja er í sjálfsveld sett hvernig þeir mæta kostnaði sem fellur til við reksturinn. Þeir geta leigt allt, fengið

sneið af þeim verðmætum sem til verða á markaði til að kosta opinbera þjónustu, öryggis- og varnarmál, heilbrigðis- og félagsþjónustu, sem og önnur verkefni. Opinberir aðilar standa fyrir umfangsmiklum rekstri í landinu og halda m.a. að mestu leyti uppi velferðarþjónustu. Hluti þeirra tekna sem fyrirtæki á markaði afla verður til í viðskiptum við opinbera aðila sem eru ekki tekjuskattsskyldir og skila því ekki skattframtali.

Rekstrarhagnaður fyrirtækja jókst mikið upp úr aldamótunum og tífaldaðist á árabílinu 2000 til 2006. Árið 2007 dróst

## Áhætta, vextir og arður

Þegar rætt er um vexti, arð og laun er mikilvægt að hafa í huga að allt endurgjald tekur mið af áhættunni sem felst í því að helga sig ákveðnu verkefni með fjárfestingu, láni eða með því að leggja til starfskrafta. Þá tekur það einnig mið af því hvaða aðrir kostir standa mönnum til boða að þessu leyti. Því meiri sem áhættan er því hærri laun, vexti, leigu eða arð vilja menn fá. Fyrirtæki og einstaklingar geta oft ekki staðið við skuldbindingar sínar og fara fram á greiðslustöðvun, leita nauðasamninga eða eru, þegar allt um þrýtur, tekin til gjaldþrotaskipta. Oftar en ekki sitja lánardrottinn eftir með sárt ennið.

Það er erfiðt að spá fyrir um framtíðina. Flestir geta lært af reynslunni og því hafa menn á einhverju að byggja þegar rýnt er fram í tímann. Mönnum er þó ekki ávallt ljóst hvað er orsök og hvað er afleiðing þegar um flókið og gagnverkandi samspil margra ólíkra þátta er að ræða. Þá byggja menn oft á eftirámati þar sem áhættan af atburðinum er metin út frá niðurstöðunni sem varð og hún metin sem líklegasta niðurstaðan, þótt að svo þurfi alls ekki að vera. Heppni eða óheppni skiptir einhverju máli og oftar en ekki ræður reynsla og innsæi ferðinni. Almenn tilvilja menn ekki leggja fé undir án þess að eiga von á hagnaði. Hugsanlegt tap skiptir ekki minna máli en ágóðinn sem menn vonast eftir. Eftir því sem líkurnar á að tapa því sem lagt eru að veði eru meiri, þeim mun stærri ávinning vilja menn sem umbun fyrir að hætta fé sínu.

Lánardrottinn væri e.t.v. tilbúinn til að lána heiðvirðum borgara peninga sem hann teldi fullvíst að hann fengi greidda til baka með 10% vöxtum. Ef hann teldi ekki nema 10% líkur á því að hann fengi peningana endurgreidda þyrfti hann að fara fram á 1000% vexti til að veiga upp á móti 90% líkum á tapi. Einn af hverjum tíu myndi detta í lukkupottinn og fá greitt. Hinir níu sætu eftir með sárt ennið, óbættir hjá garði. Með einföldun mætti þó segja að lánin væru jafngild, að væntur ávinningur sé hinn sami. Lánardrottinn stendur hins vegar frammi fyrir mjög mismunandi aðstæðum. Annars vegar eru 90% líkur á því hann þurfi að afskrifa kröfuna, hins vegar þykist hann geta verið þess full viss að fá endurgreitt. Ef nógu mörgum er lánað kemur þetta út á eitt. Vextir ráðast ekki síst af skilvísi skuldunauta og þeim tryggingum sem lagðar eru fram eða öllu heldur áhættunni sem fylgir því að lána fé til einstaklinga og fyrirtækja. Bankar og fjármálastofnanir



## Hluti þeirra tekna sem fyrirtæki á markaði afla verður til í viðskiptum við opinbera aðila sem eru ekki tekjuskattsskyldir og skila því ekki skattframtali

allt að láni eða kostað framleiðsluna allveg með framlögum eigenda. Þá má ekki gleyma því að tekjur af sölu eiga að standa undir kostnaði og vel það. Árið 2012 fóru 40,2% afkasturs fyrirtækjanna fyrir fjármagnsliði í launagreiðslur, sem er óvenju lítið. Starfsmenn fengu í sinn hlut tæpar 16 krónur af hverjum 100 sem komu í kassann og rúmar 40 krónur af hverjum 100 sem voru í hagnað af rekstri.

### Leigusalar, lánardrottinn, hluthafar og ríkið

Rekstrarhagnaður fyrirtækja var 611 milljörðum hærri árið 2012 en árið 2011. Þetta er hækkun um 176,1%. Sem fyrr segir er stór hluti þessarar hækkunar vegna hlutabréfa sem voru lækkuð vegna hruns á markaði en hafa nú verið hækkuð aftur. Skattalegar leiðréttingar hækkuðu tekjur um 445 milljarða og lækkuðu gjöld um 169 milljarða. Söluaukningin hjá fyrirtækjum var ekki nema 151 milljarður og rekstrargjöld, vörukaup og launakostnaður hækkuðu hins vegar um 173 milljarða. Það er því ekki hægt að segja að framleiðslan hafi aukist mikið.

Leigusalar fengu um 87 milljarða af þeim arði sem framleiðslan skilaði. Eftir að búið var að greiða laun og leigu stóð eftir 871 milljarður sem skiptist á milli eigenda fyrirtækjanna og lánardrottina. Sem fyrr segir er hér aðeins um að ræða fjárhagsleg og skattskyld fyrirtæki. Opinberir aðilar, ríki og sveitarfélög, taka

hann saman en hrundi svo árið 2008 eins og fjármálakerfið. Íslensk fyrirtæki töpuðu tæpum 7,5 billjónum króna árið 2008 og 1,2 billjónum árið 2009. Rekstrarhagnaður var um 126 milljarðar árið 2010, 347 milljarðar árið 2011 og 958 árið 2012. Þótt stór hluti tekjuaukans nú sé vegna matsbreytingar horfir þetta þó allt til betri vegar.

### Fjármagnsliðir

Fyrirtæki sem njóta lánstrausts geta tekið lán fyrir rekstrareignum og öðru. Tekjur umfram gjöld þurfa þá að standa undir vaxtagreiðslunum þannig að lánastofnanir fái það sem þeim ber. Þá geta félög að sjálfsögðu lánað öðrum fyrirtækjum og tekið vexti fyrir. Hér er þó aðallega um viðskiptalán að ræða en ekki eiginlega útlánastarfsemi sem lýtur ströngum skilyrðum. Hreinn vaxtakostnaður fyrirtækisins er munur á vaxtatekjum og vaxtagjöldum. Það er mjög áhugavert að sjá hvernig vextir og verðbætur félaga jukust á þensluárunum 2005 til 2008. Fyrirtæki greiddu 40 milljarða í vexti umfram vaxtatekjur árið 2004. Árið 2008 voru vextir og verðbætur 671 milljarður. Síðan þá hefur vaxtakostnaður farið lækkanandi og árið 2012 voru vaxtatekjur fyrirtækja um 62 milljörðum hærri en vaxtagjöldin. Þegar lánsfé varð auðsótt og viðskipti með félög og eignarhaldsfélög stóðu í blóma jókst vaxtakostnaður en hann er greiddur af rekstrarhagnaði.



eru milligöngumenn og geta því dreift áhættunni af lánastarfsemi. Einn og sami lánardrottinn tekur því ekki á sig allan skellinn ef illa fer, eins og raunin væri ef menn þyrftu sjálfir að taka ákvörðun um það hverjum þeir lána spariféð sitt. Með milligöngu banka og fjármálastofnanna lána allir öllum.

## Arður

Í flestum tilvikum hafa fjárfestar um aðra kosti að velja en að fjárfesta í hlutabréfum. Þeir geta eytt peningunum, lagt þá í bankann eða fjárfest í öðrum eignum þ.á.m. verðbréfum, hugsanlega í þeirri von að þær hækki í verði. Menn fjárfesta aðeins í fyrirtækjum sé þeim umbunað fyrir það. Arðurinn þarf að vera meiri en ávöxtunin sem þeir gætu fengið annars staðar og raunverulegur hagnaður hlýtur því að taka mið af því hverju var hætt og hver áhættan var.


Stjórnendur fyrirtækja taka ákvarðanir á hverjum degi sem geta skipt sköpum fyrir afkomu fyrirtækisins, eigendur og starfsmenn. Það er á valdi stjórnenda að hafa áhrif á ákveðna þætti í starfsemi. Þeir ákveða hvað á að framleiða, hvernig, hvar og hverjum eigi að selja, verð og kostnað. Allir þessir þættir sem lúta að innri starfsemi fyrirtækisins eru háðir óvissu. Einhverjir sem töldu sig vera með bestu vöruna á besta verðinu sitja að lokum uppi með óseldan lager og tap. Þeim hefur þá ekki tekist að fullnægja kenjum neytenda. Síðast en ekki síst taka stjórnendur ákvörðun um það hvernig eigi að fjármagna starfsemi, með lánum eða hlutafé.

Það eru hins vegar margir þættir sem skipta sköpum fyrir starfsemi fyrirtækisins sem stjórnendur ráða ekki við. Má þar nefna efnahags- og skattaumhverfið, samkeppnismál o.fl. Nýsköpunarverkefni eru sérstaklega áhættusöm vegna þess að þar er verið að kanna ókunn lönd með mjög takmarkaða þekkingu og reynslu á viðfangsefninu og óvissan því mikil. Með aukinni reynslu og þekkingu má draga úr áhættunni og taka ákvarðanir sem byggja á traustum grunni, réttum upplýsingum og skynsamlegum væntingum.

## Hagnaður skv. ársreikningi


Hagnaður skv. ársreikningi fyrirtækis er sá ágóði sem stendur eftir af starfsemi eftir að búið er að greiða öllum öðrum en eigendum sinn hlut, það sem kemur í hlut eigenda fyrirtækisins. Skiljanlega er ekki allur hagnaður til kominn vegna þeirrar starfsemi sem tilgangur skv. stofn-

## Hagnaður samkvæmt ársreikningi



Hagnaður skv. ársreikningi hátt í fimmtánfaldaðist að raunvirði frá aldamótum og fram til ársins 2007. Þrátt fyrir að fyrirtæki hafi samanlagt tapað gríðarlegum verðmætum árið 2008 og 2009 var fjöldi fyrirtækja sem skilaði ásætlanlegum og jafnvel góðum hagnaði þessi ár. Hagnaður fyrirtækja var um 422 milljarðar árið 2008, talsvert hærrí en hann hafði verið árið 2003. Síðan hefur hagnaður aukist. Hann var 2.102 milljarðar árið 2012 og hefur aldrei verið hærrí. Eftirgjöf skulda og hækkan hlutabréfa skýrir hagnaðinn að hluta.

## Tap samkvæmt ársreikningi



Árin 2000 og 2001 var tap félaga sem rekin voru með tapi um fjórðungi meira en hagnaður félaga sem rekin voru með hagnaði. Tapið var nokkuð stöðugt fram til ársins 2005. Árið 2006 fór tap félaga að aukast. Tapið meira en tvöfaldaðist á milli árunna 2005 og 2006, hátt í þrefaldaðist á milli árunna 2006 og 2007 og sautjánfaldaðist á milli árunna 2007 og 2008 þegar það var orðið 14.294 milljarðar. Árin 2008 til 2010 töpuðu fyrirtæki 19.491 milljarði. Þó að tap árunna 2011 og 2012 hafi verið mun minna var það þó engu að síður töluvert þegar horft er til fyrri hluta tíunda áratugarins.

# Skattframtal rekstraraðila 2001 til 2013 - Rekstur

Upphæðir í milljónum kr. á verðlagi ársins 2012

REKSTUR	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Fjöldi skattframtala	13.551	14.049	16.542	20.304	22.592	24.634	26.576	28.780	29.160	30.133	30.517	30.893	30.846
<b>Rekstrartekjur</b>													
Virðisaukaskattskyld velta	1.089	1.149	1.193	1.287	1.555	1.738	2.102	2.225	1.934	1.645	1.683	1.704	1.859
Velta undanþegin virðisaukaskatti	466	540	504	579	654	701	828	841	1.067	1.092	1.218	1.233	1.219
Starfsemi undanþegin virðisaukaskatti	226	265	251	356	495	601	942	1.200	1.320	925	751	550	560
Söluhagnaður	22	22	26	27	38	72	71	90	37	28	21	26	24
Aðrar tekjur	45	39	56	76	72	107	127	174	102	237	102	201	88
Leiðréttingar rekstrartekna m.t.t. árs	-80	-5	27	-5	-9	-47	-116	-101	-541	-422	-224	-138	307
<b>Rekstrartekjur samtals</b>	<b>1.768</b>	<b>2.010</b>	<b>2.057</b>	<b>2.320</b>	<b>2.806</b>	<b>3.172</b>	<b>3.953</b>	<b>4.428</b>	<b>3.919</b>	<b>3.506</b>	<b>3.552</b>	<b>3.576</b>	<b>4.056</b>
<b>Rekstrargjöld</b>													
Hráefniskaup	266	301	293	324	350	395	698	895	1.365	714	420	435	447
Vörukaup	523	541	537	617	772	845	968	1.041	941	819	865	922	1.051
Afskrifaðar viðskiptakröfur	15	25	27	37	40	33	31	32	4.928	1.486	231	68	107
Annar kostnaður	508	543	547	634	803	887	1.076	1.172	1.208	763	812	984	822
Laun og launatengdur kostnaður	386	417	442	483	546	626	700	773	677	558	584	613	645
Sölutap	3	5	6	5	6	4	3	3	772	13	12	6	7
Fyrningar	81	101	102	103	116	109	121	131	198	380	142	150	139
Önnur rekstrargjöld og leiðréttingar	-69	-18	-56	-85	-128	-153	-233	-127	1.307	-23	360	51	-118
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>1.712</b>	<b>1.915</b>	<b>1.897</b>	<b>2.119</b>	<b>2.503</b>	<b>2.745</b>	<b>3.365</b>	<b>3.919</b>	<b>11.397</b>	<b>4.710</b>	<b>3.426</b>	<b>3.229</b>	<b>3.098</b>
Hagnaður af rekstri	130	167	231	266	377	519	696	724	506	642	594	579	1.104
Tap af rekstri	-73	-72	-72	-65	-74	-92	-107	-215	-7.983	-1.847	-468	-232	-146
<b>Rekstrartekjur mínus rekstrargjöld</b>	<b>57</b>	<b>95</b>	<b>160</b>	<b>201</b>	<b>303</b>	<b>427</b>	<b>589</b>	<b>509</b>	<b>-7.478</b>	<b>-1.205</b>	<b>126</b>	<b>347</b>	<b>958</b>
<b>Fjármagnsliðir</b>													
Vaxtatekjur/gjöld	-60	-93	-29	-36	-40	-77	-191	-280	-671	-520	-367	-266	62
Gengishagnaður/tap	-38	-65	68	23	137	200	-39	28	-1.479	103	-214	24	102
Arður af hlutabréfum	0	0	0	0	0	0	70	115	64	14	36	53	41
Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarfélagi	0	0	0	0	0	0	361	173	-1.924	-1.112	-312	79	291
Söluhagnaður af hlutabréfum	0	0	0	0	0	0	307	255	66	0	0	0	0
Sölutap af hlutabréfum	0	0	0	0	0	0	-3	-29	-768	0	0	0	0
Tekjur af eftirgjöf skulda	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	93	317	123
Tekjur af eftirgjöf skulda skilmálabr.	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	20
Tekjur og gjöld af fjármálagerningum	0	0	0	0	0	0	151	-74	-1.015	-459	-19	4	15
Niðurfærsla verðbréfaeignar	0	0	0	0	0	0	-4	-85	-655	-85	-47	-70	-33
Aðrar tekjur/gjöld	17	34	29	92	240	684	26	-15	-11	376	-69	10	225
Hagnaður/tap skv. ársreikningi	-24	-30	229	280	640	1.233	1.267	596	-13.872	-2.888	-773	499	1.804
<b>Hagnaður skv. ársreikningi</b>	<b>96</b>	<b>118</b>	<b>318</b>	<b>377</b>	<b>721</b>	<b>1.330</b>	<b>1.513</b>	<b>1.437</b>	<b>422</b>	<b>810</b>	<b>726</b>	<b>1.059</b>	<b>2.102</b>
Tap skv. ársreikningi	-120	-148	-90	-97	-82	-97	-246	-841	-14.294	-3.698	-1.499	-560	-298
<b>Samtals</b>	<b>-24</b>	<b>-30</b>	<b>229</b>	<b>280</b>	<b>640</b>	<b>1.233</b>	<b>1.267</b>	<b>596</b>	<b>-13.872</b>	<b>-2.888</b>	<b>-773</b>	<b>499</b>	<b>1.804</b>
<b>Skattalegar leiðréttingar</b>	<b>4</b>	<b>-32</b>	<b>-154</b>	<b>-254</b>	<b>-481</b>	<b>-1.044</b>	<b>-1.287</b>	<b>-803</b>	<b>6.750</b>	<b>1.541</b>	<b>552</b>	<b>-929</b>	<b>-1.058</b>
Hagnaður fyrir yfirfærlegt tap	52	50	131	88	242	307	339	366	231	473	729	630	937
Tap fyrir yfirfærlegt tap	-73	-111	-57	-61	-83	-118	-359	-573	-7.353	-1.820	-951	-1.060	-191
Hagnaður/ tap fyrir yfirfærlegt tap	-21	-61	74	26	158	189	-20	-207	-7.122	-1.347	-222	-430	746
<b>Hreinar tekjur</b>	<b>39</b>	<b>37</b>	<b>93</b>	<b>86</b>	<b>176</b>	<b>245</b>	<b>290</b>	<b>239</b>	<b>144</b>	<b>213</b>	<b>201</b>	<b>189</b>	<b>204</b>
<b>Yfirfærlegt tap til næsta árs</b>	<b>230</b>	<b>309</b>	<b>278</b>	<b>320</b>	<b>329</b>	<b>362</b>	<b>627</b>	<b>1.008</b>	<b>7.977</b>	<b>7.282</b>	<b>7.177</b>	<b>7.304</b>	<b>6.283</b>

Tölur sýna upphæðir sem framteldjendur, endurskoðendur eða bókarar höfðu skráð á skattframtöl þeirra lögaðila sem höfðu skilað rafrænu skattframtali í lok febrúar sl. og miðast þær við stöðu framtalsgagna á þeim tíma.



# Skattframtal rekstraraðila 2001 til 2013 - Efnahagur

Upphæðir í milljórdum kr. á verðlagi ársins 2012

EIGNIR Í ÁRSLOK	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Fjöldi skattframtala	13.551	14.049	16.542	20.304	22.592	24.634	26.576	28.780	29.160	30.133	30.517	30.893	30.846
<b>Eignir</b>													
Óefnislegar eignir	103	131	185	190	294	479	621	702	660	601	535	524	593
Mannvirki og lóðir	443	542	579	632	723	866	1.356	1.476	2.094	2.065	1.877	1.841	1.820
Aðrir varanlegir rekstrarfjármunir	350	453	374	363	427	536	983	1.309	1.099	1.452	1.249	854	874
Eignarhlutur í innlendum og erlendum félögum	590	655	844	1.378	2.872	4.929	7.710	10.714	7.080	5.492	4.702	4.357	4.062
Kröfur	1.299	1.865	2.012	2.924	4.082	6.636	10.091	12.937	11.532	8.356	5.305	4.572	4.228
Birgðir	159	166	178	174	194	213	264	291	305	238	227	236	244
Vörur og verk í vinnslu	23	27	23	39	52	66	89	91	56	37	24	25	27
Aðrar skammtímakröfur	462	508	475	522	660	791	1.051	1.216	1.379	824	1.029	594	548
Inneign virðisaukaskatts	7	7	6	7	7	10	14	15	14	12	15	13	13
Verðbréf	376	438	482	573	507	747	1.074	1.925	820	974	650	772	904
Handbært fé	312	357	320	487	905	961	1.445	2.061	1.737	1.674	1.511	1.480	1.637
Aðrar eignir	78	73	789	889	907	907	1.064	665	2.234	1.644	271	410	330
<b>Eignir samtals</b>	<b>4.203</b>	<b>5.221</b>	<b>6.266</b>	<b>8.177</b>	<b>11.629</b>	<b>17.141</b>	<b>25.762</b>	<b>33.403</b>	<b>29.010</b>	<b>23.369</b>	<b>17.395</b>	<b>15.676</b>	<b>15.281</b>
<b>Skuldir</b>													
Viðskiptaskuldir	283	313	308	322	379	407	472	512	512	640	822	543	551
Næsta árs afborganir langtímalána	76	108	106	101	108	168	371	559	772	896	663	457	339
Ógreiddur virðisaukaskattur	13	15	17	18	22	25	25	25	22	20	21	21	19
Aðrar fyrirfram innheimtar tekjur	19	18	17	35	50	48	74	48	43	34	27	33	41
Aðrar skammtímaskuldir	648	687	713	823	1.051	1.464	2.062	2.343	4.591	4.286	6.509	5.320	4.553
Eftirlaunaskuldbindingar	7	5	6	6	7	7	14	18	13	11	9	9	10
Tekjuskuldbindingar	37	22	33	56	123	233	227	224	18	21	52	38	55
Erlendar langtímaskuldbindingar	384	384	418	560	816	1.533	2.671	3.851	5.638	3.178	1.505	1.205	715
Skuldir vegna tengdra aðila	110	144	198	325	828	798	1.341	2.367	2.465	3.005	3.187	2.793	2.993
Aðrar langtímaskuldir	1.510	1.844	1.835	2.688	3.584	5.630	8.516	11.293	13.474	11.350	6.938	7.051	6.204
Erlendar skammtímaskuldir	147	192	127	229	306	567	1.000	1.554	2.820	4.197	275	42	31
Innborgun fyrir afhendingu	1	2	1	2	3	0	3	2	1	1	0	0	0
<b>Skuldir samtals</b>	<b>3.234</b>	<b>3.733</b>	<b>3.778</b>	<b>5.165</b>	<b>7.276</b>	<b>10.882</b>	<b>16.776</b>	<b>22.796</b>	<b>30.370</b>	<b>27.639</b>	<b>20.009</b>	<b>17.511</b>	<b>15.511</b>
<b>Eigið fé</b>													
Hlutafé/stofnfé	519	813	1.681	1.845	2.355	2.648	3.607	3.430	4.896	3.994	2.653	2.648	2.377
Lögbundinn varasjóður	95	233	323	454	889	1.247	1.192	2.989	3.363	3.101	2.922	2.666	1.673
Annað eigið fé	167	212	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
<b>Samtala eiginfjárliða</b>	<b>781</b>	<b>1.258</b>	<b>2.004</b>	<b>2.299</b>	<b>3.244</b>	<b>3.895</b>	<b>4.799</b>	<b>6.419</b>	<b>8.258</b>	<b>7.094</b>	<b>5.575</b>	<b>5.315</b>	<b>4.051</b>
Annað eigið fé í upphafi árs	208	198	400	495	653	994	2.413	3.969	3.023	-8.287	-7.935	-7.683	-6.773
Hagnaður/tap	-25	-29	229	280	640	1.230	1.247	595	-12.083	-2.861	-773	502	1.804
Reiknað endurgjald	2	2	2	2	2	2	2	2	2	1	1	1	1
Úttekt úr rekstri	6	6	6	66	71	39	96	172	66	423	172	21	10
Framlög til rekstrar	2	1	2	143	65	1	82	1	2	7	9	2	1
Úthlutaður arður	22	21	28	42	88	120	182	236	179	70	70	89	101
Aðrar breytingar á eigin fé	30	83	-115	-97	-91	297	704	26	1.518	301	749	137	797
Annað eigið fé í lok árs	189	229	483	716	1.110	2.366	4.168	4.185	-7.782	-11.333	-8.190	-7.150	-4.281
<b>Eigið fé samtals</b>													
Jákvætt eigið fé	1.032	1.569	2.577	3.124	4.476	6.385	9.151	10.934	9.128	6.673	4.914	4.831	5.143
Neikvætt eigið fé	-62	-82	-89	-111	-123	-126	-164	-328	-10.488	-10.943	-7.528	-6.666	-5.374
<b>Samtals</b>	<b>970</b>	<b>1.487</b>	<b>2.487</b>	<b>3.014</b>	<b>4.355</b>	<b>6.261</b>	<b>8.967</b>	<b>10.604</b>	<b>-1.360</b>	<b>-4.239</b>	<b>-2.615</b>	<b>-1.836</b>	<b>-230</b>

samþykktum félagsins kveður á um, hvort sem um framleiðslu vöru eða þjónustu er að ræða. Fjármagnstekjur og tekjur af hlutabréfaviðskiptum geta skipt sköpum fyrir afkomu fyrirtækis sem annars er rekið með tapi. Húsgagnasala eða bensínstöð kunna að vera rekin með hagnaði en þegar grannt er skoðað þá er sala á húsgögnum eða bensíni ekki það sem skapar arð heldur verðbreytingar á hlutabréfum.

Þó að fyrirtæki, hlutafélög og einkahlutafélög, séu eign hluthafa er félagið sérstök lögpersóna með réttindi og skyldur sem slík og eigendum því ekki heimilt að ráðstafa hagnaði eins og þeim býður við að horfa. Óheimilt er að úthluta af fjármunum félags til hluthafa nema það fari fram eftir reglum um úthlutun arðs. Þessar reglur eru settar til að styrkja eiginfjárstöðu félagsins þannig að það geti mætt ófyrirséðum áföllum og aukið traust lánardrottna á félaginu. Varasjóðir geta nýst félögum til að jafna tap reikningsársins en þá má mögulega greiða út arð af hagnaði næsta árs. Minnst 10% þess hagnaðar, sem ekki fer til þess að jafna hugsanlegt tap fyrri ára og ekki er lagt í aðra lögbundna sjóði, skal leggja í varasjóð uns hann nemur 10% hlutafjárins. Þegar því marki hefur verið náð skulu framlög vera minnst 5% þar til sjóðurinn nemur 25% hlutafjárins en samþykktir félagi geta kveðið á um hærri varasjóði.

Hagnaður, eins og rekstrartekjur, jókst

mikið fram til ársins 2006. Hann fór úr 96 milljörðum árið 2000 í 1.513 milljarða árið 2006, dróst lítillega saman árið 2007 en minnkaði svo um rúma 1.000 milljarða árið 2008 þegar hagnaður fyrirtækja var 45 milljörðum hærrí en hann hafði verið árið 2003. Frá árinu 2008 hefur hagnaður fyrirtækja aukist ár frá ári og 2012 var hann kominn upp í 2.102 milljarða og hefur aldrei verið meiri.

### Tap skv. ársreikningi

Tap er jafn órjúfanlegur hluti af starfsemi fyrirtækis og hagnaður. Áhætta fyrirtækja er ekki síður metin út frá möguleikanum á tapi en líkunum á að hagnast. Yfirleitt er um sitt hvora hliðina á sama peningnum að ræða. Því er ekki síður mikilvægt að fara varlega, verja og tryggja stöðuna, en að einblína á hagnaðarvonina.

Ýmsar ástæður eru fyrir því að fyrirtæki lenda í erfiðleikum. Þær snerta ytri og innri þætti starfseminnar og stundum misreikna menn sig herfilega. Menn eru of bjartsýnir, gera sér óraunhæfar væntingar, láta glepjast eða ugga ekki að sér. Ýmislegt í rekstri fyrirtækja er ekki á valdi stjórnenda og sumir þessara þátta geta haft úrslitapýðingu fyrir fyrirtækið. Það er því ekki hægt að fullyrða að slæmt gengi ákveðinna fyrirtækja, sem eiga mikið hvert undir öðru, megi rekja til rangra eða óábyrgra ákvarðana stjórnenda þeirra. Menn reyna að minnka líkurnar á

tjóni og auka líkurnar á hagnaði með því að búa í hagin en það dregur þó ekki úr ábyrgð stjórnenda sem hljóta að bregðast við þeim upplýsingum sem þeir hafa á hverjum tíma.


Fyrirtæki eru oft rekin með tapi árum saman áður en þau fara að skila eigendum hagnaði. Þá reynir á tiltrú lánardrottna, eigenda og stjórnenda. Tap þarf að fjármagna með einhverjum ráðum, auka hlutafé, selja eignir ef einhverjar eru til eða reyna að fá meira lánað til að fleyta sér yfir erfiðasta hjallann. Tap félaga jókst mikið um miðjan fyrsta áratuginn, var 97 milljarðar árið 2005, 246 milljarðar árið 2006 og 841 milljarður árið 2007. Árið 2008 urðu alger vatnaskil í sögu taprekstrar en það ár töpuðu íslensk fyrirtæki 14.294 milljörðum króna. Árið 2009 var tapið 3.698 milljarðar og 1.499 milljarðar árið 2010.

Að sjálfsögðu skipti fall alþjóðlegra fjármálastofnana og eignarhaldsfélaga hér höfuðmáli. Þessi fyrirtæki sem stunduðu kaupsýslu með erlent lánsfé áttu sum hver eignir sem metnar voru á hundruð og þúsundir milljarða. Þegar eignirnar féllu í verði varð tap af rekstri þessara félaga sem taldi í hundruðum og þúsundum milljarða. Frá árinu 2006 hafa íslensk fyrirtæki tapað 21.434 milljörðum sem eru u.þ.b. 187 milljarðar bandaríkjadala, sem samsvarar landsframleiðslu í Kúvæt, nokkru hærra en landsframleiðsla Úkraínu eða Rúmeníu. Kúvæt var í 51. sæti þeirra þjóða sem voru með hæstu landsframleiðslu árið 2012.

Eins og gefur að skilja er þetta mikla tap ekki orðið til vegna þess að fyrirtæki hafa keypt hráefni of dýru verði, verið of eftirlátssöm í samningum eða of rausnarleg við starfsmenn heldur vegna kaupa á verðbréfum fyrir erlent lánsfé, sem féllu í verði þegar alþjóðlega peningauppsprettan þvarr. Allt frá því að bankarnir féllu hefur tap fyrirtækja farið minnkandi. Nú lækkaði það um 262 milljarða á milli ára, eða um 46,9%, sem hlýtur að teljast góðs viti og er tap félaga nú svipað því sem var árið 2006.

### Yfirfæranlegt tap

Heimilt er að draga frá hagnaði ársins eftirstöðvar rekstrartaps frá síðustu tíu árum á undan tekjuári, enda hafi fullnægjandi grein verið gerð fyrir rekstrartapinu og eftirstöðvum þess á því tekjuári þegar tapið myndaðist. Skattstofn fyrirtækisins miðast því við rekstur nokkurra ára. Þetta á þó ekki við um félög sem rekin eru með tapi en þau fá ekki endurgreiddan tekju-





skatt sem þegar hefur verið greiddur af hagnaði fyrri ára.


Tekjuskattur félaga sem skila jafn miklum hagnaði á ákveðnu árabili getur því verið mishár eftir því hvenær tekanna er aflað. Þetta á reyndar einnig við um einstaklinga því skatturinn miðast við tekjur á hverju ári en ekki tekjur starfsævinnar. Þeir sem eru tekjuháir greiða hærra hlutfall tekna í skatt en þeir sem eru tekjulágir og ef æviteknanna væri allra aflað á sama árinu fengi skattgreiðandinn einfaldan persónuafslátt fyrir eitt ár og stór hluti tekna færir í efsta skattþrepið. Þeir sem afla sömu tekna á mörgum árum fá hins vegar persónuafslátt fyrir hvert ár og þurfa e.t.v. ekki að greiða neinn skatt af sömu tekjum.

Yfirfæranlegt tap félaga jókst mikið eins og tapið á árunum fyrir hrun fjármálakerfisins. Það var 362 milljarðar í árslok árið 2005 og hækkaði um 266 milljarða á milli árunna 2005 og 2006 sem var þá hækkun um 73,4% á milli ára. Það hækkaði svo aftur um 60,8% á milli árunna 2006 og 2007 en þá hafði yfirfæranlegt tap félaga aukist um 647 milljarða á tveimur árum og stóð þá í rúmum 1.000 milljörðum. Eftir hrun fjármálakerfisins jókst yfirfæranlegt tap félaga um tæpa 7.000 milljarða. Það var 7.977 milljarðar skv. skattframtali ársins 2009. Langstærstur hluti tapsins var vegna banka en nokkur eignarhaldsfélög í fjárfestingarstarfsemi töpuðu einnig miklu fé.

Sem fyrr segir geta félög nýtt tap sl. tíu ára á móti hagnaði ársins. Í upphafi ársins 2012 áttu félög 6.821 milljarð í yfirfæranlegt tap sem þau gátu nýtt á móti hagnaði ársins 2012. Yfirfæranlegt tap er ekki fært til verðlags og rýrnar það því eftir því sem það eldist og elsta tapið er jafnað fyrst. Bróðurpartur yfirfæranlegs taps félaga er frá rekstrarárinu 2008, eða um 3.787 milljarðar. Félög töpuðu rúmum 14.294 milljörðum árið 2008 og yfirfæranlegt tap félaga það árið var 7.977 milljarðar sem var þá tap ársins að viðbættu yfirfæranlegu tapi fyrri ára. Stór hluti taps félaga var vegna taps af hlutabréfum en ekki er ávallt heimilt að flytja tap umfram hagnað af sölu hlutabréfa yfir til næsta árs.


Félög geta lækkað skatta sína með því að draga tap frá hagnaði og því hafa menn viljað kaupa félög sem eiga mikið tap til að geta nýtt það á móti hagnaði yfirtökufélagsins. Þetta er þó ekki leyfilegt nema rekstur yfirtekna félagsins sé svipaður og rekstur félagsins sem tekur

## Tekjuskattstofn og tekjuskattur



Um aldamótin var um 28,4% hagnaðar skv. ársreikningi skattlagður, þá var lagður að jafnaði 30,4% skattur á þennan stofn. Fram til ársins 2007 var sífellt minna af hagnaði fyrirtækja skattlagt en þá voru um 13,6% af hagnaði fyrirtækja skattlögð. Meðalskattur fyrirtækja var þá um 18,3%. Tekjuskattur var lækkaður niður í 15% árin 2008 og 2009. Á þessum tíma hækkaði skattstofninn nokkuð sem hlutfall af hagnaði, í 28,9% og 22,3%. Aðeins 14,2% hagnaðar fyrirtækja árið 2011 voru skattlögð og 7,7% árið 2012. Meðalskattahlutfallið var 20,8%. Fyrirtæki greiddu rúma 42 milljarða í tekjuskatt af tekjum ársins 2012 sem var þremur milljörðum meira en árið áður og 20 milljörðum meira en þau gerðu árið 2008. Hér er því um að ræða hátt í tvöföldun á skattgreiðslum fyrirtækja frá þeim tíma.

## Tryggingagjaldstofn



Tryggingagjaldstofn fylgir launaþróun í landinu. Hann hækkaði um 33,8% á milli árunna 2003 og 2007. Á þessum tíma jókst kaupmáttur launa landsmanna um 270 milljarða en launagreiðslur óskattskyldra aðila lækkuðu hins vegar að raunvirði um 8 milljarða. Fyrirtæki á almennum markaði greiddu 55,2% launa í landinu árið 2003 en árið 2007 greiddu þau um 67,2% af launum. Rétt um þriðjungur launa í landinu var því greiddur af opinberum aðilum, ríki, sveitarfélögum og ýmsum félögum og félagasamtökum sem undanþegin eru tekjuskatti. Launagreiðslur lækkuðu um 22,96% fram til ársins 2010. Síðan þá hafa launagreiðslur á almennum markaði aukist um 8,4% að raunvirði. Raunvirði launa sem greidd eru af óskattskyldum aðilum hafa hins vegar lækkað um 4,5%.

tapið yfir og sýnt þyki að umræddar breytingar hafi verið gerðar í eðlilegum og venjulegum rekstrartilgangi. Það er því ekki víst að stór hluti þess taps sem enn er talinn fram verði nokkurn tímann nýttur á móti hagnaði.

Frá árinu 2008 hefur yfirfæranlegt tap lækkað. Fyrirtæki hafa verið tekin til gjaldþrotaskipta, skuldir hafa verið afskrifaðar og sjálfsagt hafa hækkar á verði eigna og hagnaður étið hluta tapsins upp. Má reikna með að tap félaga frá árinu 2008 hafi rýrnað um 610 milljarða að raungildi á síðustu árum vegna rýrnunar gjaldmiðilsins. Yfirfæranlegt, uppsafnað tap félaga var 1.694 milljörðum lægra árið 2012 en árið 2008, eða 6.283 milljarðar.

## Hreinar tekjur/tekjuskattur

Tekjur af vöxtum og verðbréfum og söluhagnaður mynda tekjur hjá félaginu, ekki síður en tekjur af sölu. Eftir að félagið hefur dregið frádráttarbæran kostnað frá og jafnað tap fyrri ára stendur eftir skattstofn fyrirtækisins eða skattskyldur hagnaður. Við upphaf aldarinnar var hagnaður fyrirtækja rétt um 5,4% af rekstrartekjum og var rúmlega 40% hagnaðar skv. ársreikningi fyrirtækja þá skattlagður en hann var þá 96 milljarðar. Hagnaður fyrirtækja jókst framan af áratugnum, var um 25,7% af rekstrartekjum árið 2004 og 41,9% árið 2005. Skattstofninn óx vissulega á þessum tíma þrátt fyrir að hlutur skattstofnsins af hagnaði skv. ársreikningi færi minnkandi. Um 40,9% hagnaðar var skattlagður árið 2000 en ekki nema 18,4% árið 2004 og skýrist þessi munur af því að ýmislegt sem viðkemur verðbréfavíðskiptum er talið til hagnaðar í ársreikningi félaga en er ekki skattlagt. Hér má nefna verðbreytingar á hlutabréfum og söluhagnað sem er frestað uns nýjar eignir hafa verið keyptar. Þetta eru ekki tekjur í hendi fyrir en búið er að innleysa hagnaðinn og frestur til að endurfjárfesta er útrunninn og þá fyrst eru þessar tekjur skattlagðar.

Rekstrartekjur gefa mjög ófullkomna mynd af hagnaði og hagnaður skv. ársreikningi gefur oft ekki sérlega glögga mynd af tekjuskattsstofni félaga. Árið 2008 fór hagnaður af rekstrartekjum niður undir 10,8%. Þá var lagt á 34,2% hagnaðarins. Síðan hefur hagnaður aukist jöfnum skrefum, var 51,8% af rekstrartekjum árið 2012. Skattstofninn hefur hins vegar minnkað og myndaði ekki nema 9,7% hagnaðar ársins 2012 tekjuskattsstofn.

## Efnahagur

Sem fyrir segir gengur rekstur að miklu leyti út á það að umbreyta hráefnum í fullunna vöru sem seld er á markaði. Oft er þetta gert í nokkrum skrefum þar sem hver milliliðurinn tekur við af öðrum uns búið er að vinna vöruna. Á hverju framleiðslustigi verður til virðisauki og e.t.v. hagnaður. Virðisaukinn er yfirleitt skattlagður. Rekstur krefst þess iðulega að þeir sem að honum standa leggi fjármuni til rekstrarins. Það þarf að kaupa framleiðslutæki, vélar og áhöld, húsnæði o.þ.h. Þá þarf að vera tiltækt fé fyrir útgjöldum. Þess er krafist í lögum um hlutafélög og einkahlutafélög að hlutafé hlutafélaga fari ekki undir fjórar milljónir og hlutafé einkahlutafélaga ekki undir 500 þús. kr. Félagum er einnig skylt að safna í lög bundinn varasjóð sem á að vera til taks ef reksturinn gengur ekki sem skyldi og lánardrottinn taka að ókyrrast. Hagnaður af rekstri er ýmist greiddur út til hluthafa eða lagður í sjóð sem verður hluti af eiginfé félagsins. Rekstrareignir eru keyptar fyrir lánsfé eða peninga sem eigendur leggja fyrirtækinu til úr eigin vasa í formi hlutafjár. Það fé er hins vegar bundið í félaginu eftir að það hefur verið greitt. Á móti eignum standa því skuldir við lánardrottina og eigið fé, stofnfé, hlutafé og hagnaður fyrri ára, sem er eign eigenda fyrirtækisins.

## Eignir

Þegar nokkrir einstaklingar taka sig saman og stofna fyrirtæki um rekstur á rekstrareignum þá eiga þeir hver um sig hlut í eignum félagsins og hlutdeild í þeim hagnaði sem eignirnar skapa, hagnaði af rekstri eignarinnar eða hagnaði fyrirtækisins. Verð á hlutabréfum endurspeglar væntingar manna um tekjur og vöxt í framtíðinni og að teknu tilliti til óvissu eða áhættu. Með nokkurri einföldun má segja að fjárfesting í hlutabréfum sé fjárfesting í hlutafé sem er notað til að kaupa hlut í rekstrareignum sem skapa tekjur fyrir fyrirtækið og arð fyrir eigendur.

Eignir félaga jukust gríðarlega mikið upp úr aldamótunum síðustu. Félag átta eignir sem voru metnar á 4.203 milljarða árið 2000 en árið 2007 voru eignir félaga metnar á 33.403 milljarða.

Þegar eignir íslenskra fyrirtækja eru skoðaðar vekur athygli að rekstrarfjármunir eru aðeins brot eigna fyrirtækja. Varanlegir rekstrarfjármunir voru um

18,9% eigna árið 2000 en 8,3% árið 2007. Eignarhlutir í öðrum félögum jukust hins vegar mikið á þessum árum, eða úr 590 milljörðum árið 2000 í 10.714 milljarða. Hér gætir áhrifa eignarhaldsfélaganna sem hafa lítið sem ekkert með rekstur og rekstrareignir að gera. Það er því í reynd ekki rétt að bera þessi félög, sem eru raunar fjárfestingasjóðir sem miða að því að hagnast á verðbreytingum á hlutabréfum, saman við hefðbundin framleiðslufyrirtæki.

Eignir í einu fjárfestingafélagi voru taldar til eignar í öðru fjárfestingarfélagi sem var í eigu enn annars félags sem átti aftur hlut í félaginu og svo koll af kolli. Vissulega byggir verð á hlutabréfum á væntingum manna til vaxtar og framtíðarhagnaðar að teknu tilliti til áhættu og annarra fjárfestingarkosta sem mönnum standa til boða og metnir eru á sama hátt. Menn eru hins vegar oft fljótir að missa sjónar á hinni raunverulegu verðmæta-sköpun sem felst í verði hlutabréfanna, tekjuflæði og áhættu, sérstaklega þegar reynt er að yfirlögðu ráði að slá ryki í augu manna og villa um fyrir fjárfestum eða eftirlitsstofnunum. Verð á hlutabréfum fer þá að ráðast af framboði og eftirspurn eftir hlutabréfum, en ekki gengi félaganna.

## Skuldir

Skuldir fyrirtækja jukust umtalsvert í upphafi aldarinnar. Eignir voru keyptar fyrir skuldirnar og á meðan eignirnar hækkuðu í verði lék allt í lyndi. Það er ákveðin áhætta fólgin í því að taka lán og hætta á tapi er fylgífiskur skuldanna. Vexti má draga frá skattskyldum hagnaði. Félag sem ætlar að standa í skilum og forðast óþægindi vegna óuppgerðra skulda sem lánardrottinn reyna að innheimta þarf hins vegar að standa skil á afborgunum og vöxtum, hvernig sem árar. Tekjurnar verða því ávallt að duga þó ekki sé nema fyrir vöxtunum. Það tekur tíma að byggja upp eigið fé í fyrirtækjum og fyrirtæki þurfa oft að leggja hagnað margra ára fyrir í sjóð uns þau eru í stakk búin að færa út kvíarnar.

Það er hins vegar hægt að stytta sér leið með því að taka lán fyrir eignum sem skapa tekjur. Meiri eignir þýða meiri tekjur og meiri hagnaður, en hagnaðurinn er ávöxtun hluthafanna á eigin fé. Lánnum fylgir ávallt hætta á því að erfitt verði að standa í skilum. Á hinn bóginn á fyrirtækið allan hagnað umfram vexti og svo framarlega sem eignirnar skila meiri tekjum á hverja krónu sem lögð er í reksturinn en vextir af hverri krónu




sem tekin er að láni kostar fyrirtækið þá borgar sig að taka sem flestar krónur að láni. Ef hins vegar syrtir í álinn og dæmið snýst við reiknast tap fyrirtækisins aftur af hverri krónu sem hætt var í rekstrinum. Þá vill lánardrottinn ganga að tryggingum og fer jafnvel fram á gjaldþrotaskipti til að innheimta skuldina.

Nú er eigið fé félaga sem eiga eignir umfram skuldir aftur farið að vaxa en á sama tíma hafa skuldir félaga sem skulda meira en þau eiga minnkað. Skuldir hafa verið afskrifaðar og fyrirtæki tekin til gjaldþrotaskipta og ekki er loku fyrir það skotið að eignirnar hafi hækkað í verði. Skuldir voru almennt ekki til komnar vegna kaupa á rekstrareignum heldur til kaupa á verðbréfum. Þetta sést af því að eignfærðar kröfur tífölduðust á sjö árum, fóru úr 1.299 milljörðum árið 2000 í 12.937 milljarða árið 2007.

Á meðan verðbréf hækkuðu í verði, umfram skuldirnar sem stofnað var til vegna þeirra, varð til eigið fé í fyrirtækjum. Skuldir félaga jukust því eins og eignirnar á fyrsta áratugi aldarinnar. Á haustdögum árið 2008 hrundu verðbréfin í verði og í einni svipan þurrkaðist eigið fé fyrirtækja upp en skuldirnar sátu eftir. Eignir umfram skuldir voru 10.607 milljarðar árið 2007 en ári síðar voru skuldir orðnar um 1.360 milljörðum hærri en eignir. Skuldirnar héldu áfram að hækka og árið 2009 skulduðu félög 4.270 milljörðum meira en þau áttu, en þá var botninum náð. Frá árinu 2007 hafa eignir rýrnað, félög hafa orðið gjaldþrota, eignir fallið í verði eða verið afskrifaðar. Síðan þá hafa skuldir minnkað hraðar en eignir og neikvætt eigið fé hefur minnkað. Árið 2012 voru skuldir fyrirtækja 15.511 milljarðar og á móti skuldum stóðu eignir upp á 15.281 milljarð. Skuldir umfram eignir voru því 230 milljarðar.


Það er mikilvægt að hafa í huga þegar fjallað er um eignir og skuldir félaga að hér er verið að fjalla um samanlagðar eignir og skuldir allra félaga í landinu. Þó að almennt efnahagslíf, viðskipta-umhverfið og markaðsaðstæður hafi vissulega áhrif á rekstur einstakra félaga og þó að eignarhald á félögum hafi oft og tíðum verið samtvinnuð þá eru fyrirtæki stofnuð og rekin af ólíku fólki með sjálfstæða hagsmuni. Hagnaður eins félags eða tap kann að leiða til hagnaðar eða taps annars félags sem á mikið undir því fyrra. Engu að síður verður tap eins félags ekki jafnað með hagnaði annars, nema þegar um samruna er að ræða.

## Eignir og skuldir fyrirtækja



Árið 2000 voru 76,9% samanlagðra eigna fyrirtækja í skuld. Þrátt fyrir að skuldirnar ykjust um rúma 19.563 milljarða að raunvirði fram til ársins 2007 lækkaði hlutfall skulda af eignum niður í 68,2%. Eftir fall bankanna rýrnuðu eignir um 4.392 milljarða en skuldir hækkuðu hins vegar um 7.574 milljarða. Samanlagt eigið fé þurrkaðist út og skuldir voru 1.360 milljörðum hærri en eignir. Árið 2009 höfðu eignir og skuldir lækkað, eignir þó sýnu meira en skuldirnar. Skuldir voru þá 4.270 milljörðum hærri en eignirnar. Síðan hafa eignir og skuldir lækkað ár frá ári, skuldirnar sýnu meira en eignirnar. Samanlagðar skuldir voru 230 milljörðum hærri en eignir í árslok árið 2012.

## Eigið fé



Þótt samanlagt eigið fé fyrirtækja sé neikvætt er um óskylda aðila að ræða. Tap eins félags verður ekki jafnað með hagnaði annars. Þrátt fyrir hremmingar ákveðinna fyrirtækja sem höfðu mjög mikla þýðingu fyrir íslenskt efnahagslíf undir lok fyrsta áratugar aldarinnar stóð fjöldi fyrirtækja engu að síður traustum fótum. Eigið fé fyrirtækja sem áttu eignir umfram skuldir minnkaði á árunum 2007 til 2011. Það jókst aftur í fyrsta skipti árið 2012.

## Eigið fé

Löngum hefur eigið fé verið talið mælikvarði á fjárhagslegan styrk félaga. Eigið fé er það sem eftir stendur þegar allar eignir hafa verið seldar og skuldir greiddar, mismunur á eignum og skuldum. Í upphafi aldarinnar var eigið fé fyrirtækja um 23,1% af efnahagreiðningi félaga í landinu. Þrátt fyrir að skuldir ykjast mikið í upphafi áratugarins þá jukust eignirnar hraðar og eigið fé jókst. Árið 2004 var eigið fé um 37,4% af efnahag fyrirtækjanna. Það hafði þá aukist um 3.383 milljarða frá aldamótum, eða u.þ.b. 11 milljónir á hvern landsmann. Skuldirnar jukust svo nokkru hraðar en eignirnar fram til ársins 2007, eða um 213,3% á sama tíma og eignirnar jukust um 187,2%. Engu að síður jókst eigið fé félaga um 6.249 milljarða á tímabilinu frá 2004 til 2007 og hafði þá aukist um 9.634 milljarða frá aldamótum og var nú eitt og sér um 2,2 sinnum meira en nam öllum eignum félaga um aldamótin. Efnahagur fyrirtækjanna var þá 33.403 milljarðar og stóðu skuldir á móti eignum upp á 22.796 milljarða. Ef aðeins er horft til þeirra félaga sem voru með jákvætt eigið fé þá var jákvætt eigið fé um 10.934 milljarðar. Önnur félög skulduðu samanlagt 328 milljörðum meira en þau áttu.

## Útgreiddur arður

Ein meginástæða þess að menn ákveða að leggja fé sitt í rekstur og fjárfesta í einu félagi frekar en öðru eða einni eign frekar en annarri er sú að menn vænta þess að félagið sem fjárfest er í skili meiri hagnaði en önnur félög eða aðrar eignir miðað við áhættuna sem þeir taka. Ef menn sjá ekki fram á að geta ávaxtað fé fyrirtækisins í rekstrinum þá ættu stjórnendur að greiða það út til eigenda sem arð þannig að þeir geti ráðstafað því að vild. Ef stjórnendur sjá fram á að geta fjárfest í arðbærum verkefnum ber að fjárfesta hagnað fyrirtækisins í slíkum verkefnum. Mönnum er hins vegar ekki í sjálfsvald sett hversu mikinn arð þeir geta tekið út úr félaginu því félagið er sérstök lögpersóna og fjárhagur eiganda á að vera aðskilinn frá fjárhag félagsins.

Annað eigið fé í upphafi reikningsárs sýnir stöðu á óbundnu eigin fé í lok árs ársins á undan. Yfirleitt er þetta það sem stjórnendur geta greitt út til hluthafa á árinu. Óbundið eigið fé fyrirtækja var neikvætt um 6.773 milljarða í árslok árið 2011. Engu að síður hafa fyrirtæki greitt

út 101 milljarð árið 2012. Þetta þarf ekki að koma á óvart þar sem fjöldi fyrirtækja var með jákvætt eigið fé í árslok 2011. Árið 2009 greiddu félög um 70 milljarða út á sama tíma og óbundið eigið fé var neikvætt um 8.287 milljarða. Það er því mikilvægt að skoða hvert félag fyrir sig.

Þegar eigið fé fyrirtækja er skoðað vekur úttekt úr rekstri árið 2009 sérstaka athygli. Hér er um að ræða alla eigin úttekt eigenda, hvort sem hún er í reiðufé, vörum, þjónustu eða á öðru formi. Þetta ár var úttekt úr rekstri 423 milljarðar en á sama tíma var arður sem greiddur var út úr félögunum ekki nema 70 milljarðar. Úttekt úr rekstri var um 10 milljarðar árið 2012.

Hluthafafundur ákveður að greiða út arð að tillögu stjórnar. Einungis er heimilt að úthluta sem arði hagnaði samkvæmt samþykktum ársreiðningi síðasta reikningsárs, yfirferðum hagnaði frá fyrri árum og frjálsum sjóðum eftir að dregið hefur verið frá tap sem ekki hefur verið jafnað og það fé sem samkvæmt lögum eða félagssamþykktum skal lagt í vara-sjóð eða til annarra þarfa. Arðgreiðslur fyrirtækja jukust mjög mikið upp úr aldamótunum. Fyrirtæki greiddu um 22 milljarða í arð til eigenda árið 2000, 42 milljarða árið 2003 og 236 milljarða árið 2007. Arðgreiðslur fyrirtækja höfðu meira en tífaldast á sjö árum. Þær hrundu svo, eins og aðrar fjármagnstekjur, árið 2009 og voru þá 70 milljarðar eins og fyrr segir, eða hátt í tvöfaldar miðað við arðgreiðslur ársins 2003. Á síðustu árum eru fyrirtæki aftur farin að greiða út meiri arð. Arður var 89 milljarðar árið 2011 og 101 milljarður árið 2012.

Stór hluti arðgreiðslna félaga er til annarra félaga eða eignarhaldsfélaga. Árið 2012 fengu fyrirtæki sem skiluðu rafrænu skattframtali 38 milljarða í arð af innlendum hlutabréfum. Þetta eru um 37,2% þess arðs sem íslensk fyrirtæki greiddu út. Einstaklingar töldu fram rúma 15 milljarða í arðgreiðslur af innlendum hlutabréfum og þá standa eftir 48 milljarðar, eða um 47,5% arðgreiðslna fyrirtækja. Að öllum líkindum hefur þessi arður verið greiddur lífeyrissjóðum og erlendum félögum. Fyrirtæki áttu 2.377 milljarða í hlutafé árið 2012 en einstaklingar töldu hins vegar aðeins fram tæpa 49 milljarða á skattframtali árið 2013. Hlutafé í íslenskum fyrirtækjum er því að mestu í eigu annarra lögaðila. Þeir töldu fram 2.450 eign í innlendum félögum og dótturfélögum árið 2012.

## Að lokum

Verðmætasköpun og efnahagslegar framfarir eru undirstaða lífshjara í þjóðfélaginu. Efnahagslegur vöxtur og vöxtur fyrirtækja hefur haldist að mestu í hendur, sem og bætt lífshjör almennings. Það er þó ekki einhlítt hvað telst til verðmæta. Á frjálsum markaði þar sem þúsundir fyrirtækja, stórra og smárra, reyna að fullnægja ólíkum þörfum fólks er almenningi að mestu leyti í sjálfsvald sett hvernig hann hagar lífi sínu og metur þá kosti sem honum standa til boða hverju sinni: hvað hann framleiðir, selur eða kaupir fyrir afkastur erfiðisins.

Ekki eru allar ferðir til fjár. Fjöldi fyrirtækja er settur á laggirnar á hverju ári, fjöldi er rekinn í þrot og nokkur ná að blómstra. Þeir sem stofna fyrirtæki og leggja fé til rekstrar hætta fjármunum sínum. Fólk tekur ákvarðanir um hvað skuli boðið til sölu eða kaups, hvað það eigi að kosta og hvernig eigi að koma vörunni til hugsanlegra kaupenda. Það er þó ekki á valdi einstakra manna að hafa áhrif á almennt árferði og þau skilyrði sem fyrirtækin starfa við. Rekstrarumhverfi fyrirtækja getur skipt sköpum um það hvort að hægt sé að hrinda hugmyndum í framkvæmd og vinna að framgangi þeirra. Rekstur er ávallt háður óvissu og því er ekki hægt að fullyrða að þau fyrirtæki sem skila hagnaði séu vel rekin og að þau sem rekin eru með tapi séu illa rekin.

Atvinnulífið í landinu hefur gengið í gegnum miklar breytingar á undanförunum árum. Þessi tími hefur reynt á þólrif stjórnenda fyrirtækja, fyrst vöxtur og velgengni sem voru ævintýri líkust og síðan efnahagslegar hamfarir. Það að takast á við óvissuna er lykilatriði í rekstri fyrirtækja en hins vegar er mjög erfitt að meta óvissu og oft sést mönnum ekki fyrir í ákafa sínum. Það má ætla að mörg fyrirtæki hafi ekki náð að fóta sig í vextinum: ofmetnast og farið of geyst. Þessi fyrirtæki hefðu vafalaust mörg hver fallið að óbreyttu. Það sem er hins vegar merkilegt í öllu þessu róti er að fjölmörg íslensk fyrirtæki stóðu af sér ágjöfina með miklum sóma. Þarna hlýtur fyrirhyggja og dómgreind stjórnenda að skilja á milli. Hagnaður margra fyrirtækja er of dýru verði keyptur. Menn hætta of miklu fyrir of lítinn ágóða. Hvað sem því líður hlýtur að felast í þessum sögulegu tímum mjög mikilvæg reynsla og ekki síst lærdómur fyrir atvinnurekendur jafnt sem landsmenn alla.



# Skipting fyrirtækja eftir rekstri, hagnaði, tekjuskattsstofni og eignastöðu

Hinn 25. mars sl. höfðu 30.975 fyrirtæki skilað rafrænu skattframtali, RSK 1.04, vegna rekstrarársins 2012. Þessi félög voru með 4.560 milljarða í rekstrartekjur. Rekstrargjöld voru 3.098. Heildarhagnaður að frádregnu tapi skv. ársreikningi var 1.804 milljarðar. Tekjuskattur var lagður á 204 milljarða af þessum hagnaði. Félög áttu eignir sem metnar voru á 15.281 milljarð. Á móti eignum stóðu skuldir upp á 15.511 milljarða.

Ýmist var hagnaður eða tap af starfsemi fyrirtækjanna fyrir fjármagnsliði og óreglulegar tekjur og gjöld. Rekstrartekjur 14.333 fyrirtækja dugðu fyrir rekstrargjöldum. Þær voru 3.248 milljarðar en gjöldin 2.191 milljarðar. Hagnaður af rekstri var 1.010 milljarðar. Hins vegar voru 14.243 fyrirtæki rekin með tapi. Tap af rekstri þeirra var 146 milljarðar. 2.399 fyrirtæki voru rekin á núlli.

Hagnaður var skv. ársreikningi 12.273 þeirra fyrirtækja sem voru með afgang af rekstri. Hagnaður þessara fyrirtækja var 1.181 milljarður. Á hinn bóginn voru 2.045 þeirra félaga sem voru með hagnað af rekstri með tap skv. ársreikningi. Þá var tap skv. ársreikningi 12.895 félaga sem voru með 72 milljarða tap af rekstri en 238 milljarða tap eftir fjármagnsliði.

Fresta má skattlagningu söluhagnaðar, ýmsar skattalegar leiðréttingar eru gerðar og þá má nýta tap síðustu ára til að lækka tekjuskattsstofninn. Árið 2013 var lagður tekjuskattur á 7.832 félög sem voru með 215 milljarða í hagnað af rekstri og 213 milljarða í hagnað skv. ársreikningi. Það má ætla að flest þessara félaga séu vel rekin. Skattur var lagður á 144 milljarða hagnaðarins. Flest þessara félaga eða 7.066 áttu eignir umfram skuldir. Þessi félög sem telja 22,8% þeirra félaga sem höfðu skilað

framtali voru með 35,3% rekstrartekna og greiða um 68,3% tekjuskattsins. Þessi félög áttu eignir sem metnar voru á 1.816 milljarða. Þau skulduðu 751 milljarð. Hagnaður þessara félaga var um 11,4% af efnahag.

Á hinn bóginn var ekki lagður tekjuskattur á 4.441 félög sem var með hagnað af rekstri og skv. ársreikningi. Þessi félög voru með 968 milljarða í hagnað, sem var hátt í helmingur hagnaðar félaga en þar af voru um 816 milljarðar hagnaður félaga sem voru með neikvætt eigið fé. Þessi félög áttu eignir sem metnar voru á 5.824 milljarða en skulduðu 8.661 milljarð. Tveir þriðju hlutar yfirfæranlegs taps var hjá þessum fyrirtækjum. Hins vegar voru 12.616 rekin með tapi. Þau voru samanlagt með 236 milljarða tap skv. ársreikningi. Þessi félög greiddu engan tekjuskatt og skulduðu samanlagt 2.400 milljarða og áttu 1.050 milljarða í yfirfæranlegt tap.

Rekstrarár	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
------------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------

## Félög með hagnað af rekstri

Rekstrarhagnaður	7.139	7.220	8.864	10.340	11.603	12.577	13.458	14.118	13.416	13.200	13.420	13.867	14.333
NÚLL	1.385	1.625	1.802	2.980	3.559	4.030	4.358	4.959	5.300	3.980	3.402	3.051	2.399
Rekstrartap	5.027	5.204	5.876	6.984	7.431	8.028	8.761	9.705	10.447	12.959	13.706	13.999	14.243
<b>Samtals</b>	<b>13.551</b>	<b>14.049</b>	<b>16.542</b>	<b>20.304</b>	<b>22.593</b>	<b>24.635</b>	<b>26.577</b>	<b>28.782</b>	<b>29.163</b>	<b>30.139</b>	<b>30.528</b>	<b>30.917</b>	<b>30.975</b>
Hlutfall með hagnað af rekstri	52,7%	51,4%	53,6%	50,9%	51,4%	51,1%	50,6%	49,1%	46,0%	43,8%	44,0%	44,9%	46,3%

## Félög með hagnað skv. ársreikningi

Hagnaður skv. ársreikn	6.043	5.944	7.607	8.992	10.557	11.834	12.145	13.516	10.130	11.669	12.932	13.591	13.741
NÚLL	716	825	1.373	2.425	2.894	3.380	3.625	4.025	4.192	3.249	2.621	2.245	1.537
Tap skv. ársreikn	6.792	7.280	7.562	8.887	9.142	9.421	10.807	11.241	14.841	15.221	14.975	15.081	15.697
<b>Samtals</b>	<b>13.551</b>	<b>14.049</b>	<b>16.542</b>	<b>20.304</b>	<b>22.593</b>	<b>24.635</b>	<b>26.577</b>	<b>28.782</b>	<b>29.163</b>	<b>30.139</b>	<b>30.528</b>	<b>30.917</b>	<b>30.975</b>
Hlutfall með hagnað skv. ársr.	44,6%	42,3%	46,0%	44,3%	46,7%	48,0%	45,7%	47,0%	34,7%	38,7%	42,4%	44,0%	44,4%

## Félög með eigið fé

Jákvætt	8.744	8.969	10.654	12.422	13.825	15.514	16.700	18.321	16.330	17.121	17.630	18.215	18.465
Núll	477	453	492	1.184	1.504	1.481	1.362	1.463	1.384	1.212	1.019	988	953
Neikvætt	4.330	4.627	5.396	6.698	7.264	7.640	8.515	8.998	11.449	11.806	11.879	11.714	11.557
<b>Samtals</b>	<b>13.551</b>	<b>14.049</b>	<b>16.542</b>	<b>20.304</b>	<b>22.593</b>	<b>24.635</b>	<b>26.577</b>	<b>28.782</b>	<b>29.163</b>	<b>30.139</b>	<b>30.528</b>	<b>30.917</b>	<b>30.975</b>
Hlutfall með jákvætt eigið fé	64,5%	63,8%	64,4%	61,2%	61,2%	63,0%	62,8%	63,7%	56,0%	56,8%	57,8%	58,9%	59,6%

Eftir hrun fjármálakerfisins fækkaði fyrirtækjum sem voru rekin með hagnaði. Félög þurfa að fjármagna kaup á rekstrareignum, hráefnum og öðru sem varið er til þess að afla teknanna. Oft er öllum rekstrarhagnaði varið til þess að greiða vexti. Árið 2008 voru 13.416 félög með hagnað af rekstri en eftir að vextir höfðu verið greiddir var hagnaður af 10.130 fyrirtækjum. Árið 2008 var eigið fé um 56% fyrirtækja jákvætt. Í hinum 44% voru skuldir hærri eða jafnmiklar og eignir. Frá árinu 2008 hefur rekstur fyrirtækja farið batnandi. Fleiri félög eru með hagnaði og fleiri félög eiga eignir umfram skuldir.

Árið 2012 voru 14.333 félög rekin með hagnaði, 12.273 þeirra voru með hagnað skv. ársreikningi og 7.832 greiddu tekjuskatt en þar af voru 7.066 félög með eigið fé. Þessi 22,8% fyrirtækja voru með 34,8% rekstrartekna. Þau voru með 11,5% af hagnaði skv. ársreikningi og greiddu 68,3% af tekjuskatti.

**Öll félög**

Fjöldi fyrirtækja	30.975
Rekstrartekjur	4.056
Rekstrargjöld	3.098
Hagnaður skv. ársreikningi	1.804
Hreinar tekjur	204
Yfirfærlegt tap	6.283
Eignir	15.281
Skuldir	15.511

**Félög með rekstrarhagnað**

Fjöldi fyrirtækja	14.333
Rekstrartekjur	3.586
Rekstrargjöld	2.481
Hagnaður skv. ársreikningi	1.130
Hreinar tekjur	145
Yfirfærlegt tap	4.466
Eignir	8.658
Skuldir	10.479

**Núll félög**

Fjöldi fyrirtækja	2.399
Rekstrartekjur	1
Rekstrargjöld	1
Hagnaður skv. ársreikningi	0
Hreinar tekjur	0
Yfirfærlegt tap	95
Eignir	284
Skuldir	254

**Félög með rekstrartap**

Fjöldi fyrirtækja	14.243
Rekstrartekjur	470
Rekstrargjöld	616
Hagnaður skv. ársreikningi	673
Hreinar tekjur	59
Yfirfærlegt tap	1.723
Eignir	6.338
Skuldir	4.778

**Félög með hagnað skv. ársreikningi**

Fjöldi fyrirtækja	12.273
Rekstrartekjur	3.248
Rekstrargjöld	2.191
Hagnaður skv. ársreikningi	1.181
Hreinar tekjur	144
Yfirfærlegt tap	4.179
Eignir	7.651
Skuldir	9.428

**Félög með tap skv. ársreikningi**

Fjöldi fyrirtækja	2.045
Rekstrartekjur	337
Rekstrargjöld	290
Hagnaður skv. ársreikningi	-51
Hreinar tekjur	1
Yfirfærlegt tap	287
Eignir	1.002
Skuldir	1.049

**Félög með hagnað skv. ársreikningi**

Fjöldi fyrirtækja	1.321
Rekstrartekjur	138
Rekstrargjöld	212
Hagnaður skv. ársreikningi	911
Hreinar tekjur	58
Yfirfærlegt tap	673
Eignir	3.827
Skuldir	2.363

**Félög með tap skv. ársreikningi**

Fjöldi fyrirtækja	12.895
Rekstrartekjur	332
Rekstrargjöld	403
Hagnaður skv. ársreikningi	-238
Hreinar tekjur	1
Yfirfærlegt tap	1.050
Eignir	2.504
Skuldir	2.409

**Hreinar tekjur**

	Eigið fé			
	Jákvætt	Núll	Neikvætt	
Fjöldi fyrirtækja	7.066	55	711	7.832
Rekstrartekjur	1.410	3	19	1.432
Rekstrargjöld	1.200	2	15	1.217
Hagnaður skv. ársreikningi	208	1	5	213
Hreinar tekjur	140	1	4	144
Yfirfærlegt tap	0	0	0	0
Eignir	1.816	2	10	1.827
Skuldir	751	2	14	767

**Enginn tekjuskattsstofn**

Fjöldi fyrirtækja	2.271	20	2.150	4.441
Rekstrartekjur	1.106	1	709	1.816
Rekstrargjöld	946	0	28	974
Hagnaður skv. ársreikningi	151	0	816	968
Hreinar tekjur	0	0	0	0
Yfirfærlegt tap	282	1	3.896	4.179
Eignir	3.779	0	2.045	5.824
Skuldir	2.709	0	5.952	8.661

**Tekjuskattsstofn**

Fjöldi fyrirtækja	108	0	20	128
Rekstrartekjur	16	0	0	16
Rekstrargjöld	15	0	0	16
Hagnaður skv. ársreikningi	0	0	0	-1
Hreinar tekjur	1	0	0	1
Yfirfærlegt tap	0	0	0	0
Eignir	15	0	1	17
Skuldir	8	0	2	10

**Enginn tekjuskattsstofn**

Fjöldi fyrirtækja	701	5	1.211	1.917
Rekstrartekjur	244	1	77	321
Rekstrargjöld	212	1	62	275
Hagnaður skv. ársreikningi	-21	0	-29	-50
Hreinar tekjur	0	0	0	0
Yfirfærlegt tap	128	0	158	287
Eignir	692	0	293	985
Skuldir	556	0	483	1.039

**Tekjuskattsstofn**

Fjöldi fyrirtækja	400	4	17	421
Rekstrartekjur	37	0	0	37
Rekstrargjöld	46	0	0	47
Hagnaður skv. ársreikningi	56	0	25	81
Hreinar tekjur	52	0	6	58
Yfirfærlegt tap	0	0	0	0
Eignir	1.598	0	1	1.598
Skuldir	1.165	0	8	1.173

**Enginn tekjuskattsstofn**

Fjöldi fyrirtækja	593	15	292	900
Rekstrartekjur	93	0	7	100
Rekstrargjöld	138	13	14	166
Hagnaður skv. ársreikningi	373	226	232	830
Hreinar tekjur	0	0	0	0
Yfirfærlegt tap	293	2	378	673
Eignir	2.065	0	164	2.229
Skuldir	555	0	636	1.191

**Tekjuskattsstofn**

Fjöldi	173	24	1	198
Rekstrartekjur	3	1	0	4
Rekstrargjöld	4	1	0	5
Hagnaður skv. ársreikningi	-2	-2	0	-4
Hreinar tekjur	1	0	0	1
Eignir	36	7	0	43
Skuldir	19	8	0	27

**Enginn tekjuskattsstofn**

Fjöldi fyrirtækja	5.970	194	6.452	12.616
Rekstrartekjur	203	2	115	320
Rekstrargjöld	229	6	155	390
Hagnaður skv. ársreikningi	-142	-5	-89	-236
Hreinar tekjur	0	0	0	0
Yfirfærlegt tap	403	118	529	1.050
Eignir	2.064	0	417	2.482
Skuldir	1.236	0	1.164	2.400

Árið 2012 voru 14.243 félög rekin með tapi, 12.895 þeirra voru með tap skv. ársreikningi. Skuldir 6.452 þessara félaga voru hærrí en eignir. Þessi 20,8% fyrirtækja voru með 2,8% rekstrar-tekna. Þau voru með 8,4% af yfirfærlegu tapi og 7,5% af skuldum fyrirtækja sem skila rafrænu skattframtali. Bróðurpartur yfirfærlegs taps, 66,5%, og skulda, 55,8%, var hjá fyrirtækjum sem voru með hagnað skv. ársreikningi 2012.



Ása Ögmundsdóttir, Hilmar Ögmundsson, Vittus Qujaukitsoq og Pétur Ásgeirsson.

## Fjármálaráðherra Grænlands í heimsókn hjá RSK

Vits er þörf þeim er víða ratar.  
Dælt er heima hvað.  
Að augabragði verður sá er ekki kann og með snotrum situr.

Úr Hávamálum

Þann 16. janúar síðastliðinn fékk ríkisskattstjóri góða gesti í heimsókn þegar grænlandski fjármála- og innanríkisráðherrann Vittus Qujaukitsoq heimsótti stofnunina ásamt aðstoðarmanni sínum, Hilmar Ögmundssyni. Með í för voru Pétur Ásgeirsson sendiherra Íslands á Grænlandi og Ása Ögmundsdóttir sérfræðingur í fjármála- og efnahagsráðuneytinu.

Af hálfu ríkisskattstjóra sátu fundinn Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri, Ingvar J. Rögnvaldsson vararíkisskattstjóri, Sigurður Jensson sviðsstjóri eftirlitssviðs, Jón Guðmundsson skrifstofustjóri á fagsviði, Páll Kolbeins sérfræðingur á fjármálasviði og Guðrún J. Jónsdóttir sviðsstjóri alþjóðasamskipta.

Fulltrúar ríkisskattstjóra kynntu helstu atriði í íslenski skattalöggjöf, þar á meðal þær miklu og mörgu skattalagabreytingar sem samþykktar hafa verið frá haustmánuðum 2008. Þá var skipulag á stjórnarsýslu skattamála kynnt og farið yfir þann árangur sem náðst hefur með sameiningu skattstjóraembættanna og ríkisskattstjóra þrátt fyrir aukinn niðurskurð og aðhald í fjárveitingum. Ítarleg kynning var jafnframt á því tækni- og verkferli sem ríkisskattstjóri stendur fyrir og starfar í, ásamt því að fara yfir helstu verkefni í skatteftirliti.

Gestirnir virtust ánægðir með þær upplýsingar sem þeir fengu og miðluðu upplýsingum um hvernig skattamálum og skipulagi þeirra væri háttað í Grænlandi. Þá var rætt um þær miklu framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru í námavinnslu í Grænlandi og kosti og galla hennar.

Ríkisskattstjóri leggur áherslu á að eiga gott samstarf við skattfyrirvöld erlendra ríkja og þá helst þeirra ríkja sem standa okkur næst og við berum okkur helst saman við. Í heimsóknum sem þessum felast tækifæri til að efla tengslin og samstarfið enn betur. Um það ættu allir að geta verið sammála.

GJJ





# Birting úrskurða yfirséttanefndar í Tíund

Um yfirséttanefnd gilda lög nr. 30/1992. Í þeim lögum er kveðið á um að ágreiningsmál um ákvörðun skatta, gjalda og skattstofna, þ.m.t. rekstrartöp skulu úrskurðuð af sérstakri óháðri nefnd, yfirséttanefnd. Þá hafa lögina m.a. að geyma ákvæði um úrskurðarvald nefndarinnar, aðild og málsmeðferð, hæfi nefndarmanna, birtingu úrskurða og málskot til dómstóla. Lögina hafa þannig að geyma ákvæði sem kveða á um að nefndin skuli birta árlega, á vefsíðu sinni, helstu úrskurði sem kveðnir hafa verið upp sbr. 14. gr. laga um yfirséttanefnd. Ákvæðið heimilar að stytta úrskurði en tryggt skuli að úrskurðir sem teljast hafa fordæmisgildi birtist á vefsíðunni.

Í XI. kafla laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, er að finna ákvæði um ríkisskattstjóra. Í 101. gr. laganna kemur fram að ríkisskattstjóri skuli hafa með höndum álagningu opinberra gjalda samkvæmt lögnum og lögum um aðra skatta og gjöld sem honum er falið framkvæmd á. Ríkisskattstjóri skal setja í þessu skyni framkvæmdar- og starfsreglur ásamt leiðbeiningum

og verklagsreglum og þá skal ríkisskattstjóri enn fremur birta reglur og ákvarðanir sem hann metur svo að hafi þýðingu fyrir skattaðila.

Á grundvelli framangreinds ákvæðis í tekjuskattlögum hefur ríkisskattstjóri um þó nokkurt skeið reifað í Tíund þá úrskurði sem taldir eru markverðir fyrir ýmsar sakir.

Oft á tíðum er samhljómur á milli reifana ríkisskattstjóra í Tíund og þeim úrskurðum sem yfirséttanefnd kys að birta á vefsíðu sinni en það kemur fyrir að ríkisskattstjóri telji ástæðu til að birta úrskurði sem yfirséttanefnd birtir ekki. Stundum er um að ræða úrskurði sem ríkisskattstjóri metur fordæmisgefandi og stundum er um að ræða úrskurði sem talið er að eigi erindi til lesenda Tíundar m.a. vegna þess að efni þeirra varðar stóran hóp skattaðila.

Því fer fjarri að ríkisskattstjóri birti eingöngu úrskurði þar sem fallist er á sjónarmið skattyfirvalda. Hver og einn úrskurður sem yfirséttanefnd kveður upp er metinn út frá því hvort efni hans eigi erindi við þorra skattaðila.

**GJJ**

# Úrskurðir yfirskattanefndar

372/2013

## Söluréttur – Kaupréttur – Sératkvæði

Í málinu var deilt um þá ákvörðun ríkisskattstjóra að hækka tekjuskatts- og útsvarstofn kæranda um kr. 187.688.698 vegna launatengdra hlunninda tekjuárið 2005.

Ríkisskattstjóri byggði endurákvörðun sína á því að kæranda hefðu hlotnast hlunnindin með samningi við vinnuveitanda sinn um kaup á hlutafé í honum (vinnuveitandanum). Með samningnum skuldbatt vinnuveitandi sig til að kaupa hlutabréfin aftur af kæranda að þremur árum liðnum á sama verði og kærandi keypti þau að teknu tilliti til fjármagnskostnaðar og álags. Jafnframt hafði vinnuveitandinn rétt til að kaupa hlutabréfin aftur léti kærandi af störfum hjá félaginu. Kaupnýtingarverð vinnuveitandans var í því tilviki ákveðið með hliðsjón af upphaflegu kaupverði að teknu tilliti til fjármagnskostnaðar og álags.

Ríkisskattstjóri reiknaði mismun á markaðsverði hlutabréfanna og kaupnýtingarverði á þeim tímapunkti sem aðilar sögðu upp samningsákvæðum þeim sem tóku til söluréttar kæranda og kaupréttar vinnuveitandans. Þann mismun tekjufærði ríkisskattstjóri hjá kæranda sbr. framangreint. Þá bætti ríkisskattstjóri 25% álagi við þessa hækkun tekna og nam álagið kr. 46.922.174.

Kærandi sætti sig ekki við þessa niðurstöðu ríkisskattstjóra og kærði úrskurðinn til yfirskattanefndar og krafðist þess að úrskurðurinn yrði felldur úr gildi.

Röksemdir kæranda fyrir kröfu sinni lutu að því að frestur skattyfirvalda til endurákvörðunar væri liðinn þar sem úrskurður ríkisskattstjóra hafi ekki verið birtur kæranda fyrr en að liðnum sex árum frá tekjuárinu 2005.

Um þessa málsástæðu kæranda vísaði yfirskattanefnd til þess að póstsending ríkisskattstjóra var afhent kæranda þann 2. janúar 2012 en samkvæmt yfirliti frá Íslandspósti hf. var úrskurðurinn póstagður þann 30. desember 2012. Endurákvörðun í skilningi 1. mgr. 97. gr. tekjuskattslaga fór

því fram þann dag og var hún því innan þess sex ára frests sem skattyfirvöld hafa til endurákvörðunar samkvæmt ákvæðinu.

Þá vísaði kærandi til þess að með dómi Hæstaréttar í máli kæranda gegn íslenska ríkinu nr. 626/2010 hafi verið tekin efnisleg og bindandi ákvörðun um álögð opinber gjöld kæranda og hafi kærandi haft réttmæta ástæðu til að ætla að ríkisskattstjóri teldi ekki ástæðu til frekari aðgerða í málinu.

Í úrskurði yfirskattanefndar kemur fram að með tilvitnuðum dómi Hæstaréttar hafi verið fallist á þá kröfu kæranda að fella úr gildi úrskurð ríkisskattstjóra dags. 26. maí 2010, um endurákvörðun opinberra gjalda kæranda gjaldárin 2005 og 2006. Dómurinn féllst hins vegar ekki á

þann 6. apríl 2011 til samræmis við dóm Hæstaréttar. Yfirskattanefnd taldi að slíkar leiðréttingar, þ.e. í kjölfar dóms, væri ekki unnt að líta á sem endurákvörðun í skilningi 96. og 97. gr. tekjuskattslaga. Tilkynningu ríkisskattstjóra frá 6. apríl 2011 var því ekki hægt að skilja á þann veg að bindandi afstaða hafi verði tekin til skattskila kæranda þannig að ekki væri unnt að taka skattskil hans fyrir sömu ár til meðferðar að nýju.

Kærandi vísaði til þess að ríkisskattstjóri hefði með úrskurði sínum brotið gegn jafnræðisreglu 11. gr. stjórnisýslulaga þar sem kærandi væri sá eini af rúmlega 60 manna hópi starfsmanna sem hefði þurft að sæta endurákvörðun vegna umræddra hlutabréfaviðskipta.



viðurkenningarkröfu kæranda sem laut að réttmæti þeirra gjaldstofna til álagningar opinberra gjalda sem hann hafði tilgreint í skattframtölum sínum framangreind gjaldár. Réttaráhrif dómsins voru því þau að umræddur úrskurður ríkisskattstjóra var felldur úr gildi og réttarástandið því orðið eins og engin ákvörðun um hækkun launa hefði verið tekin í skattskilum kæranda. Ríkisskattstjóri tilkynnti kæranda um breytingar á opinberum gjöldum hans

Yfirskattanefnd vísaði til þess að misbrestur sem kann að verða á framkvæmd stjórnvalds á tiltekinni réttarreglu gagnvart einstökum aðilum leiði ekki til þess að aðrir aðilar geti krafist þess í skjóli jafnræðisreglu að meintu athafnaleysi sé haldið áfram.

Jafnframt benti kærandi á að ríkisskattstjóri hefði með afturvirkum hætti breytt stjórnisýslufrákvæmd og það væri andstöðu við 2. mgr. 77. gr. stjórnarskrár-



innar og meginreglugljúrnstjórnsýsluréttarins. Með úrskurði ríkisskattstjóra væri tekin upp framkvæmd sem kærandi hefði ekki getað séð fyrir og hafi hann haft réttmætar ástæður til að ætla að ríkisskattstjóri myndi ekki breyta fyrri skattframkvæmd sinni að gengnum fyrrgreindum dómi Hæstaréttar í máli nr. 626/2010.

Um þetta atriði segir í úrskurði yfirs-kattaneftndar að með nefndum dómi Hæstaréttar hafi ekki verið gerðar at-hugasemdir við þann lagagrundvöll sem skattlagning ríkisskattstjóra hefði verið reist á heldur væri tekið fram í dóminum að kæranda hefðu hlotnast skattskyld hlunnindi samkvæmt 1. tölul. A-liðar 7. gr. tekjuskattslaga. Þar sem fyrri skatt-lagning ríkisskattstjóra hefði ekki fengið brautargengi fyrir dómstólum þá yrði að líta svo á að ekki hafi verið til að dreifa gildri skattframkvæmd á þessu sviði. Ríkis-skattstjóra var því heimilt að taka mál kæranda til meðferðar að nýju enda hefði Hæstiréttur ekki fallist á viðurkenningar-kröfu kæranda. Kærandi gat þannig ekki vænst þess að ekki kæmi til frekari aðgerða skattyfirvalda í kjölfar dóms Hæstaréttar.

Hvað varðar efnislegan þátt málsins þá vísaði yfirs-kattaneftnd til þess að taka yrði undir það með ríkisskattstjóra að um ákvörðun um tekjur manns af söluverði sem hann hefur öðlast vegna starfa fyrir annan aðila fari eftir almennum reglum tekjuskattslaga.

Þá taldi yfirs-kattaneftnd að dóma Hæstaréttar í málum nr. 626/2010 og 241/2010 bæri að skilja þannig:

*„að söluverður sem vinnuveitandi veitir starfsmanni við hlutabréfakaup í tengslum við starfssamband aðila geti leitt til skattskyldu hjá launamanninum, annað hvort eða bæði við veitingu söluverðarinnar vegna verðmætis þeirrar tryggingar sem starfsmanni er þá veitt gegn lækkun á gangverði hlutabréfanna og/eða við nýtingu starfsmanns á fengnum söluverði vegna hagnaðar sem svari til mismunar á söluverði og markaðsverði hlutabréfanna á þeim tíma“.*

Yfirs-kattaneftnd vísaði einnig til þess að forsendur dómanna yrði að skilja þannig að aflétting kvaðar sem starfsmaður hefur gengist undir í tengslum við hlutabréfakaup geti með sjálfstæðum hætti talist skattskyldur ávinningur hjá starfsmanninum.

Yfirs-kattaneftnd vísaði til þess að ekki væri hægt að líta framhjá því að í desember 2005, þegar kærandi og vinnu-

veitandi hans sammæltust um að fella niður ákvæði í samningi þeirra um söluverð kæranda og kauprétt vinnuveitanda, losnaði kærandi „úr viðjum kaupréttar vinnuveitanda síns sem hann hafði undir-gengist með greindu kaupréttarákvæði.“ Atvik voru því með sama hætti og greinir í dómi Hæstaréttar frá 13. október 2011 í máli nr. 241/2010, og máli kæranda sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 626/2010. Yfirs-kattaneftnd áréttaði að í tilvitnuðum dómum eru tilgreind atvik sem ráða skattskyldu fortakslaut auk þess sem afmörkun hlunnindanna er útfærð til hlítar með tilliti til ákvörðunar á verðmæti viðkomandi hlunninda. Ríkisskattstjóra var því rétt að telja til tekna hjá kæranda þann ávinning sem hann naut með því að kaupréttur vinnuveitanda hans féll niður í desember 2005.

Til vara vísaði kærandi til þess að fjárhæðir og útreikningur á meintum hlunnindum væri ekki réttur og að ríkis-skattstjóri hafi vanrækt að gefa árlega út hlunnindamat á þeim hlunnindum sem um ræðir í málinu.

Af þessu tilefni benti yfirs-kattaneftnd á að í reglum fjármálaráðherra um skattmat vegna tekna manna tekjuárið 2005, sem birtar voru í B-deild Stjórnartíðinda, kemur fram að viðurgjörning skuli telja starfsmönnum til tekna miðað við gangverð eða markaðsverð, þ.e. það verð sem það hefði kostað starfsmann að kaupa, leigja eða greiða fyrir afnot af því sem hann fékk. Í hlut kæranda féllu hlutabréf og var því rétt að líta til gangverðs þeirra við mat á skattskyldum hlunnindum hans. Það hafi verið gert í úrskurði ríkisskattstjóra.

Yfirs-kattaneftnd féllst á það með kæranda að samkomulag um niðurfellingu sölu- og kaupréttar hafi í raun tekist 1. desember 2005 en ekki 30. þess mánaðar. Af þeim sökum bæri að miða við gengi hlutabréfanna þann dag og var tekjufærsla lækkuð í kr. 155.171.618.

#### **Sératkvæði:**

Einn nefndarmanna yfirs-kattaneftndar skilaði sératkvæði. Í sératkvæðinu kemur fram að taka bæri aðalkröfu kæranda til greina þar sem ekki stæði nægilega örugg heimild til skattlagningar.

Í forsendum sératkvæðisins kemur fram að ekki sé ástæða til að ætla annað en að kaupréttur vinnuveitanda geti haft verðgildi á sama hátt og talið hefur verið unnt að setja verðmat á söluverð sem vinnuveitandi veitir starfsmanni sínum. Skoða verði kauprétt vinnuveitanda sem

íþyngjandi ákvæði gagnvart starfsmanninum og því kunni að vera rétt að taka tillit til þess þegar söluverðarsamningur er verðmetinn. Aflétting kvaðar um kauprétt vinnuveitanda getur þannig falið í sér starfstengd hlunnindi þegar þar að kemur á grundvelli áður ákvarðaðs verðgildis á kauprétti vinnuveitanda.

Sú aðferð sem ríkisskattstjóri beitti við ákvörðun á fjárhæð hlunnindanna tiki með engu móti mið af framangreindri aðferð við mat á hlunnindum. Þá taldi nefndarmaðurinn ekki unnt að líta framhjá því að ríkisskattstjóri gekk út frá því að kærandi hefði eignast þau hlutabréf sem samningurinn tók til. Samkvæmt því væri naumast séð að fyrrgreind viðmiðun ríkisskattstjóra væri samrýmanleg þeirri meginreglu „að til skattskyldra tekna teljist eigi sá eignarauki sem stafi af því að fjármunir skattgreiðenda hækki í verði,“ eins og segir í sératkvæðinu.

*Söluverður sem vinnuveitandi veitir starfsmanni við hlutabréfakaup í tengslum við starfssamband aðila getur leitt til skattskyldu hjá starfsmanninum, annað hvort eða bæði við veitingu söluverðarinnar vegna verðmætis þeirrar tryggingar sem starfsmanni er þá veitt gegn lækkun á gangverði hlutabréfanna, og/eða við nýtingu starfsmanns á fengnum söluverði vegna hagnaðar sem svari til mismunar á söluverði og markaðsverði hlutabréfanna á þeim tíma*

#### **373/2013**

#### **Gjaldmiðlasamningar – vextir – skattransókn**

Ágreiningurinn í málinu snerist um hækkun ríkisskattstjóra á fjármagnstekjuskattsstofni kæranda tekjuárin 2007 og 2008 vegna vanframtalinnar tekna af viðskiptum með gjaldmiðlasamninga hjá Glitni banka hf. Nam hækkun kr. 13.314.000 fyrra árið og kr. 97.190.000 það síðara. Endurákvörðun ríkisskattstjóra var byggð á rannsókn skattransóknarstjóra ríkisins.

Kærandi krafðist þess að úrskurður ríkisskattstjóra yrði felldur úr gildi og færði bæði formleg og efnisleg rök fyrir þeirri kröfu sinni.

Í fyrsta lagi vísaði kærandi til þess að skattransóknarstjóri ríkisins hefði farið út fyrir valdsvið sitt og inn á verksvið ríkisskattstjóra vegna skatteftirlits. Um væri að ræða tekjur utan atvinnurekstrar og deiluefni málsins lúti að túlkun laga, eðli tekna og tímamörkum tekjufærslu.



Þá hafi skattrannsóknarstjóri ríkisins verið fyrirfram búinn að ákveða að um vanframtaldar tekjur væri að ræða og því til viðbótar hefði ríkisskattstjóri ekki tekið sjálfstæða og rökstudda afstöðu til málsins í hinum kærða úrskurði.

Yfirsattanefnd vísaði til reglugerðar nr. 373/2001, um framkvæmd skattteftirlits og skattrannsókna, og taldi að við afmörkun skattteftirlits annars vegar og skattrannsókna hins vegar bæri að túlka verksvið skattteftirlits með varfærni og þröngt gagnvart skattrannsóknum þannig að vafatilfelli yrðu talin falla undir skattrannsóknir. Yfirsattanefnd taldi að skattrannsóknarstjóri ríkisins hefði verið innan valdheimilda sinna við rannsókn á máli kæranda. Þá taldi yfirsattanefnd að engir þeir annmarkar hafi verið á rökstuðningi ríkisskattstjóra að varða ættu ógildinguna á úrskurði hans.

Kærandi hafði gert samning við Glitni banka hf. á árinu 2006 um gjaldeyrisstýringu. Samkvæmt samningnum lét kærandi bankann hafa kr. 15.000.000 til að fjárfesta í gjaldeyri. Glitnir átti að nota þetta framlag kæranda til „stöðutöku og afleiðuviðskipta með gjaldeyri á alla helstu gjaldeyriskrossa og gengisvísitölur, jafnt innlenda sem erlenda.“ Í samningnum var tekið fram að Glitnir banki hf. bæri undir engum kringumstæðum ábyrgð á þeim skattalegu afleiðingum sem kynnu að vera samfara fjárfestingum á grundvelli samningsins.

Óumdeilt var að hagnaður af viðskiptum kæranda samkvæmt samningnum nam kr. 13.314.000 tekjuárið 2007 og kr. 97.190.000 tekjuárið 2008. Þá nam tap af viðskiptum kr. 9.647.000 fyrra árið og kr. 22.554.000 síðara árið. Kærandi krafðist þess að fá að draga frá hagnaði tap sem hafði orðið þar sem líta yrði á viðskipti samkvæmt samningnum sem einn gjörning. Yfirsattanefnd taldi að líta bæri á viðskipti kæranda sem afleiðuviðskipti eins og lög um verðbréfavíðskipti skilgreina þau. Samkvæmt víðtæku orðalagi 2. málsl. 2. mgr. 8. gr. tekjuskattslaga teljast hvers kyns tekjur af peningalegum eignum til tekna sem vextir. Afleiðusamningar þeir sem kærandi átti viðskipti með leiddu ekki til afhendingar verðmæta af neinu tagi honum til handa og var af þeim sökum ekki unnt að líta á tekjurnar sem söluhagnað eigna. Um var að ræða tekjur af peningalegum eignum sem skattleggja bar sem vexti. Í lögum var því ekki að finna heimild til að draga tap frá skattskyldum tekjum.

Kærandi bar því við að engar tekjur hafi verið innleystar á árinu 2007 og af

þeim sökum ætti að fella niður tekjufærslu vegna þess tekjuárs.

Yfirsattanefnd vísaði til þess að kæranda hafi borið að telja tekjur af afleiðusamningum fram til tekna við uppgjör eða lokun einstakra samninga þau ár sem um ræðir. Þá vísaði yfirsattanefnd til þess að í málinu lægi fyrir að greiðslum vegna viðskiptanna var ráðstafað inn á bankareikninga í nafni kæranda.

*Tekjur af afleiðusamningum teljast til tekna af peningalegum eignum og skattleggjast sem vextir. Ekki er heimilt að draga frá hagnaði tap af afleiðuviðskiptum.*

**374/2013**

### **Virðisaukaskattur – blönduð starfsemi – þrotabú**

Málavextir eru þeir að kærandi var skráður á grunnskrá virðisaukaskatts frá 1. janúar 1990 vegna reksturs heilsu- og líkamsræktarstöðvar. Í janúar 2010 tilkynnti skiptastjóri að bú félagsins hefði verið tekið til gjaldþrotaskipta og var óskað eftir því að þrotabúinu yrði úthlutað nýju virðisaukaskattsnúmeri. Í febrúar 2010 tilkynnti ríkisskattstjóri um nýtt númer og að rekstrarform væri „þrotabú fyrirtækis v/vsk“, en atvinnugrein samkvæmt ÍSAT2008 væri lögfræðipjónusta.

Kærandi skilaði inn virðisaukaskattsskýrslum fyrir uppgjörstímabilin janúar-febrúar 2010 til og með september-október 2011, þar sem eingöngu var tilgreindur innskattur. Á grundvelli þessara skýrslna fékk kærandi endurgreiddar kr. 2.361.682 vegna ársins 2010 og kr. 2.807.476 vegna ársins 2011.

Í framhaldi af skýrsluskilum kæranda fyrir tímabilið nóvember - desember 2011, þar sem innskattur var tilgreindur kr. 163.952 óskaði ríkisskattstjóri eftir því að gerð yrði grein fyrir tilfærðum innskatti.

Í svörum kæranda kom fram að þrotabúinu hefði staðið í umfangsmiklum riftunarmálum vegna eigna sem talið var að ráðstafað hefði verið með ólög-mætum hætti. Ríkisskattstjóri benti á að áður en bú kæranda hefði verið tekið til gjaldþrotaskipta hefði það staðið að blönduðum rekstri þar sem virðisaukaskattsskyld starfsemi hefði numið 0,46% af heildartekjum félagsins. Ríkisskattstjóri óskaði eftir því að kærandi upplýsti hvaða eignir verið væri að sækja með riftunarmálunum og hvornig þær tengdust þeim hluta rekstrarins sem hefði verið virðisaukaskattsskyldur. Engar skýringar bárust

og boðaði ríkisskattstjóri niðurfellinguna á tilfærðum innskatti á skýrslu fyrir nóvember - desember 2011, sem og innskatti ársins 2010 og áður tilfærðum innskatti vegna fyrri uppgjörstímabila 2011.

Kærandi mótmælti fyrirhuguðum niðurfellingum og vísaði til þess að engin starfsemi hefði verið í þrotabúinu eftir úrskurð um gjaldþrotaskipti og skipun skiptastjóra. Innskattaður kostnaður væri tilkominn vegna starfa skiptastjóra sem hefði höfðað fjögur riftunarmál í því skyni að hámarka eignir búins. Ekki væri um blandaða starfsemi að ræða í tilviki kæranda enda væri ekki um áframhaldandi starfsemi að ræða.

Ríkisskattstjóri tilkynnti kæranda í máli 2012 að virðisaukaskattur væri endur-ákvæðaður vegna uppgjörstímabilsins nóvember-desember 2011 þannig að skattskyld velta, útskattur og innskattur, væri 0 kr. Þá felldi ríkisskattstjóri niður tilfærðan innskatt á árinu 2010 og 2011 vegna fyrri uppgjörstímabila.

Í úrskurði yfirsattanefndar kemur fram að samkvæmt langvarandi skattframkvæmd hafi verið litið á þrotabú aðila sem talist hefur skattskyldur til virðisaukaskatts sem skattskyldan aðila samkvæmt lögum um virðisaukaskatt, þannig að skrá skuli þrotabúinu á grunnskrá virðisaukaskatts. Skattskylda þrotabúa taki þannig til atvinnurekstrar sem það kann að hafa með höndum og til sölu á rekstrarfjármunum og vörubirgðum úr búinu. Hafi þrotamaður haft með höndum blandaða starfsemi tekur skattskylda aðeins til þess þáttar starfseminnar sem skattskyld var.

Yfirsattanefnd vísaði til þess að engin sérstök ákvæði séu í lögum um uppgjör á virðisaukaskatti þrotabúa og ættu því almennar reglur við. Var því ekki fallist á sjónarmið í kærinni þess efnis að um virðisaukaskattsskil kæranda fari án tengsla við rekstur kæranda og skipti engu þótt að atvinnugrein hafi verið skráð lögfræðipjónusta.

Þar sem kærandi hefði ekki sýnt fram á að hvaða leyti vinna skiptastjóra tilheyrði þeim þætti þrotabúsins sem stafaði frá virðisaukaskattsskyldri starfsemi var ekki talin ástæða til að haggja við ákvörðun ríkisskattstjóra.

*Virðisaukaskattur af þóknun skiptastjóra getur myndað innskattsrétt hjá þrotabúum ef vinna skiptastjóra tilheyrir þeim þætti þrotabúsins sem stafar frá virðisaukaskattsskyldri starfsemi.*

# DÓMAREIFANIR



Dómar Hæstaréttar Íslands í málunum 606/2013 og 607/2013

## Ólögsmæt úthlutun fjármuna úr einkahlutafélögum skattlögð sem laun

Þann 13. febrúar 2014 kvað Hæstiréttur Íslands upp dóma í tveimur samkynja málum. Hæstiréttur staðfesti sýknudóma Héraðsdóms Reykjavíkur frá 24. júní 2013, en umræddir héraðsdómar voru reifaðar í Tíund sem kom út í október 2013.

Málavextir í báðum málunum eru þeir að ríkisskattstjóri endurávarðaði skatta stefnenda vegna gjaldáranna 2007 og 2009. Til grundvallar endurákvörðun- unum lágu skýrslur skattransóknarstjóra ríkisins þar sem rannsókn skattransóknar- stjóra leiddi í ljós að áfrýjendur höfðu fengið greiðslur frá einkahlutafélögum í sinni eigu sem taldar voru fram sem arður.

Ríkisskattstjóri taldi að umræddar greiðslur væru ólögsmætar í skilningi 74. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög, en ákvæðið skilgreinir hvenær heimilt sé að úthluta arði. Af þessum sökum bæri að skattleggja greiðslurnar sem laun sbr. 1. málsl. 2. mgr. 11. gr. tekjuskattslaga.

Í dómum Hæstaréttar er vísað til þess að samkvæmt lögum um einkahlutafélög sé óheimilt að úthluta fjármunum einka- hlutafélags til hluthafa nema það fari eftir reglum um úthlutun arðs, sem endur- greiðsla vegna lækkunar hlutafjár eða varasjóðs eða vegna félagslita. Úthlutun

sú sem fram fór úr einkahlutafélögum áfrýjenda var hvorki vegna félagslita né vegna lækkunar hlutafjár eða varasjóðs þeirra.

Þá vísaði Hæstiréttur til þess að sam- kvæmt lögum um einkahlutafélög sé eingöngu heimilt að úthluta sem arði hagnaði samkvæmt samþykktum árs- reikningi síðasta reikningsárs, yfirfærðum hagnaði frá fyrri árum og frjálsum sjóðum þegar ójafnað tap hefur verið dregið frá og það fé sem samkvæmt lögum eða samþykktum skal leggja í varasjóð. Þær greiðslur sem fóru frá einkahlutafélögum áfrýjenda voru ekki grundvallaðar á hagn- aði síðasta árs samkvæmt samþykktum ársreikningi og þá var ekki til staðar yfir- færður hagnaður fyrri ára. „Arður“ sem áfrýjendum var úthlutað var því ekki á þeim grundvelli.

Í dómum Hæstaréttar segir svo um út- hlutun úr frjálsum sjóði:

„Við úrlausn þess hvort umrædd út- hlutun fjármuna úr [ ] til áfrýjanda var úr frjálsum sjóði er fyrst til þess að líta að enginn slíkur sjóður var skilgreindur í ársreikningi félagsins. Í annan stað verður af gögnum málsins ekki séð að

tekin hafi verið með formlegum hætti ákvörðun um úthlutun arðs úr félaginu, sbr. 76. gr. laga nr. 138/1994, ... Í þriðja lagi er til þess að líta að samkvæmt 74. gr. laga nr. 138/1994 er ótvírátt að frjálsir sjóðir samkvæmt þeirri lagagrein myndast af rekstrarhagnaði fyrri ára eða niðurfærslu hlutafjár.“

Hæstiréttur taldi að gangvirðisreikningar sem endurspegluðu eingöngu mat á virði hlutabréfa einkahlutafélaganna gætu ekki talist frjálsir sjóðir samkvæmt tilvitnaðri 74. gr. enda hefðu engir raunverulegir sjóðir myndast í rekstri einkahlutafélag- anna við endurmatið. Þá gerðu hvorki lög um einkahlutafélög né lög um árs- reikninga ráð fyrir því að hægt væri að greiða arð fyrirfram úr einkahlutafélögum. Ennfremur gætu ákvæði í lánasamningum milli einkahlutafélaganna og Glitnis banka hf. ekki verið lögsmætur grund- völlum úthlutunar arðs nema fullnægt væri lagaskilyrðum laga um einkahlutafélög í þeim efnum.

Hæstiréttur staðfesti þar með niður- stöðu Héraðsdóms Reykjavíkur og sýknaði íslenska ríkið af kröfum áfrýjenda.

# Frádráttarbærni vaxtagjalda

Með dómi Hæstaréttar Íslands sem kveðinn var upp þann 23. janúar 2014 var íslenska ríkið sýknað af kröfum Samherja hf. sem lutu að ógildingum úrskurðar ríkisskattstjóra og endurgreiðslu á kr. 967.498.286 með dráttarvöxtum.

Í dómi Hæstaréttar kemur fram að málið eigi rætur sínar að rekja til þess að stærstu hluthafar í áfrýjanda stofnuðu Fjárfestingafélagið Fylki ehf. á árinu 2005. Tilgangurinn með stofnun félagsins var að gera öðrum hluthöfum í áfrýjanda yfirtökutilboð og keypti fjárfestingafélagið hluti í áfrýjanda að nafnverði kr. 842.596.913. Við kaupin stofnaði félagið til verulegra skulda. Að þessum hlutabréfakaupum loknum var gerð samrunaáætlun þar sem gert var ráð fyrir að Fjárfestingafélagið Fylkir ehf. og áfrýjandi myndu sameinast þannig að áfrýjandi yrði yfirtökufélag. Í samrunaefnahagsreikningi var gengið út frá því að eignarhlutir fjárfestingafélagsins í áfrýjanda að fjárhæð kr. 10.989.224.367 yrðu færðir út við samrunann, en inn í áfrýjanda myndu renna skuldir fjárfestingafélagsins, að fjárhæð kr. 10.377.279.372. Í efnahagsreikningnum voru aflaheimildir í eigu áfrýjanda endurmetnar og andvirði þeirra hækkað um kr. 4.303.559.150, en að þessu öllu gættu lækkaði eigið fé áfrýjanda úr kr. 13.520.091.120 í kr. 6.635.118.741 vegna samrunans. Í kjölfar samrunans nýtti áfrýjandi yfurfæranlegt skattalegt tap að fjárhæð kr. 267.034.426 sem myndast hafði í rekstri fjárfestingafélagsins. Þá færði áfrýjandi jafnframt til gjalda í reikningsskilum sínum allan kostnað vegna skulda sem fluttust til hans frá fjárfestingafélaginu við samrunann.

Að undangengnum fyrirspurnum ríkisskattstjóra og upplýsingagjöf áfrýjanda kvað ríkisskattstjóri upp úrskurð 16. desember 2011 þar sem opinber gjöld áfrýjanda vegna gjaldáranna 2006, 2007, 2008, 2009 og 2010 voru endurákvörðuð.

Fyrir Hæstarétti krafðist áfrýjandi ógildingar á úrskurðinum vegna atriða sem varða bæði form og efni. Hvað formsatriðin varðar þá bar áfrýjandi annars vegar fyrir sig að ríkisskattstjóri hefði verið vanhæfur til að fjalla um mál hans og hins vegar að tveggja ára frestur samkvæmt 2. mgr. 97. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, til endurákvörðunar gjalda áfrýjanda hafi að hluta verið liðinn. Efnislegar málsástæður áfrýjanda lutu að því að honum hafi bæði verið heimilt að nýta yfurfæranlegt tap Fjárfestingafélagsins Fylkis ehf. í skattskilum sínum vegna gjaldársins 2006, og færa til gjalda í skattskilum allan kostnað vegna lántöku félagsins. Að auki færði áfrýjandi sérstök rök fyrir því að fella bæri niður 25% álag sem ríkisskattstjóri ákvað að beita við endurákvörðun gjalda hans. Til vara krafðist áfrýjandi að hvað sem öðru liði yrði fallið frá tekjufærslu í skattskilum hans fyrir gjaldárið 2008 vegna gengismunar á lánnum sem Fjárfestingafélagið Fylkir ehf. hafði stofnað til.

Vegna þeirrar málsástæðu áfrýjanda sem laut að vanhæfi ríkisskattstjóra og starfsmanna hans vísaði Hæstiréttur til forsendna hins áfrýjanda dóms og dóms Hæstaréttar frá 28. febrúar 2013 í máli 555/2012, en sá dómur var reifaður í Tíund í maí 2013. Þá kemur fram í dómi Hæstaréttar hvað varðar frest skattfirvalda til endurákvörðunar að eins og stóð á í málinu þá hafi skattfyrirvöldum ekki verið heimilt að breyta skattframtölum áfrýjanda á grundvelli 1. mgr. 95. gr. laganna án þess að hafa áður leitað skýringa hans og gefið honum kost á að koma að andmælum sínum. Þar af leiðandi hafi regla 2. mgr. 97. gr. laganna um tveggja ára frest til endurákvörðunar opinberra gjalda ekki átt við. Frestur ríkisskattstjóra til endurákvörðunar var þannig ekki liðinn.

Í dómi Hæstaréttar er svo tekið fram að kaup Fjárfestingafélagsins Fylkis ehf. á hlutum í áfrýjanda áður en félagin runnu

saman hafi eingöngu verið gerð í því skyni að færa eignarhald að áfrýjanda í hendur þeirra sem fyrir áttu stærsta hlut í honum. Við hlutafjárkaupin hafi fjárfestingafélagið stofnað til verulegra skulda sem færðust á herðar áfrýjanda við samrunann. Nær engar eignir færðust til áfrýjanda og eigið fé hans lækkaði verulega við þetta. Þá segir orðrétt í dóminum:

*„Þessi samruni hafði að þessu gættu engan venjulegan eða eðlilegan rekstrartilgang. Þegar af þessari ástæðu var ekki fullnægt skilyrðum 1. mgr. 54. gr. laga nr. 90/2003 til að flytja skattalegt tap Fjárfestingafélagsins Fylkis ehf. til áfrýjanda.“*

Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu héraðsdóms um að áfrýjanda hafi ekki verið heimilt að færa til frádráttar í skattskilum sínum kostnað vegna skulda sem fluttust til hans við samruna við Fjárfestingafélagið Fylki ehf. Þá var álagsbeiting ríkisskattstjóra staðfest.

Vegna varakröfu áfrýjanda benti Hæstiréttur á að ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 31. gr. tekjuskattslaga, sbr. 49. gr. sömu laga, stæði í vegi fyrir því að áfrýjandi gæti fært til gjalda í skattskilum sínum kostnað sem leitt hefur af skuldum sem fjárfestingafélagið stofnaði til vegna kaupa á hlutum í áfrýjanda. Varakröfu áfrýjanda hafnaði Hæstiréttur með svohljóðandi rökstuðningi:

*„Það fær því ekki breytt að samkvæmt 3. tölulið C. liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, sbr. 5. tölulið 1. mgr. 8. gr. sömu laga, ber að telja til tekna gengismun, sem myndast gjaldanda í hag, án tillits til þess hvort gjöld, sem rakin verða til sömu rótar, geti talist frádráttarbær í rekstri hans.“*

Að síðustu var áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda, íslenska ríkinu, kr. 1.000.000 í málskostnað fyrir Hæstarétti.



# Söluhagnaður hlutabréfa

Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur sem kveðinn var upp þann 12. febrúar 2014 var íslenska ríkið sýknað af kröfum Einarssonar og Birnu Hrólfsdóttur.

Málavextir eru þeir að stefnendur seldu hlutabréf sem þau áttu í Glitni banka hf. í apríl 2007 með hagnaði. Í ágúst sama ár festu stefnendur kaup á „C shares“ í bresku hlutafélagi Melrose PLC. Sjö dögum eftir kaupin voru bréfin í breska félaginu seld Glitni banka og nam sölutap vegna þeirra bréfa kr. 964.303.339. Sama dag og bréfin voru seld Glitni féll í gjalddaga arðgreiðsla sem Melrose PLC greiddi stefnendum í ágúst 2007. Bréfum stefnenda í Melrose PLC fylgdu mjög takmörkuð réttindi fyrir utan réttinn til áður greindrar arðgreiðslu.

Á skattframtali 2008 gerðu stefnendur grein fyrir framangreindum viðskiptum og drógu stefnendur sölutap af bréfum Melrose PLC frá söluhagnaði af Glitnis bréfum.

Ríkisskattstjóri kvað upp úrskurð þann 16. febrúar 2010 þar sem sölutap vegna Melrose PLC bréfanna var fellt niður. Úrskurður ríkisskattstjóra var kærður til yfirséðanefndar sem kvað upp úrskurð sinn nr. 139/2010 þann 7. september 2010 og hafnaði yfirséðanefnd öllum kröfum stefnenda.

Að svo komnu máli höfðu stefnendur mál á hendur íslenska ríkinu og kröfðust þess aðallega að úrskurður yfirséðanefndar yrði felldur úr gildi. Til vara kröfðust stefnendur að úrskurður yfirséðanefndar yrði felldur úr gildi að hluta og breytt þannig að álag skv. úrskurði ríkisskattstjóra yrði felld niður.

Stefndu vísuðu til þess að skýr lagaheimild 24. gr. tekjuskattslaga heimili þann frádrátt sem tilgreindur var í skattframtali stefnenda. Túlkun yfirséðanefndar á því að bréfin í Melrose PLC hafi ekki verið hlutabréf heldur einhvers konar krafa eða réttur til arðgreiðslu fái ekki staðist.

Stefnendur bentu á að bréfin í Melrose PLC hafi verið framseld til óháðs og ótengds aðila. Verðlagningin hafi byggst

á því að búið hafi verið að greiða arð sem nam stærstum hluta þeirra eigna sem lá að baki þeirri eign sem fólst í bréfunum. Í úrskurði sínum hafi yfirséðanefnd ekki rökstutt með fullnægjandi hætti að umrædd sala hafi verið að nafni til og af þeim sökum sé ekki unnt að horfa framhjá viðskiptunum líkt og yfirséðanefnd gerir.

Stefndi, íslenska ríkið, byggði sýknukröfu sína á því að úrskurður yfirséðanefndar hafi verið í samræmi við gildandi lög.

Vísaði stefndi til þess að ákvæði 1. mgr. 24. gr. tekjuskattslaga væri undan-tekningarákvæði sem beri að túlka þröngt í framkvæmd. Ákvæðið tilgreini fjögur skilyrði fyrir frádrætti og að uppfylla þurfi öll fjögur skilyrðin. Skilyrðin eru eftirfarandi:

- sala verður að hafa átt sér stað
- eignirnar verða að vera sams konar
- tap verður að hafa myndast við sölu
- ráðstafanir verða að hafa átt sér stað á sama ári

Stefndi taldi að stefnendur hefðu eingöngu uppfyllt síðasta skilyrðið.

Stefndi vísaði til þess að gera þyrfti skýran greinarmun á milli venjulegra hlutabréfa í Melrose PLC, fyrir og eftir arðgreiðslu, annars vegar og hins vegar á „C shares“ sem stefnendur hefðu átt. Samkvæmt arðgreiðsluáætlun félagsins var virði „C shares“ hverfandi og hlutirnir hafi nánast ekki borið nein réttindi. Þá hafi legið fyrir samkvæmt áætluninni að þessi bréf myndu ekki veita rétt til framtíðarhagnaðar í félaginu og eigendur hlutanna ættu engan rétt til frekari greiðslu frá félaginu. Ennfremur hafi stefnendur haft vissu fyrir því að félagið ætti rétt á að innleysa hvenær sem væri og án fyrirvara alla hlutina og lá fyrir að þau yrðu sjálfkrafa innlest af hálfu félagsins þann 30. júní 2008 fyrir eitt penni á hlut. Í eðli sínu hafi bréfin í Melrose PLC því verið ólík hlutabréfum almennt.

Að öllu þessu virtu hafi ekki verið uppfyllt það skilyrði sem tilgreint er í 1. mgr. 24. gr. tekjuskattslaga um að eignirnar verði að vera sams konar.

Stefndi benti á að bréfin í Melrose PLC hafi verið verðlaus eða því sem næst verðlaus eftir arðgreiðsluna. Söluverðið virðist hafa verið ákveðið að nafninu til.

Sá frádráttur sem stefnendur krefjast feli því í raun í sér afskrift hlutanna og að ekki séu því fyrir hendi skilyrði fyrir frádrætti.

Heimild Melrose PLC til innlausnar breyti engu um réttarstöðu stefnenda enda hafi þeim verið óheimilt að framselja bréfin. Sala hluta sem verða ekki framseldir hefur ekki gildi í skattalegum skilningi og að í þeim tilvikum sé um málamyndagerning að ræða sem hafi ekki gildi og sem líta beri framhjá.

Í dómi héraðsdóms kemur fram að þau bréf sem stefnendur seldu í Melrose PLC verði ekki talin sams konar eign og bréf stefnenda í Glitni banka hf. þar sem hlutabréfunum í Glitni hafi fylgt hefðbundin réttindi hlutabréfa eins og greini m.a. í lögum um hlutafélög. Bréfunum í Melrose PLC fylgdu aftur á móti ekki atkvæðisréttur, arðsréttur, þau voru ekki skráð á markaði og voru óframseljanleg. Í dóminum sagði:

*„Sala hluta sem verða ekki framseldir kaupanda hefur ekkert gildi í skattalegum skilningi, enda hefur verið litið svo á að málamyndagerningar sem hafa það að markmiði að koma í veg fyrir rétt skattskil hafi enga skattalega þýðingu og beri skattfyrirvöldum að horfa framhjá slíkum gerningum.“*

Dómurinn féllst á niðurstöðu yfirséðanefndar að telja yrði hafið yfir allan vafa að bréfin í Melrose PLC hafi verið verðlaus eða því sem næst verðlaus í hendi stefnenda þegar þau ráðstöfuðu bréfunum. Verðlagningin hafi eingöngu verið að nafninu til og ekki verði byggt á ráðstöfuninni í skattalegu tilliti. Að þessu virtu hafi skilyrði 1. mgr. 24. gr. tekjuskattslaga ekki verið uppfyllt af hálfu stefnenda.

Íslenska ríkið var samkvæmt framan-sögðu sýknað af öllum kröfum stefnenda.

# Sakamál: Röng upplýsingagjöf til fyrirtækjaskrár RSK

Með dómi Hæstaréttar Íslands sem kveðinn var upp þann 13. mars 2014 voru Lýður Guðmundsson og Bjarnfreður H. Ólafsson fundnir sekir um refsiverða háttsemi fyrir að brjóta gegn ákvæðum laga um hlutafélög.

Málavextir voru þeir að á hluthafafundi í Exista í október 2008 var ákveðið að heimila stjórn félagsins að hækka hlutafé þess um allt að kr. 50.000.000.000. Á fundi stjórnar í desember sama ár kom fram að nauðsynlegt væri að afla féluginu nýs hlutafjár til þess að unnt væri að greiða vexti af sambankaláni sem væri á gjalddaga í desember.

Stjórnin ályktaði að það myndi þjóna hagsmunum Exista best ef gengið væri til viðræðna við BBR ehf. í tengslum við kaup á kr. 1.000.000.000 hlutum í Kvakki ehf. og í kjölfarið yrði hlutafé aukið í féluginu um kr. 50.000.000.000 „með tilliti til hlutanna“.

Þann 8. desember 2008 keypti Exista svo 1.000.000.000 hluta í Kvakki ehf. af BBR ehf. fyrir kr. 50.000.000.000.

Fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra var í samræmi við framangreint send tilkynning sama dag og kaupin fóru fram um að hlutafé í Exista hf. hefði verið hækkað. Í tilkynningunni kom fram að hlutafjárhækkunin næmi kr. 50.000.000.000 og að hlutirnir tilheyrðu sama flokki og eldri hlutir. Þá kom einnig fram í tilkynningunni að hækkunin hafi verið að fullu greidd til félagsins og var um það vísað til sérfræðiskýrslu og staðfestingar endurskoðanda sem fylgdu tilkynningunni. Undir þessa tilkynningu ritaði ákærði Bjarnfreður.

Í áður nefndri sérfræðiskýrslu og staðfestingu endurskoðanda kemur fram að ákveðið hafi verið að hækka hlutafé Exista þannig að heildarhlutafé félagsins yrði kr. 64.174.767.632. Þá sé gert ráð fyrir því að hlutafé verði lækkað fyrir árslok 2008 um kr. 62.891.272.279 til jöfnunar taps. Heildarhlutafé að þessum

aðgerðum loknum verði kr. 1.283.495.353 sem skiptist þannig að kr. 1.000.000.000 verður nýtt hlutafé skv. hækkuninni og að nýju eigendurnir eigi 77,9% eignarhluta í féluginu og eigendur eldri hluta 22,1%. Þá segir svo í skýrslunni að sem endurgjald fyrir 77,9% hlutinn í Exista leggi BBR ehf. fram allt hlutafé í Kvakki ehf. alls að nafnvirði kr. 1.000.000.000 sem samkvæmt endurskoðandanum svaraði að lágmarki til endurgjalds fyrir 77,9% hlut í Exista.

Í ákæru var ákærða Lýði gert að sök að hafa brotið vísvitandi gegn lögum um hlutafélög með því að greiða Exista minna en nafnverð fyrir 50 milljarða nýrra hluta í Exista að nafnverði kr. 50 milljarða. Þá var ákærðu Bjarnfreði og Lýði gefið að sök að skýra vísvitandi og rangt frá hækkun á hlutafé í Exista með áður nefndri tilkynningu til fyrirtækjaskrár ríkisskattstjóra þar sem ranglega kom fram að hlutafjárhækkunin hefði að fullu verið greidd þótt eingöngu kr. 1.000.000.000 hefði verið greiddur.

Í dómi Hæstaréttar kemur fram að ákvæði laga um hlutafélög sem lúta að hækkun hlutafjár og greiðslu þess séu fortakslaus á þann veg að bann sé lagt við því að greiðsla fyrir hvern hlut nemi lægri fjárhæð en nafnverði hans. Ákvæðið tekur jafnt til þess sem innir greiðsluna af hendi og félagsins sem við henni tekur. Þá tiltók Hæstiréttur að ákærði Lýður hafi í raun hlutast til um þessa framkvæmd til að tryggja sér og A yfirráð í Exista. Með þessu var hann talinn hafa brotið gegn 1. mgr. 16. gr. laga um hlutafélög.

Hæstiréttur tiltók að lögmenn væru opinberir sýslunarmenn og bæru skyldur samkvæmt því. Samkvæmt lögum um lögmenn bæri þeim í hvívetna að rækja af alúð þau störf sem þeim er trúað fyrir og neyta allra lögmætra úrræða til að gæta lögvarinna hagsmuna umbjóðenda sinna. Lögmanni er þannig ekki skylt að hlíta fyrirmælum umbjóðanda síns um að tilkynna til stjórnvalds ákvörðun sem

umbjóðandinn hefur tekið en brýtur bersýnilega í bága við lög. Orðrétt segir svo í dóminum:

„Sökum þess að kveðið er á um að lögmenn séu hæfir til þess að staðfesta í slíkri skýrslu hvert sé verðmæti greiðslu fyrir hlut sem fólgin er í öðru en reiðufé, við hækkun hlutafjár í hlutafélagi, sbr. 1. tölulið 1. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 6. gr., sbr. 1. mgr. 37. gr. laga nr. 2/1995, mátti sá sem tók við tilkynningu ákærða Bjarnfreðs líta svo á, eins og hún var úr garði gerð, að hún staðfesti að greiddar hefðu verið 50.000.000.000 krónur fyrir hluti að því nafnverði í Exista hf. í samræmi við 1. mgr. 16. gr. laganna.“

Þá kemur fram í dóminum að ákærði Bjarnfreður þekkti efni skýrslunnar og aðdragandann að gerð hennar, en hann hafði m.a. í tölvupósti til ákærða Lýðs látið í ljósi efasemdir um að efni tilkynningarinnar væri í samræmi við lög. Í skýrslugjöf fyrir dómi lét ákærði Bjarnfreður að auki þau orð falla að hann hefði haft efasemdir um að fyrirtækjaskrá myndi fallast á tilkynninguna því að um væri að ræða „rúma túlkun á 16. greininni“. Þrátt fyrir þetta ritaði hann sem lögmaður undir hina lögboðnu tilkynningu þar sem hlutafjárhækkunin var tilkynnt og staðfest að hún hefði verið greidd að fullu. Hæstiréttur taldi að ákærði Bjarnfreður hefði með þessu skýrt fyrirtækjaskrá á villandi hátt frá því sem fólst í greiðslunni fyrir hina nýju hluti í Exista hf. og nam aðeins 1/50 af því sem lögboðið var. Var hann því sakfelldur fyrir brot á 1. tölul. 153. gr. laga um hlutafélög.

Var ákærði Lýður dæmdur í átta mánaða fangelsi þar af fimm mánuði skilorðsbundið. Ákærði Bjarnfreður var dæmdur í sex mánaða fangelsi, þar af þrjú mánuði skilorðsbundna. Að auki var ákærði Bjarnfreður sviptur héraðsdómslögmansréttindum í eitt ár.

# Söluhagnaður hlutabréfa. Sveitarfélag undanþegið skattskyldu

Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur sem kveðinn var upp þann 7. mars 2014 var íslenska ríkið sýknað af kröfum Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Málavextir eru þeir að stefnandi og Orkuveita Reykjavíkur undirrituðu samkomulag á árinu 2007 um kaup á hlut stefnanda vegna sölu íslenska ríkisins á hlut þess í Hitaveitu Suðurnesja hf. en stefnandi átti forkaupsrétt að hlutum henni. Sama ár samþykkti bæjarstjórn stefnanda að selja Orkuveitunni allt að 95% hlutafjár í hitaveitunni og nam söluverðið kr. 7.643.300.818.

Stefnandi höfðaði mál á hendur Orkuveitunni til greiðslu kaupverðsins og með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 18. mars 2009 var fallist á þá kröfu stefnanda. Orkuveitan áfrýjaði þessum dómi en í ágúst 2009 gerðu stefnandi og Orkuveitan nýtt samkomulag um uppgjör á fyrrgreindu samkomulagi og lauk þá málaferlum.

Að teknu tilliti til þessa nýja samkomulags nam söluhagnaður stefnanda vegna sölu á hlutum í HS Orku kr. 5.476.077.430. Ekki var gerð grein fyrir umræddri sölu í skattframtölum stefnanda fyrir 2007 eða 2008. Í athugasemd í ársreikningi stefnanda fyrir árið 2008 kom fram að stefnandi ætti í málaferlum við Orkuveitu Reykjavíkur. Þá kom fram í athugasemdinni að skattskuldbinding vegna sölunnar væri færð í ársreikning.

Í október 2009 óskaði skattstjóri eftir að stefnandi gæfi skýringar á framtali sínu vegna tekjuársins 2008 og var gerð athugasemd við að söluhagnaður vegna sölunnar væri ekki færður til tekna. Stefnandi gaf þær skýringar að málaferli væru í gangi vegna viðskiptanna og að niðurstaða málsins væri enn óljós.

Í skattframtali stefnanda fyrir tekjuárið 2009 var eingöngu gerð grein fyrir stofni til tryggingagjalds og óskaði ríkisskatt-

stjóri eftir því að stefnandi gerði grein fyrir fjármagnstekjum sínum. Ekkert svar barst frá stefnanda og var því stofn hans til fjármagnstekjuskatts áætlaður í október 2010.

Stefnandi óskaði eftir því með bréfi í nóvember 2010 að skattframtal 2009 vegna tekjuársins 2008 yrði leiðrétt þannig að stofn til fjármagnstekjuskatts yrði hækkaður um kr. 5.467.077.430 sem næmi söluhagnaði vegna sölu á hlutabréfum í HS Orku hf. Í bréfi stefnanda var vísað til þess að í ágúst 2009 hefði náðst samkomulag um uppgjör en niðurstaða um endanlegar fjárhæðir hefðu ekki náðst fyrr en í desember 2009. Stefnandi kærði svo álagningu opinberra gjalda gjaldárið 2010 og óskaði eftir því að fjármagnstekjuskattur fyrir tekjuárið 2009 yrði endurákværður með hliðsjón af leiðréttu skattframtali sem fylgdi.

Ríkisskattstjóri óskaði eftir nánari skýringum vegna kæru stefnanda og í desember 2010 bárust útreikningar og skýringar. Í janúar 2011 boðaði ríkisskattstjóri stefnanda að fyrirhugað væri að úrskurða um leiðrétt framtal ársins 2010 með þeirri breytingu að honum yrði færður til tekna hagnaður af sölu á hlutabréfum í HS Orku hf. Í boðunarbréfinu kom fram að skattstjóri Reykjanesumdæmis hefði verið sammála stefnanda um að á árunum 2007 og 2008 hefði verið um óvissar tekjur að ræða. Í kjölfar dóms héraðsdóms á árinu 2009 væri svo ekki lengur og bæri því að telja tekjurnar fram á því tekjuári sbr. 2. mgr. 59. gr. tekjuskattslaga. Þá var enn fremur tiltekið í boðunarbréfinu að af þessari breytingu leiddi að ekki væri unnt að fallast á erindi stefnanda um að færa söluhagnaðinn til tekna á skattframtal 2009 vegna tekjuársins 2008.

Stefnandi andmælti framangreindri fyrirhugun ríkisskattstjóra. Í framhaldi af þeim andmælum kvað ríkisskattstjóri upp

úrskurð í samræmi við boðunarbréfið.

Stefnandi höfðaði við svo búið mál gegn íslenska ríkinu og krafðist þess aðallega að úrskurður ríkisskattstjóra vegna gjaldársins 2010 yrði felldur úr gildi og að fjármagnstekjuskattsstofn stefnanda það gjaldár yrði lækkaður um kr. 5.467.077.430. Til vara krafðist stefnandi að úrskurðinum yrði breytt þannig að fjármagnstekjuskattsstofn hans 2010 yrði lækkaður um kr. 5.467.077.430 og sama fjárhæð að viðbættum kr. 204.297.372, eða samtals kr. 5.671.374.802 verði færðar til tekna sem söluhagnaður í framtali 2009 vegna tekjuársins 2008.

Til stuðnings kröfum sínum vísaði stefnandi til þess að skort hafi heimild til að skattleggja umræddan söluhagnað og að lögskýring ríkisskattstjóra bryti gegn ákvæðum 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar. Stefnandi vísaði til þess að sveitarfélög og fyrirtæki þeirra og stofnanir hefðu um langt skeið verið undanþegin tekjuskattskyldu. Þegar fjármagnstekjur voru gerðar skattskyldar með lögum nr. 97/1996 hafi skattskylda af tilteknum fjármagnstekjum verið lögð á sveitarfélög. Á þeim tíma hafi gilt sömu reglur um skattlagningu söluhagnaðar af hlutabréfum hvort sem um væri að ræða lögaðila eða sveitarfélag. Síðar hafi svo lögum verið breytt þannig að hagnaður hlutafélaga og samvinnufélaga af hlutabréfum hafi í raun verið gerður skattfrjálgs. Af þessu taldi stefnandi mega ráða að vilji löggjafans hafi staðið til þess að hafa samræmi á skattlagningu þessara tekna óháð því hvort sveitarfélag fengi þær eða skattskyldur lögaðili. Þannig beri að túlka efnislegt innihald þeirrar skattskyldu sem lögfest var með lögum nr. 97/1996 með hliðsjón af þeim breytingum sem gerðar hafa verið á skattskyldu söluhagnaðar hlutabréfa í hendi skattskylds hlutafélags eða samvinnufélags.



Vegna varakröfu sinnar vísaði stefnandi til þess að telja yrði að hagnaður vegna umræddra hlutabréfa hafi fallið til á árinu 2008 sbr. forsendur héraðsdóms í máli því sem rekið var gegn Orkuveitunni. Endanlegur réttur til kaupverðsins hafi ekki stofnast fyrr en stefnandi tilkynnti Orkuveitunni að hann samþykkti að selja 95% af hlutfénu. Þá hafi það ekki verið ljóst fyrr en í mars 2008 að forkaupsréttarhafar hefðu ekki í hyggju að nýta rétt sinn. Stefnandi vísaði ennfremur til þess að salan á hlutabréfunum hefði verið tilgreind í ársreikningi fyrir árið 2008. Þá benti stefnandi á að óvissa um innheimtu kröfu valdi ekki frestun á tekjufærslu.

Íslenska ríkið krafðist sýknu og til stuðnings þeirri kröfu vísaði stefndi til þess að ákvæði 4. mgr. 71. gr. tekjuskattslaga séu skýr og ótvíræð og kveði á um að lögaðilar sem eru undanþegnir skattskyldu skv. 4. gr. laganna skuli greiða tekjuskatt af vöxtum, arði og hagnaði af sölu hlutabréfa. Orðalag ákvæðisins og lögskýringagögn styðji þetta.

Stefndi vísaði því einnig á bug að framangreint ákvæði tekjuskattslaga bryti í bága við jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Málefnaleg sjónarmið ráða því að mismunandi skattar séu lagðir á menn og lögaðila eftir því hvernig tekjum þeirra er hátað og félagaformi. Þannig beri sveitarfélagi, skv. gildandi lögum, að greiða skatt af söluhagnaði sem þau fá af sölu hlutabréfa. Kjósi sveitarfélag að koma hluta af rekstrareiningum sveitarfélags í form hlutafélags eða einkahlutafélags þá sé það yfirleitt gert til að ná rekstrarlegu hagræði. Því fylgi gerbreytt lagaleg staða bæði fyrir viðkomandi rekstur og eiganda hans. Sveitarfélag sem rekur orkuveitu sem sjálfstæða einingu innan sveitarsjóðs er ekki í sambærilegri stöðu og sveitarfélag sem á hlut í hlutafélagi sem rekur orkuveitu.

Vegna varakröfu stefnanda vísaði stefndi til þess að reglan í 2. mgr. 59. gr. tekjuskattslaga geri ráð fyrir að upp geti komið þær aðstæður að tekjur teljist þeirri óvissu háðar að bíða skuli með tekjufærslu til þess árs er óvissunni hefur verið eytt. Skattskil stefnanda sjálfs tóku mið af því að bíða ætti með tekjufærsluna þar sem veruleg óvissa væri um hverjar raunverulegar tekjur yrðu af viðskiptunum vegna lagalegrar óvissu um afdrif málsins. Óvissunni hafi svo verið eytt með dómi héraðsdóms. Stefnandi benti ennfremur á að svo mikil lagaleg óvissa hafi verið í málinu að fallist hafi verið á sjónarmið stefnanda um að skattleggja ekki söluhagnaðinn á tekjuárunum 2007 og 2008 þar sem um

óvissar tekjur hafi verið að ræða. Þá benti stefndi einnig á nýtt samkomulag milli stefnanda og Orkuveitunnar þar sem hluti sölunnar gekk til baka og uppfylla þurfti skilyrði fyrir miðjan desember 2009. Af öllu þessu leiðir að um óvissar tekjur hafi verið að ræða sem komu til skattlagningar á gjaldárinu 2010.

Í dómi héraðsdóms kemur fram að orðalag 4. mgr. 71. gr. tekjuskattslaga sé skýrt og fortakslaut um það að lögaðilar sem eru undanþegnir skattskyldu samkvæmt 4. gr. laganna skuli þrátt fyrir það greiða fjármagnstekjuskatt af vöxtum, arði og hagnaði af sölu hlutabréfa. Forsaga laganna og þingleg meðferð þess frumvarps sem varð að lögum nr. 97/1996 styður þetta. Þá segir í dómnum að engin haldbær rök hafi verið færð fram sem leiði til þess að skýra beri ákvæðið þrengjandi á þá leið að sala hlutabréfa í hlutafélögum á sviði orkuviðnaðar sé undanþegin skattlagningu. Skiptir ekki máli í því sambandi að hagnaður sveitarfélags vegna sölu orkufyrirtækis sem rekið er undir öðru félagaformi kunni að vera undanþeginn.

Í dómnum kemur jafnframt fram að ekki fari á milli mála að þær skattlagningarheimildir sem um er deilt fullnægi 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar. Orðrétt segir um þetta atriði í dómnum:

*„Stöðu stefnanda að lögum og í reynd verður því hvorki jafnað til stöðu einstaklinga né annars konar félaga, svo sem hlutafélaga og samvinnufélaga sem rekin eru í atvinnuskyni.“*

”

**Reglur stjórnarskrárinnar eru ekki því til fyrirstöðu að gerður sé greinarmunur á mismunandi tegundum félaga við skattlagningu sérstaklega þegar um er að ræða félagaform sem hafa eðlisólík hlutverk að lögum og í reynd**

Umræddar reglur stjórnarskrárinnar eru ekki því til fyrirstöðu að gerður sé greinarmunur á mismunandi tegundum félaga við skattlagningu, sérstaklega þegar um er að ræða félagaform sem hafa eðlisólík hlutverk að lögum og í reynd. Þessar meginreglur endurspeglast í þeim skattareglum sem undanþiggja stefnanda að verulegu leyti skattskyldu og búa honum annað skattalegt umhverfi en þorra félaga sem rekin eru í atvinnuskyni. Dómurinn taldi þannig að stöðu stefnanda yrði ekki

jafnað til stöðu annarra skattgreiðenda þannig að ólíkar reglur um skattlagningu hagnaðar við sölu hlutabréfa brjóti gegn stjórnskipulegri jafnræðisreglu.

Vegna varakröfu stefnanda kemur fram í dómnum að frá meginreglunni um að tekjur beri að telja til tekna á því ári sem þær verða til beri að víkja þegar um er að ræða óvissar tekjur. Í þeim tilvikum beri að miða við þann tíma þegar bundinn var endir á óvissuna.

Dómurinn taldi að leggja yrði til grundvallar að þegar ágreiningi um gildi kröfu er skotið til dómstóla verði að ganga út frá því að krafa teljist óviss þar til endanlegur dómur gengur um skuldbindingargildi kröfunnar. Við þær aðstæður er ekki eingöngu unnt að horfa til reglna fjármunaréttar um stofnun og efndatíma kröfu heldur verði að líta til þess tíma þegar endir er bundinn á óvissu um skuldbindingargildi kröfunnar með endanlegum dómi. Í máli þessu ræður það þannig ekki úrslitum að héraðsdómur hafi komist að því að því í máli stefnanda og Orkuveitu Reykjavíkur að bindandi samningur hafi komist á í janúar 2008.

Dómurinn taldi að leggja yrði til grundvallar að stefnandi sjálfur tiltók sölu á umræddum hlutabréfum ekki í skattframtali sínu vegna ársins 2008 heldur gerði grein fyrir henni í ársreikningi. Í ársreikningnum var að auki athugasemd um málaferlin og að skattskuldbinding vegna sölunnar væri færð í ársreikninginn. Þá var í bréfi stefnanda til ríkisskattstjóra

vísad til þess að niðurstaða um endanlegar fjárhæðir á grundvelli viðbótarsamkomulags stefnanda og Orkuveitu Reykjavíkur hefði ekki ráðist fyrr en í desember 2009.

Þessi atriði taldi dómurinn ekki hægt að skilja á annan veg en að stefnandi sjálfur hafi talið að tekjur vegna samkomulagsins sem gert var í júlí 2007 væru óvissar þar til endir væri bundinn ágreiningur við Orkuveitu Reykjavíkur.

Íslenska ríkið var samkvæmt framsögðu sýknað af öllum kröfum stefnanda.



Starfsmenn ríkisskattstjóra á Ísafirði á bleika deginum í október sl. Súperkonurnar eru taldar frá vinstri, Margrét Brynja Jónsdóttir, Bergþóra Bergmundsdóttir, Harpa Björnsdóttir, Hanna Mjöll Ólafsdóttir, Rósa Helga Ingólfssdóttir og Hulda Pétursdóttir.

## Harpa Björnsdóttir

# *Pegar gustaði um pappírinn*

Harpa Björnsdóttir heiti ég og vinn hjá ríkisskattstjóra á Ísafirði. Af einhverjum ástæðum hefur löngum verið talið að það væri ekki mjög spennandi að vinna á skattstofunni og að það væri nú frekar þurr og leiðinlegt starf að sitja og fást við tölur alla daga. En með sögunni minni ætla ég að sýna fram á að ævintýri geta líka gerst á skattstofunni. Eða allavega lenti ég í smá ævintýri í vinnunni sem hægt er að hlæja að.

Það var á góðum sumardegum hér á Ísafirði í byrjun júní fyrir tveimur árum. Glugginn á skrifstofunni minni snýr út að Pollinum á móti suðri og þegar sólin skín bakar hún gluggana og það hitnar vel innandyrna. Ég hafði opnað gluggann að venju til að fá ferskt loft og reyna að kæla skrifstofuna aðeins.

Skattstofan er á fjórðu hæð í stjórnsýsluhúsinu og er útsýnið yfir fjörðinn og Pollinn mjög fallegt. En þannig er

að lögreglustöðin er sambyggð við stjórnsýsluhúsið og er ein hæð þannig að þakið á lögreglustöðinni nýtist sem þaksvalir fyrir stjórnsýsluhúsið. Til að komast út á svalirnar þarf að fara í gegnum fundarsal bæjarskrifstofunnar á Ísafirði sem er á annarri hæð.

Þar sem ég vinn í virðisaukaskattsdeild og skiladagur virðisaukaskatts í júní var nýliðinn þá var ég með mikið af hreyfingalistum á pappír hjá mér. Til að létta aðeins á skrifborðinu lagði ég





bunka af hreyfingalistum á hillu sem er undir glugganum.

Klukkan var um 12:30 og helmingur starfsfólksins á skattstofunni var í mat þegar síminn hringdi og ég

svaraði. Á meðan ég var að aðstoða kunnann í símanum kom vindhviða og sá ég útundan mér einhverja hreyfingu við gluggann. Þegar ég leit til hliðar voru pappírar að fljúga um loftið eins og fiðrildi. Að símtali loknu týndi ég pappírinn af gólfinu en fékk síðan hugboð og ákvað að líta út um gluggann. Ég hrökk í kút þegar ég sá að eitt blað hafði flogið út um gluggann og lá á þaksvölunum fyrir neðan.

Ég stökk af stað og niður á bæjarskrifstofuna á annarri hæð til að fá að fara í gegnum fundarsalinn og út á svalirnar. Þegar ég kom út á svalir flýtti ég mér að ná í pappírinn og ætlaði að fara inn aftur þegar önnur vindhviða kom og hurðin skall aftur rétt við nefið á mér. Þegar ég tók í hurðina áttaði ég mig á því að hún var læst. Nú var ég í vondum málum, læst úti á þaksvölunum í hádeginu, flestir í húsinu í mat og mótuneytið er þar að auki á fjórðu hæð. Ég bankaði á svalahurðina, en það var nú lítil von um að einhver heyrði í mér þó að ég bankaði þar því hún er á fundarsalnum og ekki miklar líkur á að einhver ætti leið þar inn í hádeginu. Ég bankaði á gluggana á skrifstofunum við svalirnar en þær voru allar tómar og enginn í auglýn.

Þannig háttar að sýsluskrifstofan er á þriðju hæð í stjórnsýsluhúsinu og þegar ég var búin að banka góða

stund sá ég að sýslufulltrúinn kíkti út um gluggann. Hún hafði þá heyrt eitthvað bank og skildi illa hvaðan það kæmi. Ætlaði hún að koma mér til bjargar en í því kom starfsmaður hjá bænum sem hafði líka orðið var við bankið hjá mér og opnaði fyrir mér. Þá var ég búin að vera drjúga stund læst úti á þaksvölunum.

Eftir þessa reynslu hef ég ekki geymt pappír á hillunni undir glugganum á sama tíma og glugginn er opinn. Og ég hugsa líka að ef ég þyrfti að fara aftur út á svalirnar myndi ég tryggja að dyrnar myndu ekki skella aftur og læsast. Það er því hægt að segja að ævintýrin gerist líka á skattstofunni. Og að maður lærir af reynslunni.

Svo eru það líka þessi spaugilegu atvik sem gerast og létta okkur lífið. Eins og þegar ég tók eitt skiptið á móti póstsendlinum að vetri til þegar hann var að koma til okkar með póst dagsins. Um leið og ég rétti honum póstin frá okkur minntist ég á það við hann hvað hann væri mikið klæddur þennan dag. Hann tekur á móti póstinum og segir: „Takk“ og síðan svarar hann athugasemd minni með því að segja: „Þetta er árstíminn“ og svo fer hann út. Þegar ég sný mér við sé ég framan í samstarfskonu mína sem situr með furðusvip og stamar svo: „sagði hann takk ástin mín?“



*Starfsstöð ríkisskattstjóra á Ísafirði er á fjórðu hæð í stjórnsýsluhúsinu sem sjá má á miðri myndinni.*



# Upplýsingatafla RSK 2014

## Staðgreiðsla opinberra gjalda

### Þrepaskiptur tekjuskattur

Staðgreiðsla skatta er nú reiknuð í þremur þrepum. Útreikningur fyrir mánaðartekjur er sem hér segir:

- Af fyrstu 290.000 kr. .... 37,30%
- Af næstu 494.619 kr. .... 39,74%
- Af fjárhæð umfram 784.619 kr. .... 46,24%

Hér er átt við tekjur eftir að iðgjald í lífeyrissjóð hefur verið dregið frá. Frá reiknuðum skatti dregst persónuafsláttur sem er 50.498 kr.

### Vikulaun

Þegar laun eru greidd vikulega skal reikna staðgreiðslu skatta af launum sem hér segir.

- Af fyrstu 66.740\* kr. .... 37,30%
- Af næstu 113.830 kr. .... 39,74%
- Af launum umfram 180.570\*\* kr. .... 46,24%

Ef laun eru breytileg er heimilt að jafna þeim milli vikna, innan mánaðarins, þannig að staðgreiðsla mánaðarins verði rétt.

\*  $3.480.000/365 \times 7 = 66.740$  \*\*  $9.415.428/365 \times 7 = 180.570$

### Annað

- Staðgreiðsla af vöxtum og arði 2014..... 20%
- Skatthlutfall barna yngri en 16 ára af tekjum umfram 180.000 kr..... 6%
- Skattleysismörk tekjuárið 2014 ..... 1.624.603 kr.

### Persónuafsláttur

- Einn mánuður..... 50.498 kr.
- Hálfur mánuður ..... 25.249 kr.
- 14 dagar..... 23.243 kr.
- Ein vika ..... 11.621 kr.

### Tryggingagjald

- Tryggingagjald, þ.m.t. markaðsgjald ..... 7,59%
- Viðbót v/sjómannna á fiskiskipum ..... 0,65%

### Frádráttur vegna almenns aksturs

Af fyrstu 1.000 km, pr. km: .....	116 kr.
1.000 - 2.000 km: .....	114 kr.
2.000 - 3.000 km: .....	112 kr.
3.000 - 4.000 km: .....	98 kr.
4.000 - 5.000 km: .....	96 kr.
5.000 - 6.000 km: .....	94 kr.
6.000 - 7.000 km: .....	92 kr.

## Virðisaukaskattur

- Almenn skattþrep ..... 25,5%
- Sérstakt skattþrep ..... 7,0%

## Barnabætur

Barnabætur eru tekjutengdar og greiddar út í fjórum greiðslum; 1. febrúar, 1. maí, 1. ágúst og 1. nóvember.

- Hjón/sambúðarfólk
  - með fyrsta barni ..... 167.564 kr.
  - með börnum umfram eitt ..... 199.455 kr.
  - Viðbót v/barna yngri en 7 ára ..... 100.000 kr.
- Einstæðir foreldrar
  - með fyrsta barni ..... 279.087 kr.
  - með börnum umfram eitt ..... 286.288 kr.
  - Viðbót v/barna yngri en 7 ára ..... 100.000 kr.

## Vaxtabætur

Vaxtabætur eru reiknaðar út frá vaxtagjöldum af lánum vegna íbúðarakaupa til eigin nota. Þær eru tekjutengdar og eignatengdar og geta að hámarki orðið:

- Hjá einhleypingi ..... 400.000 kr.
- Hjá einstæðu foreldri ..... 500.000 kr.
- Hjá hjónum og sambúðarfólki ..... 600.000 kr.

## Dagpeningar innanlands,

skv. *auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 3/2013*

Gildir frá 1. 10. 2013

- Fyrir gistingu og fæði í einn sólarhring ..... 22.355 kr.
- Fyrir gistingu í eina nótt ..... 11.555 kr.
- Fyrir fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag..... 10.800 kr.
- Fyrir fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag ..... 5.400 kr.

## Dagpeningar erlendis,

skv. *auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 1/2009*

Gildir frá 1. 3. 2009

		Almennir dagpeningar		Dagpeningar vegna þjálfunar, náms o.fl.	
		Gisting	Annað	Gisting	Annað
■ Flokkur 1	SDR	187	125	120	80
■ Flokkur 2	SDR	159	106	102	67
■ Flokkur 3	SDR	141	94	90	60
■ Flokkur 4	SDR	125	83	80	54

*Reglur um skattmat, útreikning vaxtabóta og barnabóta er að finna á [rsk.is](http://rsk.is)*